



Fornleifaskráning í Akrahreppi Silfrastaðir



Silfrastaðir

Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga

2008/71



© Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2008/71

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Helstu minjaflokkar.....	5
Silfrastaðir.....	9
Ágrip af sögu Silfrastaða.....	9
Náttúrufar og jarðabætur	10
Hjáleigur og aðrar tengdar jarðir.....	13
Fornleifaskrá.....	17
Samantekt	85
Minjar og varðveislugildi	85
Fjöldi fornleifa	85
Fornleifar í landi Silfrastaða	85
Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða henta vel til kynningar	86
Áhugavert til frekari rannsókna.....	86
Niðurlag.....	87
Heimildaskrá.....	88
Fylgiskjöl.....	92

Inngangur

Skráning Silfrastaða er liður í fyrsta áfanga fornleifaskráningar Akrahrepps. Auk Silfrastaða voru að þessu sinni skráðar eftirtaldar jarðir í Akrahreppi: Kúskerpi, Úlfsstaðir, Djúpidalur og Torfmýri.

Að vettvangsvinnu komu Guðmundur Stefán Sigurðarson og Bryndís Zoëga og stóð sú vinna yfir fyrrihluta ágúst mánaðar og nokkra daga í september 2007. Skýrslu- og kortagerð var í höndum Guðmundar, en yfirumsjón með verkinu hafði Guðný Zoëga deildarstjóri Fornleifadeildar Byggingasafns Skagfirðinga.

Þakkir fá Jóhannes Jóhannsson núverandi bóndi á Silfrastöðum og Jón Hallsson fyrrum ábúandi, fyrir veittar upplýsingar.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er augljós hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Þjörgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er hvorki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar né framkvæmdaaðila og þess vegna sameinar fornleifaskráning hagsmuni beggja, fræðigreinarinnar og þeirra sem að framkvæmdum standa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskonunn fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Djúpidalur 146275, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 234 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bærinn í Djúpadal er þá nr. 1 og auðkennt með eftirfarandi hætti: Djúpidalur 146275 – 234 - 1. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyru við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að

¹ Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn: J. Johnsen, 1847.

leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gíslhús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. hesthús eða hlaða.

Lega

Þegar staðsetning minja er þekkt er nákvæm staðsetning þeirra skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru tekin í landshnitakerfinu ISN93. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski.

Ekki er lagt mat á hættuna í þeim tilfellum sem fornleifar finnast ekki við skráningu og staðsetning er mjög ónákvæm eða óþekkt.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamenn við skráningu Djúpadals og Torfmýrar voru Sigurður Hansen í Kringlumýri, sem fæddur er og uppalinn í Djúpadal og Eiríkur Skarphéðinsson sem búið hefur í Djúpadal alla sína ævi og er núverandi eigandi og ábúandi jarðarinnar á móti Sigurði sem á ¼ af jörðinni. Torfmýri á Eiríkur til hálfis við móður sína Elínborgu Guðmundsdóttur.

Saga jarðanna og fornleifar

Í sögukaflanum er stiklað á stóru um landkosti, umbætur og aföll jarðarinnar í gegnum tíðina. Í fornleifaskráningar kaflanum eru upplýsingar um hverja og eina fornleif skráðar ásamt öllum þeim upplýsingum sem hana snerta. Af þessum sökum gætir töluverðra endurtekninga þar sem sömu upplýsingar snerta oft fleira ein eina fornleif.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru yfirleitt mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftedleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjurnar. Elstu kirkjugarðar virðast hafa verið hringlaga en urðu seinna ferhyrindir. Fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur benda til að víðar hafi verið jarðað en ætlað hefur verið, og gefa vísbendingu um að fjöldi kirkna hafi verið meiri á fyrstu öldum kristni í landinu en síðar varð.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfestar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar, eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferhyrmdir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar og stekkir: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur,. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfernaskiðs að farið var að nota færiskvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugar/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smáaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráferur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráferna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina,

en sleppt til ánnu á daginn. Náttugarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurru stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem viðsýnt var.

Heytóftir/heystæði/heykuml/heygarðar: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærri en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri

hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Silfrastaðir

Silfrastaðir eiga land að Bólu að norðvestan og ræður Bóluá merkjum austur að Þvergili sem ræður eftir það merkjum milli sameiginlegs lands Bólu og Uppsala í Þvergilsbotna og þaðan er merkjalínan eftir hæstu toppum Sólheimafjalls norður í Kotabotna. Þarna uppá fjöllum liggja Silfrastaðir að löndum Miðsitju og Víðivalla. Að austan skilur Kotá milli Silfrastaða og Ytri-Kota. Að sunnan Norðurá milli Silfrastaða, Borgargerðis, Egilsár, Flatatungu og Tungukots eftir það Héraðsvötn að suðvestan milli Silfrastaða og lands Flatatungu og Laugardals.

Ágrip af sögu Silfrastaða

Jörðin er í landnámi Þorbrandar örreks, eins og fram kemur í Landnámabók²: „Þorbrandur örrek nam upp frá Bólstaðará Silfrastaðahlíð alla og Norðrárdal allan fyrir norðan ok bjó á Þorbrandsstöðum ok lét þar gera eldhús svá mikit, at allir þeir menn, er þeim megin fóru³, skyldu þar bera klyfjar í gegnum ok vera öllum matr heimill. Við hann er kennd Örreksheiðr upp frá Hökustöðum.“⁴ Bæirnir Þorbrandsstaðir og Hökustaðir eru nú nefndir Ytri- og Fremri-Kot og eru um 8,5 og 11 km frá Silfrastöðum inn í Norðurárdal. Nærtækast er að álykta að Örreksheiður sé það sem í dag er kallað Kotaheiði eða Kotaheiðar og er fyrir ofan bæina samsíða dalnum.⁵

Silfrastaðir eru í þjóðbraut yst í Norðurárdal á leiðinni austur í Eyjafjörð hvort sem farið er yfir Öxnadals- eða Hörgárdalsheiði, hvorttveggja þjóðleiðir til forna. Af þessum sökum koma Silfrastaðir og smábýlin í Norðurárdal víða fyrir í heimildum í tengslum við ferðalög milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Í Ljósvefningasögu sem talin er færð í letur á 12. öld segir frá för Eyjólfssonar á Möðruvöllum til þings að Hegranesi og viðkomu hans á Silfrastöðum (Ljósvefningasaga, bls. 98). Þá koma Silfrastaðir víða fyrir í Sturlungu (t.d. bls. 244 I, 229 II, 124 III og 27 IV.⁶) og er m.a. getið kirkju á staðnum fyrir 1200 (1188) og Flosi Þóroddsson nefndur þar prestur.

Kirkjunnar á Silfrastöðum er getið í mál-daga frá 1318 sem tekin var saman af Auðuni biskupi rauða Þorbergssyni fyrir Hólabiskupsdæmi. Aftur kemur kirkjan fyrir í mál-daga Péturs biskups Nikulássonar frá 1394, en þar segir að kirkjan sé helguð Guði, Jóhannesi skírara og hinum heilaga krossi.⁷ Kirkjan varð síðar annexía frá Miklabæ. Núverandi kirkja er

² *Íslensk Fornrit I - Íslendingabók Landnámabók*. Hið Íslenska Fornritafélag. Reykjavík: Prentstofa G. Benediktssonar. 1986. (Hér eftir *Landnáma I*, blaðsíðutal og innan sviga blaðsíðutal Sturlubókar S og Hauksbókar H ef við á.)

³ Í neðanmálsgrein segir: „um dalinn, b.v. HSk. – Um þjóðbrautarskálann sjá S 72 og 86 [...]“ (*Landnáma I*, bls. 234). Þá segir í neðanmálsgrein: „[...] Þorbrandsstaðir eru nefndir í bréfi frá 15. öld og hafa verið þar sem nú eru Ytri-Kot; Hökustaðir eru nefndir í Sturlungu og í mál-daga frá 14. öld, og eru vafalaust sama jörð og Fremri-Kot. Sjá ÓLárLdnSkag. 112-13. – Nafnið Örreksheiðr (Svo Sk, *Eiríksheiðr* SH) er nú glatað, en á sennilega við Hörgárdalsheiði. Sbr. Árb. Fornl. 1906, 24.“ (*Landnáma I*, bls. 234).

⁴ *Landnáma I*, bls. 234 (S 200, H 168).

⁵ Því hefur að vísu verið haldið fram að átt sé við Hörgárdalsheiði (*Landnáma I*, bls. 234, neðanmálsgrein 6; Brynjúlfur Jónsson (1906), bls. 24.), en það er sérkennileg lýsing að segja hana „ofan“ við bæinn Hökustaði ef sá bær er sá sami og Fremri-Kot eins og almennt er álitid. Í „Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905“ segir Brynjúlfur Jónsson: „Á örnefnið Örreksheiði minna nú engin örnefni, er ég geti upp spurt. En þar getur heldur ekki verið um að villast. Þar er engin –heiði, sem um getur verið að ræða, önnur en Hörgárdalsheiði. Hún liggur frá botni Norðurárdals yfir í botn Hörgárdals. Munu Norðælir í fyrstu hafa nefnt hana Örreksheiði, en Hörgdælir Hörgárdalsheiði og hefir það náð yfirhönd.“ (Brynjúlfur Jónsson (1906). „Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1906. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1907. Bls. 24.)

⁶ *Sturlunga Saga I-IV*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan. 1908-15.

⁷ Í Mál-daga Péturs Nikulássonar frá 1394 segir að vísu að kirkjan sé helguð „Gudi og Johanni Baptistæ. Og hinum heilaga krossi.“ (*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. III 1269-1415*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möllers. 1896. Bls. 519. Hér eftir skammstafað DI III). Þar

reist 1896 af Steingrími Jónssyni. Kirkjusmiður var Þorsteinn Sigurðsson. Timburgrind, klædd að utan með sléttu jární, þiljuð að innan með panel. Bændakirkja fram yfir 1950, síðan safnaðarkirkja.⁸

Um eignarhald á jörðinni segir Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum: „Silfrastaðir voru bænda eign og voru fyrr á öldum í eign og ábúð ýmissa auðbænda og höfðingja; hafa þar jafnan gildir bændur búið. Um 1700 eða fyrr, er jörðin komin í eign utanhéraðsmanna og er þá í leigu ábúð og hélst það alla tíð síðan, þar til 1891 að Steingrímur Jónsson og kona hans Kristín Árnadóttir keyptu jörðina, með Hálfánartungum, Krókárgerði, og kirkjujörðinni Fremri-Kotum [...]. Eigandi jarðarinnar var svo Jóhann sonur þeirra, bóndi og hreppstjóri á Silfrastöðum, en hann seldi Silfrastaði árið 1951, frænda sínum Jóhanni L. Jóhannessyni og konu hans Helgu Kristjánsdóttur [...]“⁹ Frá 1974 til dagsins í dag hefur jörðin verið í eigu Jóhannesar Jóhannssonar.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Silfrastaðaland er mjög víðáttumikið, að stærstum hluta fjallendi. Fjallendið kallast einu nafni Silfrastaðafjall, ótrúlega veðursælt svæði og snjólétt svo að þar tók aldrei fyrir vetrarþétt. Norðvesturhluti landsins, austur frá Héraðsvötnum og suður frá Bóluá, er grónar eyrar og flatir bakkar, land sem mótað er af farvegum Norðurár og Héraðsvatna í aldaraðir. Bærinn stendur utarlega í landareigninni, í hallandi landi og er talsverð brekka upp að bænum. Var þar víða deiglent en er nú framræst og að mestu leyti ræktað land. Eftir að kemur fram fyrir Skeljungshöfða, um 1,5 km fram frá bænum, þrýtur undirlendi að mestu því Norðuráin hefur lagt dalbotninn undir eyrar sínar, allt að fjallsrótum. Þó er neðsti hluti hlíðarinnar vel gróinn og fremst eru Ketilsstaðagrundir fram undir Kotá er mega kallast undirlendi. Ofan þeirra er brött, allvel gróin hlíð, hallaminni þegar ofar dregur, nefnd Ketilsstaðaheiði. Að öðru leyti er sá hluti Silfrastaðafjalls sem séður er frá vegi mjög klettóttur og skriðurunninn, fjölskorinn smágiljum en graslendið neðst er grónir skriðuhryggir og grundir. Ofan brúnanna sem klettabeltið myndar ber Fjallið allt annan svip. Þar er bratti miklu minni en fer þó smáhækkandi í ca. 1000 metra hæð, nánast klettalaust land og nokkuð greiðfært hestum. Skiptast þar á sæmilega grösug drög, stallar og mosavaxnar bungur en víða allgrýtt yfirferðar. Lynggróður er talsverður þar uppi og vallendisgróður af ýmsu tagi og jafnvel mýrlendi nokkurt frammi á svokallaðri Efriheiði.“¹⁰

Í jarðabók¹¹ frá árinu 1686 eru Silfrastaðir metnir á 100 hdr., í afriti þeirrar bókar útgefna árið 1695 hefur því hins vegar verið breytt í 118 hdr.¹² Árið 1713 er heima-jörðin metin á 80 hundruð að meðtöldum eyðihjáleigunum Ausugerði og Ketilsstöðum, þá tilheyra

er einnig meðal kirkjugripa „Jóns líkjneski Baptistæ“, en í báðum tilfellum hlýtur að vera átt við Jóhannes skírara.

⁸ Örnefnaskrá Jóhanns L. Jóhannessonar. *Silfrastaðir*. Örnefnastofnun Íslands. Bls. 4.

⁹ Stefán Jónsson. *Silfrastaðir í Blönduhlíð*. Óbirt handrit: HSk 387, 4to. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. (Hér eftir Stefán Jónsson, HSk 387, 4to)

¹⁰ *Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur*. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007. Bls. 400-401. (Hér eftir *Byggðasaga Skagafjarðar IV*.)

¹¹ Skattur er alltaf tilgreindur í löngu hundraði í jarðabókunum, 1 hdr. er því sama og 120 álnir af heimaspunninni ull (1 al = 114cm = 45“), eða 1 kúgildi, þ.e. verðmæti einnar kýr á aldrinum 4-8 vetra sem borið hefur a.m.k. tvisvar.¹¹ Þetta jafngildir 6 ám með lömbum, 6 vættum eða 240 fiskum. (1hdr. = 120 al. = 1 kúg. = 6 lambær = 6 vættir = 240 fiskar = 5 tonn af kolum).

¹² Slíkar breytingar voru gerðar á 25 jörðum í Skagafirði sem allar voru í einkaeign. Ástæðan er talin sú að jarðir var metnar útfra skattinum sem greiddar voru af þeim í hlutfallinu 20:1. Frá því að fyrri bókin kom út og þar til sú síðari var prentuð, hafði skattbyrði jarða sem voru í einkaeign staðið í stað meðan hún hafði hækkað á leigujörðum, skatturinn var því áætlaður á jarðirnar og jarðamatíð fært upp í hlutfalli við það. (Lárus Björnsson (1967), bls. 254).

jarðirnar Hálfðánartungur og Krákugerði (Krókárgerði) einnig Silfrastöðum, hvor um sig metin á 10 hundruð, alls eru þetta því 100 hdr. Í jarðabókinni frá 1713 segir enn fremur: „Sumarhagar og vetrarhagar merkilega góðir. Útigangur fyrir sauðfje á vetur næsta því óbílendi, nema vofveiflegir áfreðar eður lognsnjór byrgi. [...] Skógur hefur verið á Öxnadalshéiði og er hann nú eyddur, so ekki er eftir nema rifhrís og fjalldrapi; er nú kolgjörð keypt. Torfrista og stunga sæmileg til húsa og heyja. Reiðíng þarf út að kaupa. Silúngsveiðivon lítil í Norðurá. Grasatekja þver mjög. Hvannatekja og rôtargröftur er lítil, brúkast lítt. Vatnsuppgangur grandar túninu, kirkjunni og kirkjugarðinum stórlega, en Norðurá enginu. Vatnsból bregst um vetur og er því langt og ilt til að sækja. Högunum spilla skriður stórlega.“¹³ Þrátt fyrir þetta sést af matinu að jörðin hefur verið langt yfir meðallagi á landsmælikvarða, en meðaljörðin er á þessum tíma metin á um 20 hdr.¹⁴ Árið 1847 metur Jón Johnsen jörðina hinsvegar aðeins á 40 hundruð.¹⁵ En aðeins 14 árum síðar eða árið 1861 hefur jörðin aftur hækkað í mati og er talin með Hálfðánartungum á 69,8 hundruð, þar af heimajörðin 64,8 hdr.¹⁶

Skýringa á þessari sveiflu er sumpart að finna í forsendunum sem gengið er út frá við mat jarðanna. Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku saman jarðabók sína snemma á 18. öld áttu þeir að útbúa nýtt kerfi fyrir mat jarða en vannst ekki tími til, þeir notuðust því við gamla jarðamatið frá miðöldum. Ekki er ljóst á hverju matið hefur byggst og enda hefur það verið umdeilt síðan á 17. öld og Árni og Páll gátu ekki frekar en aðrir útskýrt upphaf kerfisins.¹⁷ Ein kenning er að matið hafi upphaflega byggst á því hve margar skepnur hægt var að fódra jörðunum, og má vera að svo hafi verið þegar byrjað var að nota kerfið á 11. öld. Rannsóknir á jarðamati eftir 1600 sýna hins vegar ljóslega að það geti ekki útskýrt muninn á mati jarða nema að litlu leyti.¹⁸ Gísli Gunnarsson prófessor við Háskóla Íslands telur líklegast að „jarðaeigendur hafi á 11. öld samið sín á milli hvaða mat skyldi þá vera á hverri jörð. Forsendur þessa mats hafa alls ekki þurft að vera hagrænar að öllu leyti. Þessi ákvörðun um jarðamat hélst síðan að mestu óbreytt í meira en 800 ár. Þegar breytingar voru nauðsynlegar vegna þess að jörðum var skipt (eða þær sameinaðar) eða vegna breyttra atvinnuhátta, og þá einkum aukinna fiskveiða eftir 1200/1300, var reynt að halda breytingum í lágmarki. Jafnvel í nýja jarðamatinu 1922 var reynt að breyta sem minnst innbyrðis verðmætishlutföllum jarða og ef slíkt var gert, var skammt í mótmæli bænda. Þeir vildu hafa jarðir sínar metnar sem lægst til að þurfa að greiða sem minnst í skatt; samanburður við nágrannann var reglan og breytingar á innbyrðis hlutföllum því illa séðar.“¹⁹ Á árunum 1848-1861 var hins vega gerð tilraun til að samræma matið yfir landið í heild en án árangurs, það gæti skýrt af hverju Silfrastaðir fara úr 100 hdr. niður í 40 hdr. í jarðabók Johnsen 1847 en svo aftur upp í 64,8 hdr. árið 1861, frekar en að meiriháttar breytingar hafi orðið á gæðum jarðarinnar sem slíkrar.

Árið 1849 var túnið „hérumbil 18 dagsláttur, mestpart þýft, bratt og örðugt til aðvinnslu, meiri part deiglent, allvel ræktað og grasgefið. Fóðrar að jafnaði 6 kýr. Engjar eru víðslægar, meiripart þýfðar og sumpart votlendar, í meðallagi grasgefnar og liggja nærri.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930. Bls.150-154. Hér eftir JÁM IX.

¹⁴ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“ *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

¹⁵ J. Johnsen (1847) *Jarðatal á Íslandi – Með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðarfötum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier. Bls. 266.

¹⁶ *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Kaupmannahöfn: J.H. Schulz's prentsmiðja. 1861. Bls. 104.

¹⁷ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“ *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

¹⁸ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“ *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

¹⁹ Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“ *Vísindavefurinn* 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256>. (Skoðað 28.10.2007).

Sumarhagi með selstöðu rétt góður en landlétt heima við. Sökum þess að jörðin er í besta lagi landrúm og sérdeilis veðursæl er þar einhver besta útbeitt á vetrardag en þó á þeim landsparti sem lengst liggur frá bænum og má því örðugt heita. Torfrista til heimilisþarfa. Á heima-jörðinni má til jafnaðar framfæra 6 kýr, 68 ær, 144 sauði og 50 lömb, er samsvarar 32 hundruðum.²⁰

Árið 1896 er afréttin, ásamt Hálfánartungum og Krókárgerði seld undan jörðinni eins og fram hefur komið, en Ausugerði og Ketilsstaðir tilheyra jörðinni enn í dag. Árið 1922 er fasteignamat Silfrastaða 171 hundruð krónur með byggingum²¹, 165 hundruð kr. árið 1932²², en árið 1942 á 162 hundruð kr.²³ Í handbók um hlunnindajarðir á Íslandi frá 1982 eru upp talin lax og silungsveiði auk jarðhita sem hlunnindi á Silfrastöðum.²⁴ Túnið á Silfrastöðum var 6 hektarar frá því um 1850-1900, smá stækkaði upp í 8 ha um 1940 en með vélvæðingunni var það stækkað ört á næstu tveim áratugum og komið í 26 ha. um 1960, en 35 ha. árið 1980.

Samkvæmt fasteignamati ríkisins eru í dag 37.4 ha. ræktaðs lands á Silfrastöðum. Landið er alls um 2990 ha. og um 45% telst vel gróið.²⁵ Til hlunninda eru talin lax og silungsveiði.²⁶

Bæjarnafnið

Um bæjarnafnið segir Margeir Jónsson: „Þetta bæjarnafn hefir geymst óbreytt með öllu, frá upprunastund þess, líklega fyrir nál. 1000 árum síðan. Elzta heimild um nafnið er að líkindum í Landnámu. Þar segir svo: „Þorbrandr örrekr nam land upp frá Bólstaðará, *Silfrastaðahlíð* alla“ (Landnáma, bls. 142). Og frá Tungu-Kára „eru Silfrstæðingar komnir“, segir landnáma áður (s. st.). Ljósveitningasaga, sem talin er færð í letur á 12. Öld, getur þess, að Eyjólfur Guðmundsson á Möðruvöllum riði með flokk sinn „á Silfrastaði“, í þingför sinni, er hann deildi við Þorvarð Höskuldsson (Ljósveitningasaga, bls. 98). Þá kemur og nafnið víða fyrir í Sturlungu (t.d. bls. 244, I. 229 II. 124 III. Og 27 IV.) og er þá ávalt ritað eins: Silfrastaðir. Enda er Sturlunga mjög áreiðanleg um bæjanöfn, sem flest önnur atriði í frásögninni. Geta má þess, að í Máldögum fyrir Hólabiskupsdæmi frá tíð Auðunar biskups rauða Þorbergssonar, og geta verið frá árinu 1318 (Dipl. Ísl. II., bls. 423), er nafnið dálítið bjagað: Sýlfrastada-kýrckja (s. st., 462), er bendir helzt á, að ritarinn hafi verið útlendur maður (biskupsskrifari?). Sama máli gegnir um ranghermið „Sýlfreksstaði“, er kemur fyrir í utanstefningarbrjefi Magnúsar konungs Eiríkssonar, árfært 1350 (Dipl. Ísl. II., bls. 856). Þessar aflagnir eiga því ekkert skylt við almennan og innlendan framburð á nafninu, sem finst hreint og óbreytt í ótal skjölum frá ýmsum öldum. Um þetta atriði eru því engin tvímæli. Aftur er merking nafnsins óvissari. En sterkar líkur eru þó fyrir því, að bærinn dragi nafn af viðurnefninu: Silfri.“²⁷ Auk þeirra rithátta sem Margeir telur upp hér segir í jarðabók Árna

²⁰ Jarðamat 1849 nr. 226, tilvitnun í *Byggðasögu IV*, bls. 403.

²¹ *Fasteignabók – Löggilt af Stjórnarráði Íslands samkv. Lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922.* Reykjavík: Prentsmiðjan Acta. 1921. Bls. 124.

²² *Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. Lögum nr. 41. 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932.* Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1932. Bls. 71.

²³ *Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3. 6. jan. 1938.* Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1942-1944. Bls. 34.

²⁴ Lárus Ág. Gíslason (1982). *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi.* Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur hf. bls. 159.

²⁵ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 401.

²⁶ Vefur Fasteignamats Ríkisins www.fmr.is

<http://www.fmr.is/?pageid=313&heiti=1055658&landnr=146332&streetname=Silfrasta%C3%B0ir&sveitarfelag=Akrahreppur> (skoðað 24. október 2007).

²⁷ Margeir Jónsson (1921). *Torskilin Bæjanöfn í Skagafjarðarsýslu.* Akureyri: Prentsmiðja Odds Björnssonar.

Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 „Silfrastader, kallast nú nýlega af sumum Silfrunarstader.“²⁸ Þórhallur Vilmundarson prófessor hefur hins vegar leitt rök að því að Norðurá hafi í öndverðu heitið Silfra eða Silfr og bærinn í Silfru- eða Silfrarstaðir eftir henni.²⁹

Hjáleigur og aðrar tengdar jarðir

Silfrastaðir voru jafnan í eigu stórbænda og auðmanna og voru þeir oft eigendur annarra jarða í nágrenninu á sama tíma. Þetta hefur óhjákvæmilega haft áhrif á búshætti og landnyt viðkomandi jarða og þar með sögu byggðar í Norðurárdal og suðurhluta Blönduhlíðar. Sumar jarðanna hafa verið í leiguábúð til lengri eða skemmri tíma og aðrar e.t.v. lagðar í eyði til að þjóna hagsmunum stórbýlisins, s.s. vegna upprekstrar eða selstöðu.³⁰ Þá hefur eignarhald einnig breyst með árunna rás eins og gefur að skilja. Hér verður ekki gerð tilraun til að draga saman heildstæða mynd af þessari þróun en látið nægja að greina stuttlega frá þeim jörðum sem í hlut eiga og tengslum þeirra við Silfrastaði.

Ausugerði

Um býlið segir í Jarðabók frá 1713: „Ausugierde hefur hjer verið hjáleiga skamt frá túninu; munnmæli eru að það hafi að fornu verið kallað Uppsvalir. Hún hefur í auðn verið yfir 40 ár. Ekki vita menn hvað landskuld var eður leigukúgildi. Það vita menn, að engin var grasnautn önnur en sú, sem heimabóndinn miðlaði. Túnstæði og engjar er hvorutveggja spilt af skriðum og vatni. Skyldi hjer aftur byggja, þá rýrir það heimajörðina.“ (JÁM IX, bls. 151).

Í hnotskurn: Upphaf búsetu óþekkt en staðurinn farinn í eyði um 1670. Hjáleiga á heimajörð Silfrastaða, tún aðskilið en óvíst með engjar og haga.

Skeljungsskáli

Í Sturlungu er talað um Skeljungsskála sem gæti bent til að býlis og er líklegast að það sé þar sem nú heitir Skeljungshöfði og gætu einhverjar þeirra tófta sem þar eru sem best verið leifar þess. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í Sturlungu er sagt frá herhlaupi Eyjólfs Þorsteinssonar norðan úr Eyjafirði haustið 1253. Stansaði hann á Hökustöðum (Fremri-Kotum) með liði sínu og setti menn til gæslu, að þaðan bærisk ekki njósn. „Og er þeir komu til Skeljungsskála segir Eyjólfr öllu liðinu að hann ætlar að stefna öllu liðinu til Flugumýrar og sækja Gissur og sonu hans annað hvort með vopnum eða með eldi ef eigi fengju þeir öðruvísi sótt.“ / Ekki verður af þessari frásögn ráðið hvort Skeljungsskáli er á þessum tíma bær eða einungis hús eða e.t.v. bara húsatóftir. En vart er öðrum stað til að dreifa en Skeljungshöfða [...]“³¹

Í hnotskurn: Hugsanlegt býli á 13. öld. Á heimajörð Silfrastaða. Síðar stekkur frá Silfrastöðum.

²⁸ JÁM IX, bls. 150.

²⁹ Sbr. Byggðasaga Skagafjarðar IV. Bls. 401.

³⁰ Sbr. Orri Vésteinsson (2000). *Fornleifakönnun - Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Bls. 6.

³¹ Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 415.

Bessakot

Í jarðabók Árna og Páls frá 1713 segir: „Bessakot heitir hjer í fjárhögum, þar sem nú eru fjárhúsin, þar sjást girðingar og bygðamerki, sýnir nafnið. Enginn minnst þar hafa búið verið, og ekki má hjer aftur byggja nema jörðunni til rýrðar.“³² Af þessu má ætla að búseta á Bessakoti hafi verið lögst af löngu fyrir 1713 hugsanlega heilli öld eða meira. Á Bessakoti voru beitarhús árið 1713 og allt fram á seinni hluta 20. aldar, síðasta útihúsið sem þar var í notkun var braggi á járngrind sem tekin var niður laust eftir 1990 og fluttur að Djúpadal í Blönduhlíð. 20. öld hefur það verið málvenja ábúenda Silfrastaða að kalla staðinn Selið, engar beinar heimildir eru um sel á staðnum, en mikið af örnefnum með forliðnum Sel- í nágrenninu. Hugsanlega er sel-nafnið tilkomið sem alþýðuskýring á byggingaleifum á staðnum, þótt ekki verði útilokað að þar hafi verið sel á einhverjum tíma.

Í hnotskurn: Upphaf búsetu óþekkt en líklega farið í eyði um 1600 eða fyrr. Á heimajörð Silfrastaða, tún og engjar aðskildar óvíst með haga. Beitarhús frá Silfrastöðum a.m.k. frá því um 1700 og fram á seinni hluta 20. aldar, hugsanlega sel einhvern tíma í millitíðinni.

Ketilsstaðir

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 er getið eyðibýlis í landi Silfrastaða nefnt Ketilsstaðir og það sagt byggt úr auðn fyrir um 40 árum en farið í eyði aftur fyrir um 20 árum. Þá segir þar: „[...] er hjer örvænt aftur að byggja, því túnstæðið er af skriðum eyðilagt.“³³ Í Fitjaannál segir: „Skriða hljóp á hjáleigu hjá Silfrastöðum, tók mikinn hluta túns og þrjú börn, en kona komst lerkuð undan.“ (Ann. 1400-1800 II, bls. 284, Lbs. 468 fol. Bætir við „með eitt“). Eyrarannál segir líkt frá, en hjáleigan er þar nefnd Miklibær, sem líklega er misskilningur. Þá segir hann, að skriðan hafi tekið bæinn og fólkið að næturlagi.³⁴ Espólín getur þessa atburðar einnig, en bætir engu við frásögn Fitjaannáls. (Ann. 1400-1800 III, bls. 362).

Í hnotskurn: Byggt og farið í eyði fyrir 1670, þá byggt upp aftur og í byggð til u.þ.b. 1690. Tún og engjar aðskildar, óvíst með haga.

Hökustaðir / Fremri-Kot

Hökustaðir eru í landnámi Þorbrands Örreks eins og Silfrastaðir. Auk Landnámu er Hökustaða getið í Sturlungu og í fornbréfi frá 14. öld. En þáverandi eigandi Silfrastaða gefur kirkjunni jörðina Hökustaði árið 1394.³⁵ Jörðin kemur ekki fyrir í heimildum eftir siðaskipti en á 17. öld eru í dalnum jörðin Fremri-Kot sem talin er sama jörð. Hökustaðir virðast hafa lagst í eyði, hugsanlega eftir pláguna síðari 1494, kotanafnið fest við eyðibýlið og haldist eftir að byggt var upp á ný.³⁶ Breyting nafnsins bendir til að býlið hafi verið allengi í auðn, hugsanlega heila öld eða lengur.³⁷ Eins og Orri Vésteinsson bendir á má vel hugsa sér að hagsmunir stórbýla við mynni Norðurárdals, s.s. Silfrastaða og Flatatungu, hafi haft áhrif á

³² JÁM IX. Bls 152.

³³ JÁM IX. Bls 152.

³⁴ Annálar 1400-1800 - Annales Islandici posteriorum sæculorum. III. Reykjavík : Hið íslenska bókmenntafélag, 1922-1987. Bls. 359. (Hér eftir Ann. 1400-1800).

³⁵ DI III, bls. 519. Sigurður bóndi á Silfrastöðum gefur kirkjunni „jörð ä Hokustodum og Bok sæmiliga.“

³⁶ Sbr. Orri Vésteinsson (2000). *Fornleifakönnun - Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Bls. 6.

³⁷ Sbr. Orri Vésteinsson (2000). *Fornleifakönnun - Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Bls. 6.

byggðina fram í dalnum, t.d. með því að leggja býli í auðn til að nýta landið sem afrétt og fyrir selfarir.³⁸

Í hnotskurn: Sama jörð og Fremri-Kot. Er til á 12. öld, hugsanlega í byggð frá 10. öld, í eyði frá því um 1600 eða fyrr. Sami staður í byggð á 17. öld þá með nýju nafni, Fremri-Kot. Í eigu Silfrastaðakirkju frá 14. öld fram til 1937.³⁹ Enn í byggð.

Þorbrandsstaðir / Neðri- kot / Ytri-Kot

Landnámsbær Þorbrands Örreks. Auk landnámu koma Þorbrandsstaðir fyrir í Sturlungu og í fornbréfi frá 15. öld.⁴⁰ Eins og með Hökustaði kemur jörðin kemur ekki fyrir í heimildum eftir siðaskipti en á 17. öld eru í dalnum jörðin Ytri-Kot sem talin er sama jörð. Virðast hafa lagst í eyði eins og Hökustaðir, hugsanlega eftir pláguna síðari 1494, kotanafnið fest við eyðibýlið og haldist eftir að byggt var upp á ný.⁴¹

Í hnotskurn: Landnámsbær, í eyði frá því um 1600 eða fyrr. Sami staður í byggð á 17. öld þá með nýju nafni, Ytri-Kot. Sami eigandi er að Silfrastöðum og Ytri-Kotum á seinni hluta 19. aldar.⁴² Jörðin fer aftur í eyði árið 1954. Í dag er jörðin nýtt frá Fremri-Kotum.

Borgargerði

„Býli með nafnendingunni –gerði eru tíðast ekki eldri en frá 16. Öld.“⁴³ Árið 1560 eignaðist Hallóttu Þorleifsdóttir Silfrastaði af erfðum en hálf jörðin var að vísu dæmd af henni níu árum síðar, hún bjó á Silfrastöðum með manni sínum Brandi Ormssyni a.m.k. fram til 1580. En það ár seldu þau Gunnari Gíslasyni á Víðivöllum hálfa jörðina og Borgargerði. Borgargerðis er getið í jarðabókinni 1686, en jörðin fór í eyði um miðja 20. öld.

Í hnotskurn: Líklega ekki eldri en frá 16. öld, í eyði síðan um miðja 20. öld. Sömu eigendur og að Silfrastöðum á seinni hluta 16. aldar.

Krákugerði/Krókárgerði

Krókárgerðis er fyrst getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713, þar nefnt Krákugerði. „Býli með nafnendingunni –gerði eru tíðast ekki eldri en frá 16. öld.“⁴⁴ Hvort

³⁸ Sbr. Orri Vésteinsson (2000). *Fornleifakönnun - Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Bls. 6.

³⁹ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*. Bls. 427.

⁴⁰ Í bréfi dags. 29. janúar 1444 á Möðruvöllum. „Þorðvarðr bóndi Loptsson selr Birni bónda Þorleifssyni jörðina Reykjarhól í Fljótum fyrir jarðirnar Egilsá og Þorbrandsstaði í Norðurárdal í Silfrastaðapingum.“ DI IV, bls. 649.

⁴¹ Sbr. Orri Vésteinsson (2000). *Fornleifakönnun - Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Bls. 6.

⁴² „Lárus Thorarensen, síðar sýslumaður Skagfirðinga 1825-1853 og bóndi í Enni á Höfðaströnd, átti Silfrastaði alla og **Ytri-Kot**. Dóttir hans Maren átti Silfrastaði til 1891 er hún seldi hana með Hálfánartungum og Krókárgerði, ásamt kirkjueigninni Fremri-Kotum og rekaítaki á Skaga, Steingrími Jónssyni ábúanda á Silfrastöðum.“ (*Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 403).

⁴³ Sbr. Orri Vésteinsson (2000). *Fornleifakönnun - Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Bls. 7.

⁴⁴ Sbr. Orri Vésteinsson (2000). *Fornleifakönnun - Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Bls. 7.

eldra býli með öðru nafni hafi verið á sama stað er óvíst, en engar heimildir eru um það. Krókárgerði hafði land Hálfánartungna undir sig og var að fornu metin á 20 hundruð, en 10 hndr. eftir að Hálfánartungur byggðust. Árið 1895 voru jarðirnar⁴⁵ Hálfánartungur og Krókárgerði seldar ásamt landi Silfrastaða á Hörgárdals- og Öxnadalsheiði, upprekstrarfélagi Akrahrepps. Krókárgerði var í byggð fram til 1898. Þar var gististaður gangnamanna meðan bærinn var í byggð en eftir að húsin voru orðin ónothæf var gist þar í tjöldum einhver ár þar til gangakofi var byggður í Hálfánartungum 1922.

Í hnotskurn: Líklega ekki eldra en frá 16. öld, fór í eyði 1898. Í eign eiganda Silfrastaða til 1895. Gangnamenn gistu í bænum fram undir aldamótin 1900 en eftir það í tjöldum til 1922.

Grund eða Þverá

Í Byggðasögu Skagafjarðar kemur fram að austarlega á Öxnadalsheiði, nokkur hundruð metrum áður en komið er að Grjótá eru tóftir fornbylis, skammt ofan við gamla veginn, upp við brekkurætur. „Sjáanlegur er um 60-80 metra langur vallargarður. [...] Undir garðinum er ótvíræð húsatóft, 10 metra löng en mjó (65°28'186/18°45'750). Hér er hæð yfir sjávarmáli 480 m. þar með er þetta það býli í Skagafirði sem stendur langhæst yfir sjávarmáli. Vatnsgóðir lækir renna niður sitt hvoru megin við meintan bæjarhól og rúmlega 10 m utan fyrrgreinds staðar er smáhóll sem virðist geyma mannvirki í jörðu“.⁴⁶ Árið 2005 var gerð fornleifakönnun á staðnum og m.a. fyrstnefndu tóftina „Þar kom fram torfveggur sem virðist byggður eftir árið 1000 en ekki reyndist unnt að ákvarða aldur hans nánar þar sem hvorki fundust merki um Heglugjósku frá 1104, né heldur frá 1300. Neðst í grasrót kom fram dökkt gjóskulag, e.t.v. frá Heklu 1766, en undir því var um 30 cm jarðvegslag niður að torfvegg“.⁴⁷ Þetta er á svæði sem var áður hluti af landareign Silfrastaða til ársins 1895, þegar Steingrímur Jónsson bóndi á Silfrastöðum seldi það upprekstrarfélagi Akrahrepps.

Í hnotskurn: Býli á Öxnadalsheiði byggt einhvern tíma eftir 1000 og líklega löngu fyrir 1766. Á landsvæði sem var hluti af landareign Silfrastaða fram til 1895.

Hálfánartungur

Í Hálfánartungum hefur verið byggð fram á 13. öld að minnsta kosti en býlið var löngu farið í eyði er jarðabókin var tekin saman 1713. Á þeim tíma hafði Krókárgerði afnot af landi Hálfánartungna en báðar tilheyrðu jarðirnar Silfrastöðum. Hálfánartungur voru eftir það í byggð nokkra áratugi í senn, frá því um 1750 en voru komnar í eyði fyrir 1780 síðast var búið þar frá árinu 1813 til 1876. Krókárgerði var hins vegar í óslitinni byggð allt til 1898. En þá hafði Silfrastaðabóndi nýverið selt afréttinn upprekstrarfélagi Akrahrepps, með Krókárgerði og Hálfánartungum. Frá fornu fari höfðu gangnamenn gistingu þessum fremstu bæjum Silfrastaðaafréttar. En eftir að jarðirnar fóru í eyði fluttist gististaður gangnamanna á næstu bæi í byggð, Fremri-, Ytri-kot og Borgargerði. Vorið 1922 var byggður gangnamannakofi á Hálfánartungum. En nokkur ár fyrir það höfðu flestir gangnamenn gist í tjöldum, lengst af í

⁴⁵ Í *Jarða- og búendatali* segir að vísu að Silfrastaðaafrétt hafi árið 1895 verið seld ásamt „[...] eyðijörðunum Hálfánartungum og Krókárgerði“ en á sama stað segir að Krókárgerði hafi verið í byggð þrem árum lengur eða til 1898 (*Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958. Ásamt skrá yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958*. III bindi. [Án útgáfust.]: Skagfirsk fræði XI. 1949-1959. Bls. 28, 31.) Í óbirtu handriti Stefáns Jónssonar á Höskuldssstöðum eru jarðirnar sömuleiðis nefndar eyðijarðir, en salan sögð hafa átt sér stað árið 1896 (Stefán Jónsson. *Silfrastaðir í Blönduhlíð*. Óbirt handrit: HSk 387, 4to. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.).

⁴⁶ Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 418.

⁴⁷ Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 418.

Krókárgerði. Gangnakofinn í Hálfðánartungum var reistur á gömlu bæjarrústunum, hlaðinn úr torfi og grjóti, með torfpaki og gat rúmað 16 menn og hesta þeirra (annarsstaðar sagt 25 manns).⁴⁸ Um 1950 er talað um skýli á staðnum og kofinn að því er virðist orðinn hrörlegur.⁴⁹

Í hnotskurn: Í byggð fyrir 1200, farið í eyði löngu fyrir 1713. Í byggð aftur frá ca. 1750 farið í eyði aftur fyrir 1780. Í byggð 1813-1876. Í eign eiganda Silfrastaða um tíma á 12. öld⁵⁰ og aftur a.m.k. á 17. til loka 19. aldar. Gangnakofi á staðnum frá 1922 fram yfir miðja 20. öld.⁵¹

Fornleifaskrá



Mynd 1, gamli bærinn og kirkjan á Silfrastöðum, á fyrri hluta 20. aldar. (Mynd úr, Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1987.)

⁴⁸ *Göngur og réttir II. Húna-, Hegranes- og Vaðlaþing.* Bókaútgáfan Norðri. Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar hf. 1949. Bls. 286. (Hér eftir *Göngur og réttir II.*)

⁴⁹ *Göngur og réttir II.* Bls. 281.

⁵⁰ Guðmundur dýri lét jarðirnar Hálfðánartungur og Uppsali ásamt lausafé og gjöfum í bætur fyrir víg Hrafns Brandssonar. En Guðmundi var gert að greiða Erlendi bróður hans 15 hundruð og „þriggja alna aura“ í bætur. (*Sturlunga Saga I.* Reykjavík: Félagsprentsmiðjan. 1908. Bls. 244).

⁵¹ *Göngur og réttir II*, bls. 281.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 1

Sérheiti: Gamlibær

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: A 491669 N 549166

Ástand: Búið að slétta að hluta og breyta í garð.

Hættumat: Nokkur hættu. Að öllum líkindum hefur bærinn á Silfrastöðum staðið á svipuðum slóðum í aldaraðir, allt rask á þessum slóðum er því líklegt til að valda skaða á fornleifum, þrátt fyrir að ekki sjáist mikið á yfirborði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Gamlibær [...] stóð neðanvert [suðvestan] við núverandi íbúðarhús.“ (JLJ, bls. 1)

Lýsing:

Engar eiginlegar tóftir eru sýnilegar af gamla bænum, en það sér móta fyrir hleðslugrjóti í garðinum suðvestan við núverandi íbúðarhús og þar eru einnig leifar skorsteins sem var í húsinu (A 491672 N 549174). Bærinn stóð um 2 m frá íbúðarhúsinu núverandi og náði fram á planið sem nú er norðan við kirkjuna og suður að kirkjunni um 3m frá norðausturhorni hennar.

Aðrar upplýsingar:

Um gamla bæinn á Silfrastöðum segir Jóhann L. Jóhannesson:

„**Gamlibær** (eins og ég man hann ca. 1925): Bærinn var byggður úr timbri, torfi og grjóti, allstór, eftir því sem þá gerðist, og stóð neðanvert við núverandi íbúðarhús. Framhliðin sneri til suðvesturs, nyrzt 2 burstir, en síðan tók við þil á langhúsi, sem sneri frá n.v. til s.a.

Rúmgóðar bæjardyr voru á norðurenda á þessu langhúsi og úr þeim dyr til suðurs inn í stóran skála, þar sem geymd voru matvæli, svo sem saltað kjöt, kornmatur o.fl., smíðatól og verkfæri ýmiss konar, reiðtygi með meiru. Þarna voru m.a. 5-6 stórar kistur.

Í risi yfir bæjardyrum og skála var nokkurn veginn manngengt loft, sem notað var til geymslu á ýmsu, m.a. voru þar kistur með kaffibrauði, kaffi, sykri o. fl. auk margs annars.

Syðst á loftinu var afþiljað smáherbergi með 2 rúmum, einkum notað fyrir gesti.

Til norðurs úr bæjardyrum voru dyr inn í stofu. Þar var lokrekkja og annað laust rúm, alllangt borð, sófi og eitthvað af bekkjum. Þar drukku kirkjugestir oft kaffi, enda var stofan einkum ætluð gestum, svo sem landpóstum o. fl., sem oft gistu á Silfrastöðum, meðan hesturinn var aðalsamgöngutækið. Yfir stofu var loft, sem mest var notað til geymslu, en kann að hafa verið notað til íveru áður fyrr.

Í nyrðri burstinni var svo skemma með dyrum fram á hlaðið, notuð til geymslu á ýmsu, svo sem reiðingum, reipum, amboðum og fl. Milli skemmu og kirkjugarðs var hestarétt, sem nú hefir verið aukið við kirkjugarðinn, sem var löngu útgrafinn, enda ekki vitað um annað kirkjugarðsstæði á jörðinni.

Beint inn úr bæjardyrum lágu svo alllög göng, innst með 3-4 tröppum (því að bæjarstæðið var á smábrekku), og við enda þeirra var skellihurð. Til hægri var svo önnur skellihurð og þaðan smágöng til s.a. Úr þeim var til hægri gengið inn í svokallað maskínuhús. Þar var eldavel heimilisins, eldhúsahöld, eitthvað af leirtauí o. fl. Gegnt maskínuhúsi var

brunnhús. Þar var töluvert djúpur brunnur með dælu, var vatn þaðan oft haft til heimilisnota, en einnig sótt í bæjarlækin.

Inn úr þessum göngum voru svo dyr inn í baðstofuna, sem lá frá n.a.-s.v. Hún var þannig til komin, að þegar núverandi kirkja var byggð 1896, þá var gamla kirkjan, sem áður stóð úti í kirkjugarði, flutt og gerð að baðstofuhúsi. Í suðausturenda hennar var þó þiljað af sæmilega rúmgott herbergi (þar voru m.a. 2 rúm), og yfir báðum endum voru þiljuð af 2 herbergi, sitt í hvorum, með brú á milli. 2 rúm voru í vesturherberginu, en 2-3 í því austara. Í baðstofunni voru 7 rúm. Lágt þil var á suðausturhlið með gluggum. Inn af vesturenda baðstofu var upp úr 1920 byggt viðbótarherbergi með glugga fram að kirkjunni. Var það nokkru lægra og tröppur niður í það. Upp úr þessari gömlu baðstofu var svo Árbæjarkirkja í Reykjavík byggð milli 1950 og 1960.

Þegar komið var inn fyrir skellihurð í fremri göngum, var opið til vinstri inn í stórt hlóðaeldhús. Þar voru tvær hlóðir, þar sem þvegin var þvottur, soðið slátur, bakað pottbrauð og flatbrauð, reykt kjöt og silungur, safnað keytu, geymd skinn o.fl..

Til austurs var gengið inn í eldiviðarkofa. Inn í hann var sturtað sauðataði um gat á þaki.

Til vesturs úr eldhúsinu voru dyr inn í búið, þar sem mjólkurmatur var unninn, svo og ýmis annar matur geymdur og matarleifar, einnig allmikið af leirtau.

Norður úr aðalbúrinu var svo annað búr fyrir súrmat af ýmsu tagi, og voru þar 10-12 full olíuföt með súrmat og skyr að haustinu, ef haft var í kvíum.

Áfastur við austurenda baðstofunnar var dálítill geymslukofi með dyrum til austurs. Þar voru m.a. geymdir kláfar og hrip.“ (JLJ, bls. 1-3).

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Jóhann Lárus Jóhannesson (uppkast).

Silfrastaðir 146332 - 228 - 2

Sérheiti: Silfrastaðakirkja

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491644 N 549189

Ástand: Horfin.

Hættumat: Mikil hættu. Þar sem garðurinn er enn í notkun má búast við að reglulega sé farið í gegnum eldri grafir og jafnvel hleðslur. Ef rekist er á hleðslur er nauðsynlegt að láta minjayfirvöld vita, en það gæti varpað ljósi á afstöðu og útlit eldri kirkna og kirkjugarða á staðnum, sem og mögulega annarra eldri bygginga.



Mynd 2, í kirkjugarðinum á Silfrastöðum, horft yfir meint stæði gömlu kirkjunnar. Ljós. GSS.

Staðhættir:

Samkvæmt Jóhanni Jóhannssyni stóð kirkjan norðan við miðju í núverandi kirkjugarði.

Lýsing:

Þarna er svolítill upphækkaður flötur og búið að gróðursetja í hann tré fyrir mörgum árum. Leiði eru fast upp við staðinn að norðan og vestan.

Aðrar upplýsingar:

Á Silfrastöðum var reist torfkirkja árið 1842, hún vék svo fyrir núverandi kirkju árið 1896, og voru viðir hennar notaðir til að smíða baðstofu. Baðstofan var tekin niður árið 1959 og viðirnir fluttir á Árbæjarsafn þar sem kirkjan var endurreist í sinni upprunalegu mynd. Auk viðanna er upprunalegi predikunarstóllinn nú í kirkjunni og hún til sýnis á Árbæjarsafni. (sbr. heimasíða Minjasafns Reykjavíkur). Kirkjugarðshlið var beint vestur af kirkjunni, samkvæmt Jóhannesi Jóhannssyni bónda á Silfrastöðum. Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Núverandi kirkja er reist 1896 af Steingrími Jónssyni. Kirkjusmiður var Þorst[einn] Sig[urðsson]. Timburgrind, klædd að utan með sléttu járn, þiljuð að innan með panel. Bændakirkja fram yfir 1950, síðan safnaðarkirkja.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3) Kirkjan á Silfrastöðum var annexía frá Miklabæ, helguð Guði, Jóhannesi skírara og hinum heilaga krossi. (Stefán Jónsson, HSk 387, 4to.). Fyrstu heimildir um kirkju á Silfrastöðum eru í Sturlungu, en þar kemur fram að þar sé kirkja skömmu fyrir 1200. Þá eru eignir kirkjunnar taldar máldögum frá 1318 og 1394. Í máldaga Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318 segir: „Sýlffrastada kýrckia. / Kyrkia ä sylfrastodum a Reka a skaga frá LåtraTanga og til hamars j sandvijk allt þat er tekur. / ccc. Cöru oc vid nockurn. / J skruda. messuklædi. iij. ad aullu. kapa af pelli. yfersloppur. alltarisklædi. iij kaleika. ij. Glerglugg. skrijn. Tabulam. kross. oc likneski vnder annan kross. Jons lijkneski Baptistæ. mariuskriptt. Bjarnfelli. kluck[u]r. v. merki. ij. kýrckiukola. Elldberi. glodarkier. krak. abreydsl. Tiolld vm alla kyrkiu. munnlaug. skridlios. vatnkietill. / þar skal prestr vera. tekur hann heima j leigu. iiij. merkr. vtan gardz. xvij. aura. af vj. bæium heýtollur oc liostollur Aspiciens Bok tekur til j aduent oc framm vm huijta sunnu. Graduale. / Kyrki uTyund tali anno. c. oc. x. aurar. / [Kierta styka. j. stor. / hestur. hundradz hross. / sölun. Bok missal ede aduentu til. ix. vikna fostu.“ (DI II, bls. 462.) Í registri Egils biskups frá 1344 segir: „kirkia a silfrastodum a reka a skaga fra latrtanga oc til hamarz j sanduieck [eða sauduic] allt ed rekr.“ (DI IV, bls. 11). Í máldaga Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 segir: „Kyrckia ä Sýlffrastodum er helgud Gudi og Johanni Baptistæ, og hinum heilaga krossi. / A hun þetta jnnann kýrckiu. forn messuklædi ad aullu med corporalibus. kaleyka. ij. alltarisklædi. iiij. kantara kapur. ij. sloppar. ij. jarnstykur. iiij. og ein messingarstýka. og ein stor jarnstyka. krossar. ij. og skrijn yfir alltari og Brijk. stor kross med lijkneskium tueymur. Mariu lijknneski. Jons lijknneski Baptistæ. Glodarkier. kýrckiukietill. Elldberi. kyrckiukola. skridulios. tiolld vm frammkyrckiu. og steintiolld vm kor. paxspiolld. iij. fontur med vmbunadi. mecki. ij. kluckur. iiij. og hin fimta lest. kistur. ij. og dckar ij. yfer lijkneskium. lecktarar. ij. stolar. ij. forn kross og Bialla lijtil. / þetta j Bokum. aspiciens Bok fra Jolafaustu ad festum trinitatis. de sanctis et de tempore. grallare. missale ad aullu vm Jolafaustu og Jol. / þetta var kuikfie þa er Sugurdur tok med. cccc. j hrossum. ij. kýr. c. j flytianda eyre, vj. hundrud voru. Jn summa. xiiij. hundrud. / þetta hefur gefuist til kyrkiunnar sjidan Sýgurdur Bondi tok med. xiiij^C. j rossum. vadmalum og voruvirdu fie og. v. kugilldi. Jn summa xix hundrud. / Ad auk þessa gaf Sugurdur kyrkiunni jord ä Hokustodum og Bok sæmiliga. / Kyrckiann a og fellistock og. iij. lokra. / Jtem ä kyrkia ä Sylffrastodum reka a skaga er liggur fra Läturtanga og til hamars j Sandvijk. a allt þad er rekur huad reka sem er. / Þar a prestur ad vera. og tekur heima j leygu iiij. merckur. enn vtann gardz. xvij. aura. / Herra Jon biskup vijgdi hier kyrkiu in decollatione Johannis Baptistæ. þa er Sigurdur Bondi Bio.“ (DI. III, bls. 519-520). Í testamentisbréfi Páls Brandssonar á Möðruvöllum frá 1494, segir: „hefi ec tekid med silfrastada kirkiu. xij. en þat sem moder (min) uar meira skyllidug kirkiune eigum uit ellendr bader ath suara. fellur þar litit j porcio ein mor kedur 1x aurar. eru þar sua peningar ef þeir halldazt at kirkian m afa fulla sæmd en.“ (DI VII, bls. 234).

Heimildaskrá:

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. II 1253-1350. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möllers. 1893.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. III 1269-1415. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möllers. 1896.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. IV 1265-1449. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möllers. 1897.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. VII 1170-1505. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík: Félagsprentsmiðja. 1903-1907.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Heimasíða Minjasafns Reykjavíkur <http://www.arbajarsafn.is/desktopdefault.aspx/tabid-1789/> (skoðað 12. Október 2007).

Stefán Jónsson. HSk 387, 4to.

Heimildamaður Jóhannes Jóhannsson

Silfrastaðir 146332 - 228 - 3

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður

Staðsetning: A 491649 N 549182

Ástand: Í notkun.

Hættumat: Mikil hættu. Þar sem garðurinn er enn í notkun má búast við að reglulega sé farið í gegnum eldri grafir og jafnvel hleðslur. Ef rekist er á hleðslur er nauðsynlegt að láta minjayfirvöld vita, en það gæti varpað ljósi á afstöðu og útlit eldri kirkna og kirkjugarða á staðnum, sem og mögulega annarra eldri bygginga.

Staðhættir:

Kirkjugarðurinn er norðan við núverandi kirkju, norðvestan við íbúðarhúsið.

Lýsing:

Suðurhlið garðsins er hlaðin úr grjóti en runnagróður markar að öðru leyti útmörk hans. Kirkjugarðurinn hefur verið stækkaður til suðausturs í átt að núverandi kirkju, þar var áður hestarétt. Enn sér fyrir hleðslum eldri útmarka kirkjugarðsins skammt norðan við suðurvegginn. Þegar kirkjan var á sínum tíma færð var hliðinu snúið til suðurs, en var áður til vesturs beint niður af gamla kirkjustæðinu. Grjóthlaðinn bakki er undir suðvesturhlið garðsins.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Milli skemmu [skemman var í nyrðri burstinni af tveimur í bæjarsamstæðunni] og kirkjugarðs var hestarétt, sem nú hefir verið aukið við kirkjugarðinn, sem var löngu útgrafinn, enda ekki vitað um annað kirkjugarðsstæði á jörðinni.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3).

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 4

Sérheiti: Silfrastaðakirkja (Núverandi)

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Timburhús

Staðsetning: A 491676 N 549150

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir:

Kirkjan stendur neðan við núverandi íbúðarhús.

Aðrar upplýsingar:

Á Silfrastöðum var reist torfkirkja árið 1842, hún vék svo fyrir núverandi kirkju árið 1896 og voru viðir hennar notaðir til að smíða baðstofu. Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Núverandi kirkja er reist 1896 af Steingrími Jónssyni. Kirkjusmiður var Þorst[einn] Siglurðsson. Timburgrind, klædd að utan með sléttu járn, þiljuð að innan með panel. Bændakirkja fram yfir 1950, síðan safnaðarkirkja.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3).

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 3, kirkjugarðshliðið og kirkjan á Silfrastöðum. Horft til suðausturs. Ljós. GSS.

Heimasíða Minjasafns Reykjavíkur <http://www.arbajarsafn.is/desktopdefault.aspx/tabid-1789/> skoðað 12. Október 2007.
Heimildamaður Jóhannes Jóhannsson

Silfrastaðir 146332 - 228 - 66

Hlutverk: Hestarétt

Tegund: Grjóthleðsla

Staðsetning: A 491653 N 549174

Ástand: Hleðslur fallnar og grónar

Hættumat: Mikil hættu. Garðurinn sem skilið hefur að kirkjugarðinn og réttina er nú inni kirkjugarðinum, hans sjáist lítil merki á yfirborði og er því í hættu.

Staðhættir:

„Milli skemmu [skemman var í nyrðri burstinni af tveimur í bæjarsamstæðunni] og kirkjugarðs var hestarétt.“

Lýsing:

Það sér móta fyrir hleðslum þvert í gegnum garðinn (a-v) rúnum metra norðan við núverandi suð-austurvegg kirkjugarðsins. Líklega eru þetta leifar eldri veggjar kirkjugarðs og hestaréttar.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Milli skemmu og kirkjugarðs var hestarétt, sem nú hefir verið aukið við kirkjugarðinn, sem var löngu útgrafinn, enda ekki vitað um annað kirkjugarðsstæði á jörðinni.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3)

Samkvæmt Jóni Hallssyni var réttin hlaðin úr grjóti, upp að austurvegg kirkjugarðsins. Þar fékk pósturinn iðulega að geyma hestana þegar hann gisti á Silfrastöðum. Hey var sett upp við réttina sérstaklega fyrir pósthestana, þeim var svo gefið í réttinni áður en pósturinn tók sig upp að morgninum.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands. Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 5

Hlutverk: Smiðja/Hænsnakofi

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491686 N 549148

Ástand: Horfin

Hættumat: Lítill hættu. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

„Suðaustanvert við núverandi kirkju.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3)

Lýsing:

Engin merki þessara bygginga sjást á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Útihús (öll úr torfi og grjóti). [...] Suðaustanvert við núverandi kirkju voru 2 áfastir kofar, smiðja og

hænsnakofi“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3) Smiðjan var enn í notkun eftir að Jón Hallsson kom í Silfrastaði og þá var áfasti kofinn nýttur sem geymsla.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands. Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 65

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491688 N 549190

Ástand: Horfin

Hættumat: Lítill hættu. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1919, er sýnt peningshús rétt norðan við núverandi íbúðarhús (A 491688 N 549190).

Lýsing:

Engin merki þessa húss eru sýnileg á yfirborði, enda hefur því að líkindum verið rutt út þegar íbúðarhúsið var byggt árið 1950.

Aðrar upplýsingar:

Hugsanlega er þetta sama og 146332 - 228 – 6, þótt það sé sagt norðaustan við bæinn. Þetta er þó skráð í sitt hvoru lagi þar til annað kemur í ljós.

Heimildaskrá:

Túnakort frá 1919

Silfrastaðir 146332 - 228 - 6

Hlutverk: Fjós/hlaða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Hættumat: Lítill hættu. Líklega fjósið staðið þar sem bílaplanið er í dag ofan við íbúðarhúsið, þar gætu minjar því verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi á svæðinu.

Staðhættir:

„Norðaustan við bæinn.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3)

Lýsing:

Ekkert sér eftir af þessum byggingum á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Norðaustan við bæinn var fjós fyrir 6-7 gripi með ca. 200 hesta hlöðu og áfast við það að norðan einhölukofi með brunni og dælu.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3) Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 2006 segir: „Ég var heima þegar fjósið brann. Það var útvarpsstöng sem stóð upp úr fjóshlöðustafninum að sunnan og þar kom eldurinn upp að því er virtist. Veður var hvasst. Það sagði mér fólkið á Uppsölum að það varð vart við eldingar. [...] Kýrnar voru allar kafnaðar. [...] ég get vel hugsað að nautgripirnir hafi verið sjö. [...] Það var örstutt úr bænum austur í fjósið, bara sund á milli. Það var ekki byrjað að byggja steinhúsið þá. Snjólítið var. [...] þá var sóttur snjógaddur fram í fjall og hann borinn að eldinum og tókst að

verja bæinn með þessu. Það var kofi utan við fjósið og þar var brunnur. Þessi kofi brann líka. Svo var keyrt snjó í glóðirnar.“ (Hjalti Pálsson, 2006). Bruninn mun hafa átt sér stað sunnudaginn 8. Janúar 1950 (sbr. Morgunblaðið fimmtudaginn 12. Janúar 1950, bls. 5) en steinhúsið er sagt byggt það sama ár (sbr. vefur fasteignamats ríkisins, www.fmr.is, skoðað 13. Júlí 2007). Samkvæmt Jóni Hallssyni var ákvæði um að þessu húsi skyldi við haldið og átti það að fylgja jörðinni.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.

Hjalti Pálsson (2006). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Morgunblaðið fimmtudaginn 12. Janúar 1950, bls. 5.

Vefur fasteignamats ríkisins, www.fmr.is, skoðað 13. Júlí 2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 7

Hlutverk: Kofi/Brunnur

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn

Hættumat: Lítill hættu. Líklega hafa umræddar minjar staðið þar sem bílaplanið er í dag ofan við íbúðarhúsið, eða þar norðan við, minjar geta því verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi á þessu svæði.

Staðhættir:

„Norðaustan við bæinn.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3)

Lýsing:

Ekkert sér eftir af þessari byggingu á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Norðaustan við bæinn var fjós fyrir 6-7 gripi með ca. 200 hesta hlöðu og áfast við það að norðan einhlöðukofi með brunni og dælu.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3)

Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 2006 segir: „Ég var heima þegar fjósið brann. Það var útvarpsstöng sem stóð upp úr fjóshlöðustafninum að sunnan og þar kom eldurinn upp að því er virtist. Veður var hvasst. Það sagði mér fólk á Uppsölum að það varð vart við eldingar. [...] Kýrnar voru allar kafnaðar. [...] ég get vel hugsað að nautgripirnir hafi verið sjö. [...] Það var örstutt úr bænum austur í fjósið, bara sund á milli. Það var ekki byrjað að byggja steinhúsið þá. [steinhúsið var byggt árið 1950] Snjólítið var. [...] þá var sóttur snjógaddur fram í fjall og hann borinn að eldinum og tókst að verja bæinn með þessu. Það var kofi utan við fjósið og þar var brunnur. Þessi kofi brann líka. Svo var keyrt snjó í glóðirnar.“ (Hjalti Pálsson, 2006)

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson (2006). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 8

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491732 N 549173

Ástand: Horfin

Hættumat: Mikil hætta. Ekki er ljóst hvar nákvæmlega brunnurinn hefur verið en það er þó örugglega innan skógræktarsvæðis.

Staðhættir:

Brunnur á að hafa staðið u.þb. 40 m austur af núverandi íbúðarhúsi. Hnitpunktur var tekinn samkvæmt tilsögn Jóhannesar Jóhannssonar bónda á Silfrastaðum, en staðsetningin er fremur óljós.

Lýsing:

Engin augljós merki þessa brunns sáust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í þessum brunni voru mjólkurbrúsarnir geymdir og mjólkinni þannig haldið kaldri.

Heimildaskrá:

Heimildamaður Jóhannes Jóhannsson

Silfrastaðir 146332 - 228 - 9

Sérheiti: Grundarhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491715 N 549266

Ástand: Horfin

Hættumat: Lítill hætta. Búið er að slétta úr tóftunum. Þarna gætu þó leynst einhverjar minjar ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

„Upp undan fjósi, rétt neðan við núverandi veg [...]“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3)

Lýsing:

Búið er að slétta úr þessum minjum og leggja veg í og við svæðið. Miðað við túnakort og tilsögn Jóhannesar Jóhannssonar var tekinn punktur.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Grundarhús**. Upp undan fjósi, rétt neðan við núverandi veg, voru 2 fjárhús, ca. 60 og 40 kinda, og dálítil hlaða við stærra húsið.“ (JLJ, bls. 3)

Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 2006 (þá 98 ára gamlan) segir: „Það voru hús heima fyrir allt féð. [...] Grundarhúsin ofan við bæinn. Tvö hús þar og annað tók 60 og hitt 40. Svo voru hús úti á hól, utan við lækinn. Þar átti að vera 36 kinda hús tvö. Svo var kofaskratti þar líka. Svo var niðri á Járnhrygg. Það var ekki margt þar, man ekki hvort það voru 40 kindur eða svo.“

Á vinnublaði fasteignamats ríkisins, frá 12.5.1966, eru sögð gömul og léleg fjárhús yfir 230 kindur á jörðinni, byggð 1929 úr torfi.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson (2006). Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára. Óútgefið: Viðtal.

Vinnublað fyrir skoðun jarða vegna fasteignamats frá 12.5.1966. Akrahreppur II – No. 5706.



Mynd 4, horft til norðvesturs eftir gamla þjóðveginum ofan við Silfrastaði. Grundarhús stóðu neðan við veginn í horninu skammt norðvestan við afleggjarann. Ljós. GSS.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 10

Sérheiti: Grundarhús

Hlutverk: Fjárhús/hlaða

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491715 N 549266

Ástand: Horfin

Staðhættir:

„Upp undan fjósi, rétt neðan við núverandi veg [...]“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3) Miðað við túnakort og tilsögn Jóhannesar Jóhannssonar var tekinn punktur.

Lýsing:

Engin merki þessara bygginga fundust þegar farið var á vettvang 24. Júlí 2007, en þá var mikill gróður á svæðinu.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Grundarhús**. Upp undan fjósi, rétt neðan við núverandi veg, voru 2 fjárhús, ca. 60 og 40 kinda, og dálítið hlaða við stærra húsið.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3) Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 2006 (þá 98 ára gamlan) segir: „Það voru hús heima fyrir allt féð. [...] Grundarhúsin ofan við bæinn. Tvö hús þar og annað tók 60 og hitt 40. Svo voru hús úti á hól, utan við lækinn. Þar átti að vera 36 kinda hús tvö. Svo var kofaskratti þar líka. Svo var niðri á Járnhrygg. Það var ekki margt þar, man ekki hvort það voru 40 kindur eða svo.“

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands. Hjalti Pálsson (2006). Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára. Óútgefið: Viðtal.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 11

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Ástand: Fundust ekki.

Staðsetning: A 491832 N 549186

Hættumat: Mikil hætta. Staðsetning er óljós, en minjarnar eru innan skógræktarsvæðis.

Staðhættir:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Grund (Norðurgrund og Suðurgrund)**). Svæðið ofan Grundarhúss. Tiltölulega slétt en nokkuð grýtt. Syðst á Grundum voru kvíar, hlaðnar úr grjóti, fyrir rúmlega 100 ær.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3-4)

Lýsing:

Kvíarnar fundust ekki á vettvangi, en mikill gróður var á svæðinu 24. júlí 2007. Punktur var tekin eftir tilsögn Jóhannesar Jóhannssonar.

Aðrar upplýsingar:


Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fráfærur voru á Silfrastöðum að einhverju leyti fram til 1935, að sögn Guðmundar á Egilsá. Kvíarnar voru innan við 200 m fram og upp frá bænum (65°26'464/19°10'560) [þetta er því sem næst sami punktur og Jóhannes vísaði á] syðst á Grundunum svonefndu. Þær voru grjóthlaðnar og mátti þar mjalta rúmlega 100 ær.

Lítilfjörleg brot þeirra sjást ennþá á brún vegskeringar ofan gamla vegarins.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 412)

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands. Heimildamaður Jóhannes Jóhannsson



Mynd 5, horft til norðausturs yfir rústir svokallaðs Kálfakofa (146332 - 228 - 12). Ljós. GSS.

Teikning 1

Silfrastaðir 146332 - 228 - 12

Sérheiti: Kálfakofi

Hlutverk: Kálfahús/Hesthús/Hlaða

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 491764 N 549259

Ástand: Hleðslur standa grónar

Hættumat: Mikil hætta. Tóftirnar eru innan skógræktarsvæðis.

Staðhættir:

„Kálfakofi var sunnan og ofan við“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3) Um 10 ofan gamla vegarins um 80 m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing:

Tvískipt hús með heytóft. Veggir hlaðnir út torfi og grjóti og sér í hleðslugrjót á nokkrum stöðum. Veggghæð frá 60-120 sm hæst á milli heytóftar og syðra húss, en lægra til norðurs. Breidd mest 110 sm. Breidd milliveggjar 45 sm og hæð 30 sm. Dyr eru til suðvesturs. Hæð veggja í heytóft allt að 1 m. Tóftirnar eru allar grónar og mikið gras í þeim þegar þær voru skoðaðar 24. júlí 2007.


Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Þetta var hesthúskofi (6-8 hross), sem áður (einhvern tíma) mun hafa verið notaður fyrir kálfa. Við

hann er smá hlöðubora.“ (Örnefnaskrá JLL, bls. 3) Samkvæmt Jóni Hallssyni var Steingrímur Jónsson með naut í þessum kofa. Sjálfur var Jón seinna með hross í þessu húsi.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands. Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.



Mynd 6, horft til suðausturs yfir rústir Hólhúsa, íbúðarhúsið á Silfrastaðum í baksýn. Ljós. GSS.

Teikning 2, Hólhús (146332 - 228 - 13 og 146332 - 228 - 14)

Silfrastaðir 146332 - 228 - 13

Sérheiti: Hólhús

Hlutverk: Fjárhús/heytoft

Tegund: Tóftir

Staðsetning: A 491615 N 549273

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítil hætta. Húsin eru mjög greinileg og hluti þeirra enn uppistandandi með þaki. Lítil hætta er á að þau verði fyrir skemmdum af ógáti.

Staðhættir:

Á hóli utan við lækinn, norðan og ögn austan við núverandi íbúðarhús.

Lýsing:

Þrenn hús sem liggja suðaustur-norðvestur, samsíða. Nyrst er hrútakofi með hlöðu og bakvið hlöðuna er lítil tóft, hugsanlega leifar eldri byggingar.

Veggir í húsinu sunnan við eru um 2m breiðir og mest yfir 2m á hæð, hlaðnir úr torfi og grjóti. Steinar upp í miðja vegg en klambra og strengur þar fyrir ofan. Garði er fyrir miðju húsi, um 7m langur og 1m breiður, hæð um 40sm. Þetta er heillegra hús, þakviðir standa enn að hluta, fyrir miðjum suðurvegg. Aftan við þetta hús er löng heytoft sem nær einnig aftur



Mynd 7, Hólhús, horft til norðausturs á gafl nyrðri fjárhúsa (146332 - 228 - 13) þ.e. húsin í miðjunni. Ljós. GSS

fyrir syðstu húsin. Syðsta húsið virðist eldra en hin tvö, eða í verra ástandi, þar eru veggir lægri og tilkomu minni, 40 sm háir og um 60sm breiðir, þeir lækka enn meira fram (til suðvesturs) og eru þar um 1m breiðir. Þakið er fallið á garðann svo ekki sést glögggt hvað hann er stór, þó má greina hann á um 6m kafla. Innangengt hefur verið af garðanum inn í heytóftina. Mjög hátt gras er í tóftinni þegar hún er skoðuð 24. júlí 2007 og gerir það erfitt fyrir um nákvæmar mælingar. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, en ekki hægt að greina hvernig húsið hefur verið hlaðið að öðru leyti.

Aðrar upplýsingar:

Miðað við lengd heytóftarinnar virðist hún hafa verið byggð fyrir bæði fjárhúsin, hugsanlega hefur nyrðri húsunum hins vegar verið haldið lengur við þar sem þau eru í mun betra ásigkomulagi heldur en þau syðri, frekar en að um tvö aðskilin byggingarskeið sé að ræða. Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Hólhús voru fjárhús, sem stóðu úti á Hól (eitt hangir reyndar ennþá uppi). Rúmuðust þar 70-80 ær og hrútar heimilisins í litlum hrútakofa. Lítil hlaða var við hrútakofann, en tóft við ærhúsin.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 2006 (þá 98 ára gamlan) segir: „Svo voru hús úti á hól, utan við lækinn. Þar átti að vera 36 kinda hús tvö. Svo var kofaskratti þar líka.“

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands. Hjalti Pálsson (2006). Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára. Óútgefið: Viðtal.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 14

Sérheiti: Hólhús

Hlutverk: Hrútakofi/hlaða

Tegund: Tóftir

Staðsetning: A 491615 N 549273

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítill hætta. Húsin eru mjög greinileg, hluti þeirra enn uppistandandi með þaki. Lítil hætta er á að þau verði fyrir skemmdum af ógáti.

Staðhættir:

Á hólí utan við lækinn, norðan og ögn austan við núverandi íbúðarhús.

Lýsing:

Þrenn hús sem liggja suðaustur-norðvestur, samsíða. Nyrst er hrútakofi með hlöðu og bakvið hlöðuna er lítil tóft, hugsanlega leifar eldri byggingar. Veggur við hlöðu er hæstur um 180 sm og mesta breidd um 2 metrar. Tóftin er vel gróin en þó eru vegghleðslur greinlegar. Hlaðið úr torfi og grjóti, steinar neðst í innveggjum, klambra og strengur efst. Timbur úr stoðum og þaki sést enn í tóftinni. Litla tóftin bak við er hins vegar enn meira gróin og sokkin svo ekki má greina þar hleðslur, veggir um 1m breiðir og 30sm háir. Sunnan við þessi hús eru tvö sambyggð garðahús með langri heytóft bakvið.

Aðrar upplýsingar:




Mynd 8, Hólhús, horft til norðvesturs á norðurvegg hlöðunnar bak við hrútakofann (146332 - 228 - 14). Ljósm. GSS

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Hólhús** voru fjárhús, sem stóðu úti á **Hól** (eitt hangir reyndar ennþá uppi). Rúmuðust þar 70-80 ær og hrútar heimilisins í litlum hrútakofa. Lítil hlaða var við hrútakofann, en tóft við ærhúsin.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 3) Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 2006 (þá 98 ára gamlan) segir: „Svo voru hús úti á hól, utan við lækinn. Þar átti að vera 36 kinda hús tvö. Svo var kofaskratti þar líka.“

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands. Hjalti Pálsson (2006). Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára. Óútgefið: Viðtal.



Loftmynd 1, númerin á myndinni eru aftasti hluti auðkennisnúmers hverrar fornleifar. Gamli bærinn (146332 - 228 - 1); Heimild um staðsetningu kirkju frá 1842 (146332 - 228 - 2); Kirkjugarðurinn (146332 - 228 - 3); Kirkja frá 1896 (146332 - 228 - 4); Skemma og hænsnakofi sambyggt (146332 - 228 - 5); brunnur, samkv. heimild (146332 - 228 - 8); Grundarhús (146332 - 228 - 9); Kvíar (146332 - 228 - 11); Kálfakofi (hesthús) (146332 - 228 - 12); Hólhús (2 fjárhús og heytóft) (146332 - 228 - 13); Hólhús (hrútakofi og hlaða) (146332 - 228 - 14); Hesthús, samkv. heimild (146332 - 228 - 15); Bæjarlækurinn (146332 - 228 - 23); gamla heimreiðin (146332 - 228 - 29); útihús, samkv. heimild (146332 - 228 - 65); Hestarétt, samkv. heimild. (146332 - 228 - 66).

Silfrastaðir 146332 - 228 - 23

Hlutverk: Bæjarlækur

Tegund: Vatnsból

Staðsetning: A 491586 N 549179

Hættumat: Engin hætta.

Lýsing:

Lækurinn rennur enn á sínum stað eftir sundinu norðan og vestan við bæinn á Silfrastöðum og sveigir til suðurs ofan við braggann niður á túninu og í skurð þar austan við.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Gamla túnið [...] skiptist í nokkuð afmarkaða hluta af **Bæjarlæknum**, heimreiðunum, bæjarhúsunum og Grundarhúsinu. [...] Heimreiðin að norðan lá þá upp með túninu að norðan og heim yfir Bæjarlækinn rétt neðan við kirkjugarðinn. Þá lá vegurinn neðan við tún.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 4).

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 15

Hlutverk: Hesthús/Hlaða

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491572 N 549148

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítill hætta. Minjar gætu verið í hættu á þessu svæði ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

„rétt norðan bæjarlækjar.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 4). Samkvæmt Jóhannesi Jóhannssyni stóðu húsin sunnan við braggann sem þarna er í dag.

Lýsing:

Engar leifar þessara húsa voru sýnilegar á vettvangi 24. júlí 2007.

Punktur tekinn samkvæmt tilsögn Jóhannesar Jóhannssonar.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Hesthús var rétt norðan bæjarlækjar, þar sem nú er stálgrindarhús. Rúmaði það ca. 30 hross, og hlaða var þar, ca. 30 hesta.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 4) Samkvæmt Jóni Hallssyni var byggt svo stórt til að hægt væri að koma pósthæstunum í hús. Jón talaði einnig um hesthús utan við þetta, styttra einhöluhús, byggt af þingeyiskum manni sem hét Höskuldur. Samkvæmt Jóhannesi Jóhannssyni bónda á Silfrastöðum hafa komið upp hleðslur ofan (vestan) við braggann.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.

Heimildamaður Jóhannes Jóhannsson, 24.7.2007.



Mynd 9, horft til suðvesturs, Mælifellshnjúkur í baksýn. Vinstra megin við braggann á myndinni eiga hesthús 146332 - 228 - 15 að hafa staðið. Ljós. GSS.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 17

Sérheiti: Járnhryggshús

Hlutverk: Fjárhús/Hlaða

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491400 N 549037

Ástand: Horfin

Hættumat: Lítil hættu. Þarna gætu hleðslur leynst undir yfirborði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um Járnhryggshús að þau séu „neðst á túninu.“ (JLJ, bls. 4)

Lýsing:

Þarna virðist hafa verið sléttað úr öllu, símastaura samstæðu hefur verið komið fyrir á vesturenda

hólsins, hugsanlega þar sem hluti húsanna hefur staðið. Engar hleðslur voru sýnilegar á vettvangi 24. júlí 2007. Punktur tekinn samkvæmt tilsögn.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Járnhryggshús** stóð neðst á túninu. Fjárhús, ca. 40 kindur, með hlöðu, ca. 40-50 hesta.“ (JLJ, bls. 4). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 2006 (þá 98 ára gamlan) segir: „[...] Svo var niðri á Járnhrygg. Það var ekki margt þar, man ekki hvort það voru 40 kindur eða svo.“ Jón Hallsson var með fé í þessum húsum fyrsta árið hans á Silfrastöðum. Jón mundi þó ekki nákvæmlega hvaða ár hann kom í Silfrastaði, en sagðist hafa deilt herbergi með Steingrími Jónssyni a.m.k. fyrsta árið (viðtal 2007). Steingrímur deyr 12. ágúst 1935, svo það hefur a.m.k. verið fyrir það.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands. Hjalti Pálsson (2006). Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára. Óútgefið: Viðtal. Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.



Mynd 10, horft til suðvesturs. Járnhryggshús 146332 - 228 - 17 stóðu fremst á nefinu þar sem nú er staurasamstæðan. Ljós. BZ.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 16

Sérheiti: Skollatóft

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491533 N 548965

Ástand: Horfin

Hættumat: Lítil hættu. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:


Í örnefnaskrá segir: „Neðan bæjar og sunnan lækjar var **Fjögurradagasláttur** [...] Syðst og neðst á því stykki **Skollatóft** [...]“ (JLJ, bls. 4).

Lýsing:

Hnitpunktur var tekinn í suðvesturhorni túns um 40 m norðan heimreiðar á sléttum bletti sem sker sig nokkuð úr umhverfinu gróðurfarslega og stendur ögn hærra en umhverfið. Engin veggjalög voru greinanleg.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 11, Bryndís Zoëga skráir rústir Gerðishúsa. Teikning 3, Gerði/Gerðishús (146332 - 228 - 18). Horft til norðurs, Bryndís stendur í fjárhúsunum að suðvestan, dyrnar liggja inni hlöðuna. Ljós. GSS.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 18

Sérheiti: Gerði/Gerðishús

Hlutverk: Fjárhús/Hlaða

Tegund: Tóftir

Staðsetning: A 491943 N 548876

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Nokkur hættu. Tóftirnar eru mjög greinilegar og ættu því ekki að verða fyrir raski, þær eru þó inná merktu skógræktarsvæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Gerðishúsa „ca. 300 m til suðurs frá bænum“ (JLJ, bls. 4)

Lýsing:

Norðan við skemmuna, ca. 15 m. Tvenn fjárhús og hlaða. Fyrst liggja hús nv-sa, síðan er hlaða sv-na og önnur fjárhús í framhaldi af henni, sem liggja eins. Húsin eru öll vel gróin en vegghleðslur greinilegar úr torfi og grjóti. Garðar eru í fjárhúsunum og nokkuð sér eftir af timbri í þeim báðum. Suðurhúsin: breidd veggja 2-2,5 m, hæð 60-100 sm. Garði 1m breiður og 30-40 sm hár. Vestast á suðurvegg (suðausturhlið). Mikill gróður er í tóftinni, gras og arfi. Hlaða: vegg hæð 120-200 sm. Milli hlöðunnar og vesturhússins er hár torfveggur, yfir 2 m og stendur vel. Hlaðin úr klömbu, þverum hnausum og streng. Vesturhúsin: breidd veggja 1,5-2 m, hæð 70-200 sm. Innangengt inni hlöðuna gengum mjó og lág göng undir stóra vegginn. Garði 1m breiður 30-40 sm hár, tóftin er opin til vesturs, hefur líklega verið með timburstafni.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Gerði**, 100 kinda fjárhús með ca. 120 hesta hlöðu, ca. 300 m til suðurs frá bænum, þar er nú stálgrindahús. Neðanvert við húsin túnblettur með gömlu garðlagi. Við **Gerðishús** var rétt.“ (JLJ, bls. 4) Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 2006 (þá 98 ára gamlan) segir: „Það voru hús heima fyrir allt féð. Það voru hundrað kinda á Gerðinu, tvö hús þar, annað yfir 60 kindur, hitt yfir 40. Svo voru Grundarhúsin ofan við bæinn. Tvö hús þar og annað tók 60 og hitt 40. Svo voru hús úti á hól, utan við lækinn. Þar átti að vera 36 kinda hús tvö. Svo var kofaskratti þar líka. Svo var niðri á Járnhrygg. Það var ekki margt þar, man ekki hvort það voru 40 kindur eða svo.“

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.
Hjalti Pálsson (2006). Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára. Óútgefið: Viðtal.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 19

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491943 N 548876

Ástand: Horfin

Staðhættir:

„ca. 300 m til suðurs frá bænum“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 4). Réttin á að hafa verið austan við Gerðishús (A 491943 N 548876), hlaðin úr torfi og grjóti, samkvæmt Jóhannesi Jóhannssyni bónda á Silfrastöðum.

Lýsing:

Réttin eða leifar hennar fundust ekki á vettvangi 24. júlí 2007, en töluverður gróður var á svæðinu, arfi og hátt gras.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Gerði**, 100 kinda fjárhús með ca. 120 hesta hlöðu, ca. 300 m til suðurs frá bænum, þar er nú stálgrindahús. Neðanvert við húsin túnblettur með gömlu garðlagi. Við **Gerðishús** var rétt.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 4)

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.
Heimildamaður Jóhannes Jóhannsson

Silfrastaðir 146332 - 228 - 20

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn

Staðhættir:

Í túni neðan við Gerðishús.

Lýsing:

Fannst ekki þegar farið var á vettvang 24. júlí 2007, mikill gróður var á svæðinu.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Gerði, 100 kinda fjárhús með ca. 120 hesta hlöðu, ca. 300 m til suðurs frá bænum, þar er nú stálgrindahús. Neðanvert við húsin túnblettur með gömlu garðlagi. Við Gerðishús var rétt.“ (JLJ, bls. 4)

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 63

Sérheiti: Sumarhús (Broddahús)

Hlutverk: Sumarhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 492101 N 548799

Ástand: Horfið

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir:

Neðan undir Grímshóli, tæpa 170m austur af Gerðishúsum (146332 - 228 - 18).

Lýsing:

Engar leifar af þessu húsi fundust á vettvangi, en þarna stendur nú timburhús.

Aðrar upplýsingar:

Ekki er um eiginlega fornleif að ræða en venja er að skrá allar torfbyggingar og því fær húsið númer í þessari skýrslu. Um sumarhúsið segir í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar: „**Grímshóll**, neðan undir honum **Sumarhús** Brodda.“ (FH, bls. 1). Í skráningarskýrslu fasteignamats ríkisins, frá 12.5.1966, kemur fram að sumarbústaðnum fylgi „landspilda úr Silfrastaðalandi c.a. 5-6 h.a. Ræktað í tún c.a. 1 ha. – Skógarhríslur gróðursettar í tún hlutann að mestu.“ Um bygginguna sjálfa segir á sama stað: „Sumarbústaður byggður úr timbri og torfi, 1hrb. Eldhús, smágeymsla.“. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Broddi Jóhannesson rektor Kennaraháskólans byggði sér upphaflega sumarbústað sumarið 1944, langhús sem skipt var í stofu og eldhús, þiljað í hólf og gólf en útveggir og þak af torfi og timbri. Hafði hann byrjað að grafa fyrir tóft kofans sumarið 1942 og hlóð þá útveggina en tóftin stóð síðan auð til 1944. Landið umhverfis, 5-6 hektara að stærð, keypti hann af Jóhannesi Steingrímssyni 23. September 1951, um sama leyti og Jóhann Lárus bróðir hans keypti Silfrastaði. Staðinn nefndi hann Sumarhús. [...] Um eða upp úr 1950 reif Broddi torfveggina frá húsinu og breytti lítillega.“⁵² Sumarhúsið var endurbyggt 1977 úr timbri og jární, 32m².⁵³

Heimildaskrá:

Friðrik Hallgrímsson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (ritað upp af Gísli Magnússyni með athugasemdum). Örnefnastofnun Íslands.

Vinnublað fyrir skoðun jarða vegna fasteignamats frá 12.5.1966. Akrahreppur II – No. 5706.

⁵² *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 402.

⁵³ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 401.



Loftmynd 2, Gerðishús (146332 - 228 - 18); Broddahús (146332 - 228 - 63); Tóft mókofa (146332 - 228 - 64); Mógrafir (146332 - 228 - 25); Torfnef, torf- og móburrkunarstaður (146332 - 228 - 24).

Silfrastaðir 146332 - 228 - 24

Sérheiti: Torfnef

Hlutverk: Torfþurrkunarstaður

Tegund: Gróin klöpp

Staðsetning: A 492093 N 548597

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Á Gerði er áður minnzt, og niður undan því er **Gerðisnef** við eyrarnar, nokkru sunnar er svo **Torfnef** [...]“ (JLJ, bls. 6).

Lýsing:

Gróin klöpp niður við eyrar Norðurár, um 200m suður af Broddahúsi (146332 - 228 - 63). Í mýrinni ofan og norðvestan við klöppina sjást glögg merki torfristu og hugsanlega mótekju.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Torfnef**. Þar var oft þurrkað torf, sem rist var í mýri þar utan og ofan við.“ (JLJ, bls. 6).

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 25

Hlutverk: Torfrista

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning: A 492052 N 548661

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir:

„[...] í mýri þar utan og ofan við [**Torfnef**].“ (JLJ, bls. 6).

Lýsing:


Niður við eyrar Norðurár, um 200m suður af sumarhúsi (Broddahúsi) er gróin klöpp sem heitir Torfnef. Í mýrinni ofan og norðvestan við klöppina sjást glögg merki torfristu og hugsanlega mótekju.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Torfnef**. Þar var oft þurrkað torf, sem rist var í mýri þar utan og ofan við.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 6).

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 12, horft til norðvesturs inní tóft mókofa Teikning 4 norðvestur af Torfnefi. Ljós. GSS.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 64

Hlutverk: Óþekkt/Mókofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 492032 N 548660

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Nokkur hætta. Kofinn er í hættu ef plantað verður á svæðinu.

Staðhættir:n

Kofinn er norðvestan við Torfnef, klöppina sem gengur niður á eyrarnar neðan við Broddahús, í horninu sem skurðurinn myndar sunnan við túnið.

Lýsing:

Niður við eyrar Norðurár, um 200m suður af sumarhúsi (Broddahúsi) er gróin klöpp sem heitir Torfnef. Í mýrinni ofan og norðvestan við klöppina sjást glögg merki torfristu og hugsanlega mótekju. Vestan við mýrina, í suðvesturhorninu á litlum bletti sem afmarkaður er með skurðum til allra átta er lítil tóft. Tóftin er 6x5m að utanmáli og liggur nálega austur-vestur með dyr til austurs. Hún er tvískipt, innra hólfið er 1,5x1m og dyr inn í fremra hólfið nyrst á milliveggnum, fremra hólfið er um 1,5x1,3m með dyr út nyrst á austurvegg. Veggir tóftarinnar eru vel uppistandandi allt að 1,6m háir og mest um 1,5m breiðir. Aðeins hefur hrunið úr veggjum að norðaustan, að öðru leyti eru þeir heillegir. Timburspírir eru í innra hólfi tóftarinnar.

Aðrar upplýsingar:

Hugsanlega er hér um mókofa að ræða, þar sem mónum sem þurrkaður hefur verið á torfnefi hefur verið staflað í sumarlok þegar hann hefur verið orðinn þurr. Eldiviðurinn hefur svo verið fluttur heim um haustið eða veturinn. Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárúsar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Torfnef**. Þar var oft þurrkað torf, sem rist var í mýri þar utan og ofan við.“ (JLJ, bls. 6).

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 26

Sérheiti: Brunnmelur

Hlutverk: Torfþurrkun

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 491367 N 549368

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Um 350m norðvestur af íbúðarhúsinu á Silfrastöðum.

Lýsing:

Melurinn fremur gróðurryr, en með nokkrum grasflákum.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárúsar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Einnig var góð torfrista í næsta sundi norðan við gamla túnið, og var það þá oftast þurrkað á Brunnmel.“ (JLJ, bls. 6). Samkvæmt Jóni Hallssyni var lækur á melnum sem aldrei fraus og þar var fénu brynnt. Líklega er nafnið „Brunnmelur“ dregið af því.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.
Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 27**Hlutverk:** Torfrista**Tegund:** Heimild**Staðhættir:**

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „[...] í næsta sundi norðan við gamla túnið [...]“ (JLJ, bls. 6).

Lýsing:

Þarna er nú búið að grafa skurði og þurrka landið.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Jóhanns: „Einnig var góð torfrista í næsta sundi norðan við gamla túnið, og var það þá oftast þurrkað á Brunnmel.“ (JLJ, bls. 6).

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 28**Sérheiti:** Brunnmelur**Hlutverk:** Vatnsból**Tegund:** Uppspretta**Staðsetning:** A 491367 N 549368**Hættumat:** Engin hætta**Staðhættir:**

Um 350m norðvestur af íbúðarhúsinu á Silfrastöðum.

Lýsing:

Ofarlega á melnum seytlar fram vatn. Melurinn fremur gróðurryr, en með nokkrum grasflákum.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Einnig var góð torfrista í næsta sundi norðan við gamla túnið, og var það þá oftast þurrkað á Brunnmel.“ (JLJ, bls. 6). Samkvæmt Jóni Hallssyni var lækur á melnum sem aldrei fraus og þar var fénu brynnt. Líklega er nafnið „Brunnmelur“ dregið af því.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 29**Hlutverk:** Heimreiðin**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 491628 N 549179**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir:**

„Heimreiðin að norðan lá þá upp með túninu að norðan og heim yfir Bæjarlækinn rétt neðan við kirkjugarðinn.“ (JLJ, bls. 4).

Lýsing:

Bíslóð er nú þar sem heimreiðin hefur legið næst bænum en aðrir hlutar hennar að miklu leyti komnir undir tún.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Gamla túnið [...] skiptist í nokkuð afmarkaða hluta af **Bæjarlæknum**, heimreiðunum, bæjarhúsunum og Grundarhúsinu. [...] Heimreiðin að norðan lá þá upp með túninu að norðan og heim yfir Bæjarlækinn rétt neðan við kirkjugarðinn. Þá lá vegurinn neðan við tún.“ (JLJ, bls. 4).

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 30

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Neðan í Hólnum [sem Hólshús stóðu á] norðvestan við bæinn á Silfrastöðum.

Lýsing:

Þessi gata sást ekki á vettvangi, en töluverður gróður var á svæðinu.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Neðan í Hólnum [sem Hólshús stóðu á] liggur gamalgróin gata til n.v. Frá henni og niður að heimreið var stykki, sem gekk undir nafninu **Eiríksdagslátta** [...]“. (JLJ, bls. 4).

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 21

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Torfhleðsla

Staðsetning: A 491744 N 548954

Ástand: Hleðslur standa grónar

Hættumat: Mikil hættu. Eina hættan sem að þessum minjum steðjar er skógrækt á svæðinu.

Staðhættir:

Neðan við afleggjarann heim að Silfrastöðum þar sem hann sveigir lengst til suðausturs, um 220m suðaustur af íbúðarhúsinu.

Lýsing:

Hlaðinn garður er undir girðingu að vestan, sunnan og austan. Um 1m breiður og 40sm hár. Hugsanlega er hér um gamlan garð að ræða sem girt hefur verið ofan á, en ekki er heldur útilokað að garðurinn hafi verið hlaðinn með það í huga að hafa á honum girðingu.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 22

Hlutverk: Sundlaug

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki

Staðhættir:

Óljósir, líklega neðan við Silfrastaði.

Lýsing:

Þetta mannvirki fannst ekki á vettvangi, enda óljóst í heimildum hvar það hefur staðið.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Synir Eiríks [hreppstjóra] byggðu sundpoll, er þeir voru á Silfrastöðum [1852-3], þar niður frá, og reyndu að læra sund á tilsagnar. Tókst þeim flestum að fleyta sér nokkuð, en héldu sundinu eigi við og týndu svo niður íþrótt þeirri.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 214.)

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 31

Sérheiti: Silfrastaðarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Torfhleðsla

Staðsetning: A 490653 N 549763

Ástand: Hleðslur grónar, sokknar á köflum.

Hættumat: Mikil hættu. Réttin er í mikilli hættu vegna átroðnings búfánaðar, en réttarhólfið er að hluta til yfir gömlu réttinni þar sem fé og hross eru oft geymd til skamms tíma fyrir og meðan á réttum stendur. Minjarnar hafa þegar orðið fyrir miklum skemmdum af þessum sökum, þá



Mynd 14, veggjalög réttarinnar eru greini-legust að austan innan túngirðingar Silfra-staða. Horft til suðvesturs eftir veggnum. Ljósm. GSS.



Mynd 13, réttarkofinn á Hvíteyri norðan við núverandi skilarétt Silfrastaðaafréttar. Kofinn stendur syðst í dилkaröð eldri réttar. Sú rétt var úr torfi með milliveggjum úr timbri, tekin í notkun 1915 en leist af hólmi af núverandi rétt sem byggð var árið 1952.

hefur verið girt þvert í gegnum réttina á þrem stöðum og byggður réttarkofi syðst í dилkaröðinni eins og frem hefur komið.

Staðhættir:

Á Hvíteyri, um 45m norðan við núverandi rétt, réttarkofinn er inni dилkaröðinni að sunnan.

Lýsing:

Réttin er hringlaga, almenningur í miðjunni og dилkarnar umhverfis. Svo virðist sem rekið hafi verið inni réttina syðst, vestan við réttarkofann sem nú er í dилkaröðinni.


Alls er réttin um 72m í þvermál að utanmáli, og almenningurinn er 42m í þvermál að innan. Almennurinn er því um 1435m², til samanburðar er þrískiptur almenningur réttarinnar sem notuð er í dag um 1452m². Réttin öll er 3975m² en núverandi rétt er hins vegar 4696m². Gamla réttin er því með heldur minni almenning en umtalsvert mikið minna rými fyrir dilka. Ekki er gott að greina stærð einstakra dilka í gömlu réttinni þar sem milliveggirnir voru úr timbri, en þeir hafa allir verið um 10-11m langir. Veggir eru í misjöfnu ástandi, þeir sem lenda innan réttarhólfins þar sem fé er í dag geymt ef þess þarf í kringum réttirnar, eru flestir mjög illa farnir, niðurtraðkaðir og rofnir, allt að 1,6m breiðir og mest um 30sm háir. Best er ástandið á veggjunum sem lent hafa innan túngirðingarinnar á Silfrastaðum, þeir eru allt að 80sm háir og 120sm breiðir.

Aðrar upplýsingar:


Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Bóluáreyrar**, bæði í Silfrastaða- og Bólulandi. Syðst á þeim stendur **Silfrastaðarétt**, aðalskilarétt Akrahrepps, nú byggð úr steinsteypu, en áður hlaðin úr torfi með timburskilrúmum milli dilka.“ (JLJ, bls. 4). Í Göngum og réttum segir Stefán Jónsson um réttina: „Var hún byggð 1915 [...]. Er það torfrétt hringmynduð, en milligerðir dilkanna úr timbri. Hefir rétt þessi enzt allilla, og mikið orðið viðhald hennar. Var hún þó vandlega byggð og vel hlaðin í fyrstu.“ (Göngur og réttir II, bls. 282) Ný rétt var byggð nokkru sunnar á Hvíteyri árið 1952 og leysti þessa af hólmi.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.



Loftmynd 3, Silfrastaðarétt eldri á Hvitýri (146332 - 228 - 31), tekin í notkun 1915, núverandi rétt suðvestan við tekin í notkun 1952. Girðingar liggja þvert yfir eldri rétina og réttarkofinn stendur syðst í dilkaröðinni.



Mynd 15, horft til vesturs yfir bæjarstæði Ausugerðis. Skila-réttin á Hvíteyri sést í fjarlægð hægra megin við miðju og Mælifellshnjúkur í baksýn. Ljós. BZ.

Teikning 5, Ausugerði (146332 - 228 - 32, 146332 - 228 - 33, 146332 - 228 - 34 og 146332 - 228 - 35).

Silfrastaðir 146332 - 228 - 32

Sérheiti: Ausugerði

Hlutverk: Bær

Tegund: Tóftir

Staðsetning: A 491173 N 549965

Ástand: Hleðslur fallnar og grónar

Hættumat: Mikil hættu. Minjarnar eru á skógræktar svæði.

Staðhættir:

„[...] út og upp af Höllunum, upp undir Brekkunum [...]“ (JLJ, bls. 5) Skógræktarslóði liggur út og upp með fjallshlíðinni frá gamlaveginum, töluvert sunnan við brúnna yfir Bóluá. Ausugerði er neðan eða vestan þessa slóða ofan gamla vegarins.

Lýsing:

Tóftahóllinn sjálfur er fremur ógreinilegur, svo og túngarðurinn vegna stórþýfis og mikils gróðurs. Efst á hólnum má þó greina einhver veggjalög, hugsanlega tóftir bæjarhúsanna. Veggir mest um 40 sm háir og 3m breiðir.

Aðrar upplýsingar:

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: „Ausugierde hefur hjer verið hjáleiga skamt frá túninu; munnmæli eru að það hafi að fornu verið kallað Uppsvalir. Hún hefur í auðn verið yfir 40 ár. Ekki vita menn hvað landskuld var eður leigukúgildi. Það vita menn, að engin var grasnautn önnur en sú, sem heimabóndinn miðlaði. Túnstæði og engjar er hvorutveggja spilt af skriðum og vatni. Skyldi hjer aftur byggja, þá rýrir það heimajörðina.“ (JÁM IX, bls. 151). Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar (uppritað með athugasemdum Gísla Magnússonar) er vitnað í þennan sama texta en farið rangt með bæði nafn Páls, staðarnafnið og staðsetningu, þar segir „Ausugerði. Um það segir svo í jarðalýsingu Árna og Bjarna: „Neðan staðarins hefur verið hjáleiga, munnmæli eru, að það hafi að fornu verið kallað **Umsvalir**. Hefur verið í auðn yfir 40 ár. Ekki vita menn, hvað landskuld var eða leigukúgildi. Það vita menn, að engin grasnautn var önnur en sú, sem heimabóndinn miðlaði. Skyldi hér eftir byggja, þá rýrir það heimajörðina. Túnstæði og engjar spilt af skriðum og vatni.““ (FH, bls. 2). Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Nokkuð út og upp af Höllunum, upp undir Brekkunum, er gamalt eyðibýli,

Ausugerði. Sér þar fyrir gömlum bæjarrústum og gömlum garði umhverfis þýfðan túnkraga.“ (JLJ, bls. 5).

Í hnotskurn: Upphaf búsetu óþekkt en staðurinn farinn í eyði um 1670. Hjáleiga á heimajörð Silfrastaða, tún aðskilið en óvíst með engjar og haga.

Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Friðrik Hallgrímsson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (ritað upp af Gísla Magnússyni með athugasemdum). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 33

Sérheiti: Ausugerði

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Torfhleðsla

Staðsetning: A 491204 N 549937

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktar svæði.



Staðhættir:

Umhverfis tóftahólinn á Ausugerði.

Lýsing:

Mjög breiður túngarður liggur í boga frá austri til suðvesturs sunnan við tóftahólinn á Ausugerði. Hann byrjar um 4 vestan við vegslóðann og liggur til suðvesturs þar sem hann endar á rofbletti. Annar hluti garðsins liggur ofan við tóftahólinn til norðvesturs og er hann víða 160 sm hár en aðeins um 110 m breiður, algróinn og þýfður.

Mynd 16, Bryndís Zoëga við túngarðinn norðan við bæjarstæðið á Ausugerði. Horft til norðvesturs. Ljós. GSS.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 34

Sérheiti: Ausugerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 491221 N 549965

Ástand: Hleðslur fallnar og grónar

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktar svæði.

Staðhættir:

Neðan (suðvestan) í tóftahólnum á Ausugerði.

Lýsing:

Tóftin er algróin og þýfð eins og umhverfið, þó má greina þar veggjalög um 60 sm breið og 60 sm há. Tóftin er 3x3 m að utanmáli og virðast dyr hafa verið til suðvesturs.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 35

Sérheiti: Ausugerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 491165 N 549933

Ástand: Hleðslur fallnar og grónar

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktar svæði.

Staðhættir:


Um 30 m suðaustur af Ausugerði, neðst í brekkufætinum.

Lýsing:

Tóftin liggur norðaustur-suðvestur, 4x8 m að utanmáli. Dyr á suðvesturenda og hugsanlega aðrar að norðan (gæti þó verið rof). Austur veggurinn er grafinn inní brekkuna. Breidd veggja er um 1m og hæð á bilinu 50-60 sm. Tóftin er algróin mosa og grasi, veggir eru hlaupnir í þúfur og rof á milli þeirra á nokkrum stöðum. Tóftagólfíð er einnig þýft, en gæti vísað á innveggi.



Mynd 17, horft til vesturs yfir óþekkta tóft 30m suðaustur af Ausugerði. Mælifellshnjúkur í bakgrunni fyrir miðri mynd. Ljós. BZ.



Teikning 6



Mynd 18, horft til norðurs yfir tóftirnar á Skeljungshöfða, Stekkjargil í Silfrastaðafjalli baksýn.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 38

Sérheiti: Skeljungsskáli

Hlutverk: Óþekkt/Bær

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Búið að koma í veg fyrir rof úr bakkanum af völdum Norðurár, eftir að nýr vegur var lagður á eyrunum vestan hans. Ekki er fyrirhugað að planta trjám á höfðanum og tóftum ætti því ekki að stafa hætta af því.

Staðhættir:

„Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, **Skeljungshöfði** (öðru nafni **Stekkur** ; þar var stekkur).“ (JLJ, bls. 6).

Lýsing:

Ekki er ljóst hvaða tóftir eru tóftir meints skála, en fremst á Skeljungshöfða eru umfangsmiklar tóftir, sem liggja nálega norðaustur-suðvestur, vestast virðist hafa verið fjárhús með hlöðu til norðausturs. Hugsanlega hefur þessi sama tóft gegnt hlutverki stekkjarsíðar meir. Austan við er þreföld tóft (3 tóftir) og liggja þær til suðausturs í línu við hlöðuna. Veggir í þeim eru algrónir, lægri og ógreinilegri en í fjárhúsunum og bendir það til þess að um eldri mannvirki sé að ræða. Innanmál vestustu tóftarinnar er 2,7x2,4m, þá kemur tóft sem er 2x2,3m að innanmáli og austast er tóft sem er 7x3,7m með dyr vestast á suðurvegg. Mesta breidd veggja er um 1m og hæð á bilinu 10-20sm. Austan við þessar tóftir er mjög ógreinileg ferhyrnd tóft, veggir um 10sm háir en breidd þeirra ekki greinileg með vissu. 6,5x8m. Norðan við þessa tóft og þrískiptu tóftina, austan við fjárhúsin eru fremur ógreinileg veggjalög, þó má sjá móta fyrir aflangri tóft sem liggur samsíða þeim fyrrnefndu norðvestur-suðaustur, austast og næst þeim virðist vera tóft sem er 10x2,8m að innanmáli, og önnur tóft vestan við, mögulega tvískipt 3,7x2,5m að innanmáli, norðan við lengri tóftina mótast fyrir annarri aflangri tóft 6,5x2,5m að innanmáli. Allar eru þessar tóftir mjög grónar og jarðsokknar, vegg hæð mest um 15sm og mesta breidd um 2,5m, og bendir það til að þær séu töluvert gamlar. Um það bil 1m frá norðvestur horni hlöðunnar er lítil afar ógreinileg tóft, 8x6m að utanmáli, opin til suðvesturs. Mesta breidd veggja er 50-60sm og mesta hæð 15sm. Syðst við austurvegg tóftarinnar er lítil ferhyrnd tóft 1,5x1,2m, engar dyr sýnilegar á henni. Norðan við hana er hringlaga grjóthrúga, um 3m í þvermál.

Aðrar upplýsingar:

Í Sturlungu er talað um Skeljungsskála sem líklega hefur staðið þarna á höfðunum og gætu einhverjar þeirra tófta sem hér hefur verið líst sem best verið leifar hans. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í Sturlungu er sagt frá herhlaupi Eyjólfs Þorsteinssonar norðan úr Eyjafirði haustið 1253. Stansaði hann á Hökustöðum (Fremri-Kotum) með liði sínu og setti menn til gæslu, að þaðan bærisk ekki njósn. „Og er þeir komu til Skeljungsskála segir Eyjólfur öllu liðinu að hann ætlar að stefna öllu liðinu til Flugumýrar og sækja Gissur og sonu hans annað hvort með vopnum eða með eldi ef eigi fengju þeir öðruvísi sótt.“ (Sturlunga 1988, bls. 634) / Ekki verður af þessari frásögn ráðið hvort Skeljungsskáli er á þessum tíma bær eða einungis hús eða e.t.v. bara húsatóftir. En vart er öðrum stað til að dreifa en Skeljungshöfða sem virðist myndaður af fornu framhlaupi ofan úr fjallinu og skagar fram á eyrar Norðurár, skammt framan við brúna fram á Kjálka. Hann er algróinn og grösugur og þar hefur sem best mátt vera býli um eitthvert skeið til forna því að verulegt graslendi er til beggja handa upp frá höfðanum, upp að fjallshlíðinni. Höfðinn var áður venjulega kallaður Stekkjarhöfði þangað til menn á 20. öld fóru að halda meira upp á Skeljung [...]“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 415). Ýmsar útgáfur eru til af þjóðsögum tengdum Skeljungshöfða og Skeljungssteini (146332 - 228 - 75) m.s. í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar (Jón Árnason (1930). Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri III. Leipzig: J. C. Hinrichs. Bls. 320-322.).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 36

Sérheiti: Skeljungshöfði/Stekkur

Hlutverk: Stekkur (fjárhús m. hlöðu?)

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 492749 N 548310

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Engin hætt. Búið að koma í veg fyrir rof úr bakkanum af völdum Norðurár, eftir að nýr vegur var lagður á eyrunum vestan hans. Ekki er fyrirhugað að planta trjám á höfðanum og tóftum ætti því ekki að stafa hætta af því.

Staðhættir:

„Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, **Skeljungshöfði** (öðru nafni **Stekkur** ; þar var stekkur).“ (JLJ, bls. 6). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 1999 segir: „Beint upp af Skeljungshöfðanum er Stekkjarskál á Stekkjargili. Stekkurinn var frammi á höfðanum.“ (Hjalti Pálsson, 1999).

Lýsing:

Fremst á höfðanum eru umfangsmiklar tóftir, sem liggja nálega norðaustur-suðvestur. Tóftirnar minna helst á fjárhús með hlöðu og ekki óhugsandi að þarna hafi á einhverjum tíma verið beitarhús. Tóftin er vel greinileg 18x11m, algróin nema að það sést í grjóthleðslur í suðri tóftinni (fjárhústóftinni/réttinni), ekki sér í garða. Dyr hafa snúið mót suðvestri. Veggir í syðri tóftinni eru mest 110sm háir og 100sm breiðir, innanmál 11x2,7m. Veggir í norðari tóftinni (hleðunni/lambakrónni) eru 40sm háir og 100sm breiðir, innanmál 7,5x1,5m. Líklega hefur stekkurinn verið þarna síðast.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.
Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 37

Sérheiti: Skeljungshöfði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 492761 N 548312

Ástand: Hleðslur sokknar, grónar.

Hættumat: Engin hætta. Búið að koma í veg fyrir rof úr bakkanum af völdum Norðurár, eftir að nýr vegur var lagður á eyrunum vestan hans. Ekki er fyrirhugað að planta trjám á höfðanum og tóftum ætti því ekki að stafa hætta af því.

Staðhættir:

„Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, **Skeljungshöfði** (öðru nafni **Stekkur** ; þar var stekkur).“ (JLJ, bls. 6). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 1999 segir: „Beint upp af Skeljungshöfðanum er Stekkjarskál á Stekkjargili. Stekkurinn var frammi á höfðanum.“ (Hjalti Pálsson, 1999).

Lýsing:

Austan við (146332 - 228 - 36) er þreföld tóft (3 tóftir) og liggja þær til suðausturs í línu við hlöðuna. Veggir í þeim eru algrónir, lægri og ógreinilegri en í fjárhúsunum og bendir það til þess að um eldri mannvirki sé að ræða. Innanmál vestustu tóftarinnar er 2,7x2,4m, þá kemur tóft sem er 2x2,3m að innanmáli og austast er tóft sem er 7x3,7m með dyr vestast á suðurvegg. Mesta breidd veggja er um 1m og hæð á bilinu 10-20sm.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.
Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 39

Sérheiti: Skeljungshöfði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 492774 N 548306

Ástand: Hleðslur sokknar, grónar.

Hættumat: Engin hætta. Búið að koma í veg fyrir rof úr bakkanum af völdum Norðurár, eftir að nýr vegur var lagður á eyrunum vestan hans. Ekki er fyrirhugað að planta trjám á höfðanum og tóftum ætti því ekki að stafa hætta af því.

Staðhættir:

„Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, **Skeljungshöfði** (öðru nafni **Stekkur** ; þar var stekkur).“ (JLJ, bls. 6). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 1999 segir: „Beint upp af Skeljungshöfðanum er Stekkjarskál á Stekkjargili. Stekkurinn var frammi á höfðanum.“ (Hjalti Pálsson, 1999).

Lýsing:

Austan við fjárhúsin/stekkinn (146332 - 228 - 36) eru fremur ógreinileg veggjalög, þó má sjá móta fyrir aflangri tóft sem liggur samsíða þeim fyrrnefndu norðvestur-suðaustur, austast og næst þeim virðist vera tóft sem er 10x2,8m að innanmáli, og önnur tóft vestan við, mögulega

tvískipt 3,7x2,5m að innanmáli, norðan við lengri tóftina mótar fyrir annarri afgangri tóft 6,5x2,5m að innanmáli. Allar eru þessar tóftir mjög grónar og jarðsokknar, vegghæð mest um 15sm og mesta breidd um 2,5m, og bendir það til að þær séu töluvert gamlar.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.
Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 40

Sérheiti: Skeljungshöfði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 492747 N 548325

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hættu. Búið að koma í veg fyrir rof úr bakkanum af völdum Norðurár, eftir að nýr vegur var lagður á eyrunum vestan hans. Ekki er fyrirhugað að planta trjám á höfðanum og minjarnar ættu því ekki að vera í hættu.

Staðhættir:

„Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, **Skeljungshöfði** (öðru nafni **Stekkur** ; þar var stekkur).“ (JLJ, bls. 6). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 1999 segir: „Beint upp af Skeljungshöfðanum er Stekkjarskál á Stekkjargili. Stekkurinn var frammi á höfðanum.“ (Hjalti Pálsson, 1999).

Lýsing:

Um það bil 1m frá norðvestur horni tóftar (146332 - 228 - 36) er lítil afar ógreinileg tóft, 8x6m að utanmáli, opin til suðvesturs. Mesta breidd veggja er 50-60sm og mesta hæð 15sm. Syðst við austurvegg tóftarinnar er lítil ferhyrnd tóft 1,5x1,2m, engar dyr sýnilegar á henni. Norðan við hana er hringlaga grjóthrúga, um 3m í þvermál og um 30cm há.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.
Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 41

Sérheiti: Skeljungshöfði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 492747 N 548325

Ástand: Hleðslur sokknar, grónar

Hættumat: Engin hættu. Búið að koma í veg fyrir rof úr bakkanum af völdum Norðurár, eftir að nýr vegur var lagður á eyrunum vestan hans. Ekki er fyrirhugað að planta trjám á höfðanum og tóftum ætti því ekki að stafa hættu af því.

Staðhættir:

„Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, **Skeljungshöfði** (öðru nafni **Stekkur** ; þar var stekkur).“ (JLJ, bls. 6). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 1999 segir: „Beint upp af Skeljungshöfðanum er Stekkjarskál á Stekkjargili. Stekkurinn var frammi á höfðanum.“ (Hjalti Pálsson, 1999).

Lýsing:

Um það bil 1m frá norðvestur horni hlöðunnar (146332 - 228 - 36) er lítil afar ógreinileg tóft, 8x6m að utanmáli, opin til suðvesturs. Mesta breidd veggja er 50-60sm og mesta hæð 15sm. Syðst við austurvegg tóftarinnar er lítil ferhyrnd tóft 1,5x1,2m, engar dyr sýnilegar á henni. Norðan við hana er hringlaga grjóthrúga, um 3m í þvermál.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 42

Sérheiti: Skeljungshöfði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A 492729 N 548357

Hættumat: Engin hættu. Ekki er fyrirhugað að planta trjám á höfðanum og minjarnar ættu því ekki að vera í hættu.

Staðhættir:

„Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, **Skeljungshöfði** (öðru nafni **Stekkur** ; þar var stekkur).“ (JLJ, bls. 6). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 1999 segir: „Beint upp af Skeljungshöfðanum er Stekkjarskál á Stekkjargili. Stekkurinn var frammi á höfðanum.“ (Hjalti Pálsson, 1999).

Lýsing:

Norðan í Skeljungshöfða skammt frá gamla þjóðvegi 1 sem aflagður er í ár 2007, eru fjórir niðurgreftir. Nyrst er aflangur tvískiptur niðurgröftur um 6m suður af veginum. Grafirnar liggja nálega norðaustur-suðvestur, sú norðari er 5,5x2m og um 40sm djúp, en hin 1,4x2m og um 20sm djúp. Um 5m suðaustan við þetta mannvirki er annar niðurgröftur nálega hringlaga, 1,6m í þvermál og um 20 sm djúpur. Norðaustan við hana eru tvær stærri grafir sem standa nokkuð ofar. Sú syðri er hér um bil ferhyrnd 4x2,8m, en sú nyrðri ólögulegri um 2,4x2,6m, báðar um 20sm djúpar.

Aðrar upplýsingar:

Hjalti Pálsson skráir þetta sem tóft í sínum gögnum. Mikill gróður var á svæðinu þegar farið var á vettvang18. ágúst 2007 og engin veggjalög sýnileg umhverfis þennan niðurgröft. Þó er ekki útilokað að hér sé um raunverulega tóft að ræða.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Hjalti Pálsson óútgefin vinnugögn fyrir Byggðasögu Skagafjarðar.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 43

Sérheiti: Skeljungshöfði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgreftir

Staðsetning: A 492735 N 548349

Hættumat: Engin hættu. Ekki er fyrirhugað að planta trjám á höfðanum og minjarnar ættu því ekki að vera í hættu.

Staðhættir:


„Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, **Skeljungshöfði** (öðru nafni **Stekkur** ; þar var stekkur).“ (JLJ, bls. 6). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 1999 segir: „Beint upp af Skeljungshöfðanum er Stekkjarskál á Stekkjargili. Stekkurinn var frammi á höfðanum.“ (Hjalti Pálsson, 1999).

Lýsing:

Norðan í Skeljungshöfða skammt frá gamla þjóðvegi 1 sem aflagður er í ár 2007, eru fjórir niðurgreftir. Nyrst er aflangur tvískiptur niðurgroftur (146332 - 228 - 42) um 6m suður af veginum. Um 5m suðaustan við þetta mannvirki er annar niðurgroftur nálega hringlaga, 1,6m í þvermál og um 20 sm djúpur. Norðaustan við hana eru tvær stærri grafir sem standa nokkuð ofar. Sú syðri er hér um bil ferhyrnd 4x2,8m, en sú nyrðri ólögulegri um 2,4x2,6m, báðar um 20sm djúpar.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.
Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.



Loftmynd 4, Silfrastaðarétt „Gamlarétt“ (146332 - 228 – 53).

Silfrastaðir 146332 - 228 - 53

Sérheiti: Gamlarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Grjóthleðslur

Staðsetning: A 494757 N 547805

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Nokkur hætta. Nú er kominn nýr vegur niður á eyrunum og var farvegur Norðurár færður suður fyrir hann, réttin er því ekki lengur í hættu af hennar völdum. Eina hættan sem að henni steðjar er möguleg skógrækt á svæðinu.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir að réttin sé „fram undan fremri Selskriðu [...]“ (LJL) Um 50m neðan við gamla þjóðveg 1, „[...] á móts við fjárhúsbragga Flatatungumegin árinna.“ (OV).

Lýsing:

Réttin er grjóthlaðin og stendur neðst á gróinni skriðu neðan við gamla þjóðveg 1, um 2,3m framan við afleggjarann fram á Kjálka. Fast neðan við réttina er um 5m hár bakki niður að áreyrum Norðurár. Áin hefur grafið bakkann undan nær allri réttinni og eru norðurdilkarnir það eina sem eftir er, þá hafa Skriður fallið á réttina og fyllt að hluta til upp að henni að norðan en tekið allan norðurvegg vestasta dilksins og flætt þar inn. Þar sem veggir standa eru þeir um 160sm háir og 1m breiðir. Umfang hleðslanna er 55x20m. Dilkarnir sem eftir standa eru sjö, fimm stórir, um 16m langir að innanmáli og á bilinu 5,5-9,5m breiðir, austan við er lítill dilkur 5,5m breiður og 6m langur að innanmáli og sunnan við hann annar jafn breiður en óvíst hve langur þar suðurhluti hans er kominn fram af bakkanum. Dilkarnir virðast hafa verið opnir í báða enda, útúr réttinni og inni almenninginn, töluvert hefur þó hrúnið úr veggjum og ekki allsstaðar skýrar dyr á dilkum.

Aðrar upplýsingar:

„Fram undan Fremri-Selskriðu er svokölluð Gamlarétt, sem var skilarétt hreppsins fram um 1920. Var hún öll hlaðin úr grjóti, sem þarna er nóg af, en nú stendur aðeins efri dilkaröðin eftir, en Norðurá hefir brotið bakkann, svo að almenningur og neðri dilkaröðin er horfin.“ Segir í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns L. Jóhannssonar, bls. 7. Í ævisögu Jónasar Jónassonar frá Hofdölum segir frá eldri skilarétt á Silfrastöðum: „[...] stóð fjárrétt Akrahrepps fram í miðju Silfrastaðafjalli, hlaðin úr grjóti. Almenningur í miðju, dálítið aflangur og ferkantaður, en dилkar út frá honum. [...] Engin dyraumbúnaður var á dilkunum, og voru liðléttingar látnir gæta þar dyra. [...]“ (Jónas Jónasson, 1979). Í handriti Stefáns Jónssonar á Höskuldsstöðum segir: Skilarétt Silfrastaða var fyrrum við Valagils á og það hafa sagt mér gamlir menn og langminnugir, að svo muni hafa verið um langan aldur. Var réttin að utanverðu við ána á eyri neðan við gljúfrið, náði almenningurinn og dилkarnir flestir að klettaveggnum mun hafa þurft að draga féð út úr almenningnum til þess að koma því í dilkana. Hefir aðstaða öll verið heldur slæm við réttarstörf þar. Þá var safnið ekki rekið í réttina fyrr en réttardagsmorguninn en nóttina áður var það vaktað framan við Valagilsá af þeim bænda, sem fjárríkastir voru. Sagt er að í móðuharðindunum 1783-85 hafi sauðfé orðið svo fátt í Akrahreppi að það hefi ekki verið rekið til afréttar og var þá það fé sem til var réttað í Miklabæjarnesi um nokkur ár. En er sauðfénu fjölgaði var aftur tekið að rétta við Valagilsá og hélst það enn um langan tíma. Annó [óljóst hvað þarna á að standa] um 1870 var Valagilsá tekin að breyta farvegi sínum og færast nær réttinni. Þótt sýnt að eigi mundi um langt líða að áin taki réttina. Var þá horfið að því ráði [svo] og byggja nýja skilarétt og var henni valinn staður í Silfrastaðafjalli, örskammt utan við Bessakot, beitarhús frá Silfrastöðum. Réttin var byggð á grasigróinni grund, við skriðu allmikla. Ekki var rúm á grundinni nema fyrir almenninginn, sem var aflangur og aðra dilkaröðina. Hin dilkaröðin var byggð í skriðunni og var þar bratti nokkur. Réttin var hlaðin úr grjóti og var réttað í henni í fyrsta sinn 1875 [sagt

1877 í texta Stefáns sjálfs í *Göngur og réttir II*, bls. 282, sama ártal gefið í *Byggðasögu Skagafjarðar IV*, bls. 411]. Var skilarétt þessi þaðan frá kölluð Silfrastaðarétt. Almennigurinn var mikið stærri en verið hafði við Valagilsárrett og var nú oft hægt að reka allt afréttarféð í einu í réttina. Nokkru eftir aldamótin 1900 fór Norðurá að brjóta af grundinni neðan við neðri dilkana og eftir 1910 hafði hún brotið mjög mikið af neðri dilkunum. Varð nú enn að færa skilaréttina og hún nú færð út fyrir Silfrastaði á svokallaða Hvíteyri sunnan við Bóluá. Var hún byggð vorið 1915 og hefir verið þar síðan. Er það torfrétt hringmynduð en milligerðir dilkanna úr timbri. Allan þennan langa tíma sem skilaréttin var við Valagilsá mun það að mestu eða jafnvel eingöngu hafa verið gangnamenn sem önnuðust réttarstörf. Eftir að réttin var færð í Silfrastaðafjall fjölgaði nokkru þeim, sem komu úr sveitinni til réttarstarfa, en síðan að farið var að rétta í Silfrastaðarétt á Hvíteyri, hefir stórum fjölgað þeim sem hafa sótt til réttar sér til skemmtunar; má líku heita að nú sé réttin komin ofan í sveitina og vegalengdar munur mikill frá því sem var að fara fyrir þá sem vildu sækja til réttanna. Þess skal geta að nú er farvegur Valagilsár þar sem réttin var áður og hefur svo verið um marga tugi ára. Hefir áin svo gjörsamlega þurrkað burtu réttina, að þar sést ekki hið minnsta hleðslubrot. Einnig hefur Norðurá brotið burtu neðri dilkana og almenninginn allan af réttinni í Silfrastaðafjalli. Eftir stendur mesti hluti af efri dилkaröðinni og eru þeir að veggjum til, að mestu óhaggandi, svo vel hafa þeir verið hlaðnir.“ (Stefán Jónsson, HSk. 386, 4to.)

Í stuttumáli:

- Réttin við Valagilsá lögð af 1874.
- Réttin í Silfrastaðafjalli (146332 - 228 - 53) tekin í notkun 1875 (eða 1877), aflögð 1914.
- Réttin á Hvíteyri (146332 - 228 - 31) tekin í notkun 1915, aflögð 1951.
- Núverandi rétt á Hvíteyri steinsteypt tekin í notkun 1952.


Heimildaskrá:

Jónas Jónasson (1979). *Hofdala-Jónas: sjálfsævisaga, frásöguþættir, bundið mál*. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson. (2000) *Fornleifakönnun. Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.



Teikning 7, Bessakot. Númerin á teikningunni eru hlaupandi númer fornleifa í skýrslunni. 44) beitarhúsin; 45) eldri túngarður; 46) yngri túngarður; 47) túngarður; 48) óþekkt (túngarður/kvíar); 49) óþekkt tóft; 50) óþekkt tóft; 51) óþekkt tóft; 52) óþekktur niðurgroftur. Mjög líklegt er að bærinn hafi staðið á sama stað og beitarhúsin.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 73

Sérheiti: Bessakot

Hlutverk: Bær

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 495123 N 547786

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Mikil hættu. Allar minjar á Bessakoti eru í hættu vegna skógræktar, sérstaklega túngarðarnir sem er fremur ógreinilegur.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðveggar 1 og núverandi vegar (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Engar augljósar bæjartóftir eru á staðnum, en túngarðar taka af vafa um að þar hafi verið búið. Líklegasta bæjarstæðið er þar sem nú eru tóftir beitarhúsanna (Silfrastaðir 146332 - 228 – 44).


Aðrar upplýsingar:

Í jarðabók Árna og Páls frá 1713 segir: „Bessakot heitir hjer í fjárhögum, þar sem nú eru fjárhúsin, þar sjást girðingar og bygðamerki, sýnir nafnið. Enginn minnst þar hafa búið verið, og ekki má hjer aftur byggja nema jörðunni til rýrðar.“ (JÁM IX, bls 152). Af þessu má ætla að búseta á Bessakoti hafi verið lögst af löngu fyrir 1713 hugsanlega heilli öld eða meira. Á Bessakoti voru beitarhús árið 1713 og allt fram á seinnihluta 20.aldar. Á 20. öld hefur þó verið málvenja ábúenda á Silfrastöðum að tala um Selið fremur en Bessakot og eru mörg örnefni með forliðin Sel- þar í umhverfinu; Selbakki, Seltunga, Selgil og Selskriða. Þetta bendir til að á einhverjum tíma hafi verið sel á staðnum, eða að menn hafi tekið byggðaleifar á staðnum fyrir sel fremur en býli og þaðan séu örnefnin sprottin, en engar beinar heimildir eru um sel á staðnum önnur en örnefnin. Síðasta útihúsið sem þarna var í notkun var braggi á járngrind sem tekin var niður laust eftir 1990 og fluttur að Djúpadal í Blönduhlíð. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vart fer milli mála að Bessakotið er gamalt ábýli þar sem verið hefur föst búseta, óvíst hve lengi en e.t.v. svo snemma sem á þjóðveldisöld. Hvorki finnast skráðar heimildir né munnmæli um ábúð. [...] Mannvistarleifar eru víða í jörðu [...], margar orðnar ógreinilegar, aðrar skýrari. Þótt engin sjáist ótvíræð bæjartóft tekur vallargarðurinn af mestan vafa hvort þar hafi verið föst búseta eða ekki. Hann er greinilegur beggja vegna tóftanna, ofan frá vegi niður á bakka Norðurár. Vatnsuppspretta er stutt utan og neðan [við] túnið, niður undir bakkanum. Túngarðshleðsla var tímafrekt verk og fráleitt að það væri nokkru sinni gert við sumarsel, áreiðanlega mjög sjaldan við beitarhús nema ef einhver hefur lagt það á sig til að verja túnbleið umhverfis húsin. Yfirleitt má telja túngarð eða brot af honum nokkuð örugga sönnun þess að um fornt ábýli sé að ræða með fastri búsetu um lengri eða skemmri tíma.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 414).

Í hnotskurn: Upphaf búsetu óþekkt en líklega farið í eyði um 1600 eða fyrr. Á heimajörð Silfrastaða, tún og engjar aðskildar óvíst með haga. Beitarhús frá Silfrastöðum a.m.k. frá því um 1700 og fram á seinni hluta 20. aldar, hugsanlega sel einhvern tíma í millitíðinni.

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.



Teikning 8



Mynd 19, horft til suðurs yfir tóftir beitarhúsanna á Bessakoti. Egilsá í baksýn. Ljós. GSS.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 44

Sérheiti: Bessakot/Sel

Hlutverk: Beitarhús (Fjánhús m. hlöðu)

Tegund: Tóftir

Staðsetning: A 495123 N 547786

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Mikil hætta. Tóftirnar eru í hættu vegna skógræktar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðveg 1 og núverandi vegar (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Tóftir beitarhúss með hlöðu eru fast neðan við gamla þjóðveg 1 um 350m framan við gömlu skilaréttina. Tóftirnar liggja nálega norður-suður, 11x17m að utanmáli. Fjánhúsin eru tvístæð og innangengt virðist hafa verið eftir gördunum inni hlöðuna norðan við. Vestara húsið virðist öllu rýmra 9x4m að innanmáli, með um 8m langan og allt að 1,5m breiðar krær. Austari húsin eru lengri en þrengri 10x2,5m að innanmáli, með rúmlega 9m garða og um 1m breiðar krær. Útveggir fjánhúsanna eru mest um 1,5m breiðir og 140sm háir. Hlaðan norðan við er um 8,5x2,5m að innanmáli, með opið inná garðana í báðum húsum eins og fyrr segir og útgangi fyrir miðjum norðurvegg. Veggir hlöðunnar eru um 1,5m breiðir og allt að 2m háir. Steyptur sökkull undan fjárhúsi eða bragga er um 30m neðan (sunnan) við beitarhúsin og ögn austar.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „**Sel (Bessakot)**“, 90 kinda fjánhús með ca. 90 hesta hlöðu, 4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu. Þar var ca. 30 hesta tún, en auk þess heyjað í Reitnum, stundum allt að 100 hestum.“ (JLJ, bls. 4). Enn segir í sömu skrá: „Nokkru framar tekur svo við Ytra-Selgil og Fremra-Selgil, og heitir tungan milli þeirra Seltunga og skriðurnar niður frá þeim Ytri- og Fremri-Selskriðu. [...] Rétt framan við Fremri-Selskriðu er Selið (stundum nefnt Bessakot).“ Samkvæmt Jóni Hallsyni voru ytri húsin mun eldri en þau syðri (austari) sem jafnframt voru öll rýmri. Þá sagði Jón að sumir hefðu talið einhverja óværu í ytri húsunum og ekki viljað

sofa þar ef gista þurfti á kotinu. Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson sumarið 1999 (spurningarmerki er aftan við ártalið) segir að hætt hafi verið með beitarhús á Bessakoti einu eða tveimur árum áður en hætt var með fé á Silfrastöðum. Meðan beitarhúsin voru í notkun var látið liggja við opið og farið í húsin einu sinni á dag. (Hjalti Pálsson, 1999.) Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 2006 (þá 98 ára gamlan) segir: „Ég var lengi beitarhúsamaður á Selinu. Yfirleitt var það kallað Sel en ekki Bessakot. Vanalega fór ég ríðandi en stundum tók ég ekki út hest en fór heldur gangandi. Það var auðvitað stundum slæmt. Féð lá jafnan við opið, alltaf þannig, fór einu sinni á dag til að gefa. Féð kom þá oftast heim til að fá gjöfina. [...] Torfhúsin þarna voru fyrir um 90 kindur. Annað húsið var svolítið mikið rýmra. Hitt var eldgamalt og þröngar krær þar og færra í því en hinu. Féð var oftast þarna allan veturinn en þó stundum tekið heim einhvern tíma. Það voru hús heima fyrir allt féð.“ (Hjalti Pálsson, 2006.)

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafél. 1930.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson (2006). Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára. Óútgefið: Viðtal.

Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 75

Sérheiti: Bessakot/Sel

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 495123 N 547786

Ástand: Óvíst er hvaða tóftir hafa tilheyrt selinu

Hættumat: Mikil hættu. Tóftirnar eru í hættu vegna skógræktar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðveg 1 og núverandi vegar (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Tóftir beitarhúss með hlöðu eru fast neðan við gamla þjóðveg 1 um 350m framan við gömlu skilaréttina. Tóftirnar liggja nálega norður-suður, 11x17m að utanmáli. Fjárhúsin eru tvístæð og innangengt virðist hafa verið eftir gördunum inni hlöðuna norðan við. Vestara húsið virðist öllu rýmra 9x4m að innanmáli, með um 8m langan og allt að 1,5m breiðar krær. Austari húsin eru lengri en þrengri 10x2,5m að innanmáli, með rúmlega 9m garða og um 1m breiðar krær. Útveggir fjárhúsanna eru mest um 1,5m breiðir og 140sm háir. Hlaðan norðan við er um 8,5x2,5m að innanmáli, með opið inná garðana í báðum húsum eins og fyrr segir og útgangi fyrir miðjum norðurvegg. Veggir hlöðunnar eru um 1,5m breiðir og allt að 2m háir. Steyptur sökkull undan fjárhúsi eða bragga er um 30m neðan (sunnan) við beitarhúsin og ögn austar.

Aðrar upplýsingar:

Á Bessakoti voru beitarhús árið 1713 og allt fram á seinni hluta 20. aldar. Á 20. öld hefur þó verið málvenja ábúenda á Silfrastöðum að tala um Selið fremur en Bessakot og eru mörg örnefni með forliðin Sel- þar í umhverfinu; Selbakki, Seltunga, Selgil og Selskriða. Þetta

bendir til að á einhverjum tíma hafi verið sel á staðnum, en engar beinar heimildir eru um sel á staðnum önnur en örnefnin.

Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn:

Hið íslenska fræðafél. 1930.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Hjalti Pálsson (2006). Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára. Óútgefið: Viðtal.

Heimildamaður Jón Hallsson, viðtal tekið 6.7.2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 45

Sérheiti: Bessakot

Hlutverk: Túngarður (eldri að vestan)

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 495078 N 547757

Ástand: Hleðslur jarðsokknar og grónar

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðveggar 1 og núverandi vegar (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Túngarður er beggja vegna tóftanna upp að vegi og niður að bakka. Garðurinn er mjög sokkinn og fremur ógreinilegur, um 20-40sm hár og 130-150 m breiður. Að vestan eru tveir garðar, sá ytri (A 495065 N 547757) liggur frá veginum undan hallanum til suðvesturs og beygir þá nokkuð krappt til suðausturs og fer að því er virðist yfir hinn eldri (A 495078 N 547757) sem byrjar um 12m austar við veginn og liggur næsta beint til suðvesturs niður að bakkanum. Ytri garðurinn er um 85m langur en hinn innri og að því er virðist eldri er um 80m. Að austan liggur beinn garður (A 495186 N 547751) frá veginum niður á bakkann, um 70m langur. Þá er um 17m langur garðstubbur (A 495173 N 547750) um 12m innar. Það er óvíst hvort þetta séu leifar annars túngarðs eða hvort þetta hafi tilheyrt öðrum byggingum innan túns. Túnstærðin verður því ekki ráðin með vissu þar sem ekki er ljóst hvaða garðar eiga saman að austan og vestan, þá hefur vegurinn farið yfir garðana að norðan og óvíst hvað bakkinn hefur tekið mikið af að sunnanverðu. En saman afmarka ytri garðarnir, bakkinn og vegurinn tæpan hektara lands og líklegt að túnið hafi verið á því bili eða stærra.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 46

Sérheiti: Bessakot

Hlutverk: Túngarður (yngri að vestan)

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 495065 N 547757

Ástand: Hleðslur jarðsokknar og grónar

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðvegur 1 og núverandi vegur (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Túngarður er beggja vegna tóftanna upp að vegi og niður að bakka. Garðurinn er mjög sokkinn og fremur ógreinilegur, um 20-40sm hár og 130-150 m breiður. Að vestan eru tveir garðar, sá ytri (A 495065 N 547757) liggur frá veginum undan hallanum til suðvesturs og beygir þá nokkuð krappt til suðausturs og fer að því er virðist yfir hinn eldri (A 495078 N 547757) sem byrjar um 12m austar við veginn og liggur næsta beint til suðvesturs niður að bakkanum. Ytri garðurinn er um 85m langur en hinn innri og að því er virðist eldri er um 80m. Að austan liggur beinn garður (A 495186 N 547751) frá veginum niður á bakkann, um 70m langur. Þá er um 17m langur garðstubbur (A 495173 N 547750) um 12m innar. Það er óvíst hvort þetta séu leifar annars túngarðs eða hvort þetta hafi tilheyrt öðrum byggingum innan túns. Túnstærðin verður því ekki ráðin með vissu þar sem ekki er ljóst hvaða garðar eiga saman að austan og vestan, þá hefur vegurinn farið yfir garðana að norðan og óvíst hvað bakkinn hefur tekið mikið af að sunnanverðu. En saman afmarka ytri garðarnir, bakkinn og vegurinn tæpan hektara lands og líklegt að túnið hafi verið á því bili eða stærra.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 47

Sérheiti: Bessakot

Hlutverk: Túngarður (að austan)

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 495186 N 547751

Ástand: Hleðslur jarðsokknar og grónar

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (Örnefnaskrá JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðvegur 1 og núverandi vegur (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Túngarður er beggja vegna tóftanna upp að vegi og niður að bakka. Garðurinn er mjög sokkinn og fremur ógreinilegur, um 20-40sm hár og 130-150 m breiður. Að vestan eru tveir garðar, sá ytri (A 495065 N 547757) liggur frá veginum undan hallanum til suðvesturs og beygir þá nokkuð krappt til suðausturs og fer að því er virðist yfir hinn eldri (A 495078 N 547757) sem byrjar um 12m austar við veginn og liggur næsta beint til suðvesturs niður að bakkanum. Ytri garðurinn er um 85m langur en hinn innri og að því er virðist eldri er um 80m. Að austan liggur beinn garður (A 495186 N 547751) frá veginum niður á bakkann, um 70m langur. Þá er um 17m langur garðstubbur (A 495173 N 547750) um 12m innar. Það er óvíst hvort þetta séu leifar annars túngarðs eða hvort þetta hafi tilheyrt öðrum byggingum innan túns. Túnstærðin verður því ekki ráðin með vissu þar sem ekki er ljóst hvaða garðar eiga saman að austan og vestan, þá hefur vegurinn farið yfir garðana að norðan og óvíst hvað bakkinn hefur tekið mikið af að sunnanverðu. En saman afmarka ytri garðarnir, bakkinn og vegurinn tæpan hektara lands og líklegt að túnið hafi verið á því bili eða stærra.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 48

Sérheiti: Bessakot

Hlutverk: óþekkt/túngarður/kvíar

Tegund: Garðlög

Staðsetning: A 495173 N 547750

Ástand: Hleðslur jarðsokknar og grónar

Hættumat: Mikil hætta. Minjar-
nar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðvegur 1 og núverandi vegar (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:


Túngarður er beggja vegna tóftanna upp að vegi og niður að bakka. Garðurinn er mjög sokkinn og fremur ógreinilegur, um 20-40sm hár og 130-150 m breiður. Að vestan eru tveir garðar, sá ytri (A 495065 N 547757) liggur frá veginum undan hallanum til suðvesturs og beygir þá nokkuð krappt til suðausturs og fer að því er virðist yfir hinn eldri (A 495078 N 547757) sem byrjar um 12m austar við veginn og liggur næsta beint til suðvesturs niður að bakkanum. Ytri garðurinn er um 85m langur en hinn innri og að því er virðist eldri er um 80m. Að austan liggur beinn garður (A 495186 N 547751) frá veginum niður á bakkann, um 70m langur. Þá er um 17m langur garðstubbur (A 495173 N 547750) um 12m innar, um 45m suðaustur af beitarhúsunum. Það er óvíst hvort þetta séu leifar annars túngarðs eða hvort þetta hafi tilheyrt öðrum byggingum innan túns. En við þennan garð að vestan er eins og niðurgröftur eða skorningur og mögulega garður eftir á bakkanum á móti. Hjalti Pálsson túlkar þetta sem kvíar og er vel mögulegt að svo sé. Garðurinn á móti nær þó ekki jafn langt til suðurs, en framhald virðist vera á honum til norðurs uppeftir skriðurananum í átt afgangi tóft sem þar er (146332 - 228 - 50). Þessi garðlög eru öll mjög gróin um 1m breið og mest um 50sm há. Túnstærðin á Bessakoti ekki ráðin með vissu þar sem ekki er ljóst hvaða garðar eiga saman að austan og vestan, þá hefur vegurinn farið yfir garðana að norðan og óvíst hvað bakkinn hefur tekið mikið af að sunnanverðu. En saman afmarka ytri garðarnir, bakkinn og vegurinn tæpan hektara lands og líklegt að túnið hafi verið á því bili eða stærra.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 20, horft til suðurs yfir óljósar mannvirkjaleifar innan garðs á Bessakoti, hugsanlega leifar annars túngarðs eða kvíar. Ljósm. BZ.



Mynd 21, horft til norðvesturs yfir tóftir á Bessakoti. Teikning 9
Rústir beitarhúsanna (146332 - 228 - 44) sjást hægra megin á myndinni en austan við þær, nær okkur fyrir miðri mynd eru lefiar óþekktar byggingar (146332 - 228 - 49).

Silfrastaðir 146332 - 228 - 49

Sérheiti: Bessakot/Sel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 495139 N 547778

Ástand: Hleðslur jarðsokknar og grónar

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:


Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðveggar 1 og núverandi vegar (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Á svolitlum hól um 15m austan við beitarhúsin er óljós tóft. Tóftin er næsta ferköntuð, um 5,5x6m að utanmáli, 3,5x3 að innan. Veggir eru annars mjög óljósir nema að sunnan og austan, 1m breiðir og um 10sm háir. Þýft er á hólnum. Um 20m austan við þessa tóft og 40m austan við beitarhúsið er eins og gróinn skriðurani og ofan á honum aflöng tóft, um 17m löng og 5m breið, að utanmáli. Tóftin stendur í svolitlum halla og liggur norður suður eftir rananum. Vegkantur gamla þjóðveggar 1 er alveg upp að henni að norðan og hefur hugsanlega farið yfir hluta hennar. Tóftin er algróin og þýfð, svo erfitt er að greina innveggi, þó eru eins og smá kantar eða þrep í tóftinni á tveimur stöðum þar sem hún hallar undan brekkunni. Breidd útveggja er allt að 2m og hæð um 45sm, mögulega dyr til suðurs.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 22, horft til suðvesturs yfir aflanga óþekkta tóft Teikning 10
(146332 - 228 - 50) austan við beitarhúsin (146332 - 228 - 44) og lítila tóft (146332 - 228 - 49) á Bessakoti. Örlítul gróðurskil fyrir miðri mynd visa á veggi tóftarinnar.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 50

Sérheiti: Bessakot/Sel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 495166 N 547780

Ástand: Hleðslur jarðsokknar og grónar

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðveggar 1 og núverandi vegar (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Á svolitlum hól um 15m austan við beitarhúsin er óljós tóft. Tóftin er næsta ferköntuð, um 5,5x6m að utanmáli, 3,5x3 að innan. Veggir eru annars mjög óljósir nema að sunnan og austan, 1m breiðir og um 10sm háir. Þýft er á hólnum. Um 20m austan við þessa tóft og 40m austan við beitarhúsið er eins og gróinn skriðurani og ofan á honum aflöng tóft, um 17m löng og 5m breið, að utanmáli. Tóftin stendur í svolitlum halla og liggur norður suður eftir rananum. Vegkantur gamla þjóðveggar 1 er alveg upp að henni að norðan og hefur hugsanlega farið yfir hluta hennar. Tóftin er algróin og þýfð, svo erfitt er að greina innveggi, þó eru eins og smá kantar eða þrep í tóftinni á tveimur stöðum þar sem hún hallar undan brekkunni. Breidd útveggja er allt að 2m og hæð um 45sm, mögulega dýr til suðurs.

Heimildaskrá:

Hjalti Pálsson (2006). Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára. Óútgefið: Viðtal.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 51

Sérheiti: Bessakot/Sel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 495105 N 547782

Ástand: Hleðslur jarðsokknar og grónar

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:


Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðveggar 1 og núverandi vegar (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Um 9m vestan við beitarhúsin á Bessakoti eru leifar óljóstrar tóftar. Skái hefur verið tekinn af þjóðvegnum niður að beitarhúsunum og hefur hann farið yfir þessa tóft að hluta. Það sem eftir er af tóftinni er um vesturveggur um 7m langur, suðurveggurinn 5m og 5m af austurveggnum. Óvíst er hve stór tóftin hefur upphaflega verið og engar greinilegar dyr á því sem eftir er af henni. Mesta breidd veggja virðist vera um 120sm og vegg hæð 10-15sm.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.



Teikning 11

Silfrastaðir 146332 - 228 - 52

Sérheiti: Bessakot/Sel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning: A 495132 N 547753

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu Bessakots: „4-5 km inn á Norðurárdal, framanvert við Fremri-Selskriðu.“ (JLJ, bls. 4) Milli eldri þjóðveggar 1 og núverandi vegar (sem tekinn var í notkun 2007).

Lýsing:

Um 15m neðan við beitarhúsin á Bessakoti og lítið eitt austar virðist hafa verið grafið niður í brekkuna, hugsanlega fyrir byggingu af einhverju tagi, en þetta er þó fremur óljóst. Niðurgrofturinn er um 3x3,5m, og myndar brekkann austur, vestur og norðurvegg, en opið er til suðurs.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.



Loftmynd 5, beitarhúsatóftir á Gvendarnesi.



Mynd 23, horft til suðurs yfir Gvendarnes. Beitarhúsin (146332 - 228 - 54) eru svolítið vestan við mitt nesið (hægramegin). Ljós. GSS.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 54

Sérheiti: Gvendarnes

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 497051 N 547762

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar


Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:

Í Norðurárdal stutt framan við Garðsgil, tæpa 6km framan við Silfrastaði.

Lýsing:

Tóftir beitarhúsanna eru 15x16m að utanmáli. Tvískipt hús. Einn garði er í vestari húsunum, en svo virðist sem tveir garðar séu í hinu austara sem er öllu stærra að innanmáli. Í vestara húsinu er garðinn í miðju húsi, 60sm breiður, 10m langur. Krærnar eru um 1,5x11m og dyr fyrir enda garðans til suðurs. Í austara húsinu lítur út fyrir að garðar eða stallar hafi verið meðfram veggjum. Að innanmáli er tóftin um 3,5x11m, veggir allt að 3m breiðir ef garðarnir eru taldir með. Annars virðast garðarnir vera um 1m breiðir. Veggir í allri tóftinni eru fallnir og mikið grónir um 40sm háir, þýft er í og við tóftina. Mjög óljós veggjalög eru við enda beitarhúsanna, líklega leifar af heytóft, um 7x3,5m að utanmáli, veggur að norðvestan mikið rofinn. Innanmál 2,7x5m.



Teikning 12

Við norðausturhorn, tóftarinnar er önnur lítil, um 1,5x4m að innanmáli. Veggir mest um 50sm breiðir og 20sm háir, norðurveggur mjög óljós. Virðist ekki tilheyra sama byggingarskeið en óvíst hvort hún er eldri eða yngri en beitarhúsin. Þá er lítill niðurgröftur 2x3m um 25m suðaustur af tóftinni.

Aðrar upplýsingar:

Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Stutt framan Garðsgils gengur **Gvendarnes** fram í eyrarnar. Þar voru beitarhús áður fyrr og sér greinilega fyrir húsatóftum.” (JLJ, bls. 8). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 1999 segir: „Ég held að Einar, síðar á Sauðá, hafi byggt þar upp fjárhús. Þar hafði hann sauði og það gekk illa. Sauðamaðurinn lét illa af því að draga skrokkana af þeim dauðum heim. Það er hið eina sem ég hef heyrt um hús á Gvendarnesinu.“ Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Seinna árið, sem Eiríkur [hreppstjóri í Djúpadal] bjó á Silfrastöðum [1852], lét hann syni sína um haustið draga grjót saman á Gvendarnesi og ætlaði að byggja þar beitarhús, önnur en þau, er voru á Bessakoti. En það verk komst aldrei lengra, því vorið eftir fór Eiríkur frá Silfrastöðum.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 214.)

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.
Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.
Stefán Jónsson (1984). *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 55

Sérheiti: Gvendarnes

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 497055 N 547766

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar

Hættumat: Mikil hættu. Minjarnar eru á skógræktarsvæði.

Staðhættir:

Í Norðurárdal stutt framan við Garðsgil, tæpa 6km framan við Silfrastaði.

Lýsing:

Við norðausturhorn beitarhúsanna (146332 - 228 – 54) er lítil tóft, um 1,5x4m að innanmáli. Veggir mest um 50sm breiðir og 20sm háir, norðurveggur mjög óljós. Virðist ekki tilheyra sama byggingarskeiði en óvíst hvort hún er eldri eða yngri en beitarhúsin.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 56

Sérheiti: Gvendarnes

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A 497076 N 547737

Ástand: Gott

Hættumat: Tóftirnar eru í hættu vegna skógræktar á svæðinu.

Staðhættir:

Í Norðurárdal stutt framan við Garðsgil, tæpa 6km framan við Silfrastaði.

Lýsing:

Um 40m suður af beitarhúsatóftinni á Gvendarnesi er ferhyrndur niðurgröftur, 2x3m, um 30sm djúpur. Hleðsla er í vinkel á bakkanum við suðvesturhornið, 30sm breið og 20sm há.



Mynd 24, horft til suðvesturs yfir mögulegar leifar heytóftar upp af Syðra Gvendargili. Egilsá sést í fjarska niður í Norðurárdal. Ljósm. BZ.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 57

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 497268 N 548926

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.


Hættumat: Mikil hætta. Skógræktar vegur liggur nálega alla leið upp að minjunum og verða þær því að teljast í hættu vegna skógræktar.

Staðhættir:

Milli Garðsgils og Kotagils eru tvö smærri gil, ytra- og syðra Gvendargil, umrædd tóft er upp af því síðarnefnda. Tóftin er við sjálft gilið þar sem það skiptist í tvö grasigróin drög.

Lýsing:

Lágt óljóst garðlag liggur frá norðri til suðurs og beygir í kröppu horni til norðausturs og lokar þannig af svolítið drag. En brött brekka myndar aðhald að norðan og austan. Hugsanlega er þetta heytóft þótt allt sé þetta mjög óljóst.



Teikning 13

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Jóhannesi Jóhannssyni á Silfrastöðum er heytóft upp í gílinu á þessum slóðum. Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson segir: „Síðan tekur við Ketilsstaðaheiðin sunnan við Garðsgil (hér er eitthvað bogið [innskot HP] efri og neðri heiði og ytri og syðri og Gvendartunga sem er á milli Ytra- og Syðra Gvendargils. Heiðin er mikið betur gróin uppi heldur en hér framaní. Þarna var heyjað. Jóhann í Borgargerði, síðar á Úlfsstöðum, hann fékk einhvern tímann að heyja þarna smávegis. Hann setti þarna saman í fúlgu og velti svo niður um veturinn. Þetta var víst ekki mikið. Þetta var ofan við Syðra-Gvendargilið. Þar er mikið graslendi ofan við brúnina.“

Heimildaskrá:

Hjalti Pálsson. (1999). *Jón Hallsson frá Silfrastöðum sumarið 1999.*? Óútgefið: Viðtal.

Heimildamaður Jóhannes Jóhannsson

Silfrastaðir 146332 - 228 - 58

Hlutverk: Óþekkt/kolagrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðsetning: A 496768 N 548945

Ástand: Gott

Hættumat: Nokkur hættu. Óljóst er hvort þetta svæði er í hættu vegna skógræktar.

Staðhættir:

Upp á svokallaðri Ketilsstaðaheiði. Um 1km í hánorður frá brúnni yfir Garðsgil á gamla hringveginum.

Lýsing:

Á nokkrum stöðum á þessu svæði eru litlar holur eða grafir, um 1x1m og allt að 40sm djúpar.

Mögulega eru þetta menjar kolagerðar á heiðinni. En úr því verður ekki skorið án frekari rannsókna.

Aðrar upplýsingar:

Þetta er mjög hátt yfir sjávarmáli eða í allt að 600m hæð, hugsanlega hefur þó verið skóglendi á þessu svæði eða í hlíðinni fyrir neðan á öldum áður. Í dag vex birki hæst í um 550m hæð yfir sjávarmáli í Stórahvammi í Austurdal, en er víða um land í 400-450m hæð. (sbr. www.floraislands.is). Engar beinar heimildir eru um kolagerð á Ketilsstaðaheiði, en í jarðabók Árna og Páls segir: „Skógur hefur verið á Öxnadalsheiði og er hann nú eyddur, so ekki er eftir nema rifhrís og fjalldrapi; er nú kolagjörð keypt.“ (JÁM IX, bls. 151) Orðalagið „er nú keypt“ bendir til að svo hafi ekki verið áður, og kolagerð því farið fram í landi Silfrastaða, hvar sem það kann að hafa verið. Þrátt fyrir að þetta staðfesti ekki að umræddar grafir séu kolagrafir, er þetta vísbending um að slíkar grafir gæti verið að finna á landsvæðinu sem tilheyrði Silfrastöðum á öðrum áratug 18. Aldar. Þ.e. öllu núverandi landi Silfrastaða auk stærstum hluta Silfrastaðaafréttar. Þá má geta þess að í fornbréfi frá miðri 15. öld er deilt um skógarítök Silfrastaðabænda á „Skógartungum“ en ekki er að fullu ljóst hvar þær eru, þó líklega sé um sama stað á Öxnadalsheiði að ræða og í dag er kallað Skógarnef fremst í



Mynd 25, óþekktir niðurgreftir á Ketilsstaðaheiði, hugsanlega leifar kolagrafa. Ljós. BZ.

Skógarhlíð. Skóglendi á Silfrastaðalandi er því engin nýlunda þótt markviss skógrækt eins og nú er stunduð á jörðinni hafi tæplega þekkst.

Heimildaskrá:

Hörður Kristinsson. *Flóra Íslands*. Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands.

<<http://www.floraislands.is/betulpub.htm>> (skoðað 7.okt. 2007).



Mynd 26, horft til austurs yfir Ketilsstaðagrundir, handan við Norðurá er eyðibýlið Borgargerði. Nýr hringvegur liggur yfir grundirnar, tekin í notkun 2007, gamli vegurinn þar fyrir ofan, nær brekkunni. Ljósm. GSS.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 59

Sérheiti: Ketilsstaðir

Hlutverk: Óþekkt/Bær

Tegund: Tóft/tóftalægð

Staðsetning: A 498019 N 548575

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hættu. Öllum minjum á Ketilsstaðagrundum stafar hættu af skógrækt. Meðan á þessari skráningu stóð var svæðið plægt upp umhverfis og sumstaðar alveg upp að tóftunum.

Staðhættir:

„Milli Kotaár og Garðsgils eru grasi grónar grundir upp frá **Norðuráreyrum**, **Ketilsstaðagrundir** (eða bara **Grundir**) og framarlega á þeim eyðibýlið **Ketilsstaðir**“ (JLJ, bls. 8).

Lýsing:

10m neðan við fláann af nýja hringveginum eru tvær samsíða lögðir um 40sm djúpar sem Hjalti Pálsson skráir sem tóft. Mikið og hátt gras er á svæðinu og því erfitt að greina hvað þarna er á ferðinni, en lögðirnar virðast náttúrulegar. Ekki er þó hægt að útiloka að þarna séu tóftir sem lent hafa að hluta undir skriðu eins og Hjalti getur sér til um (sjá hér að neðan).

Aðrar upplýsingar:

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 segir um Ketilsstaði: „Ketelstader. Eyðiból af heimalandi Silfrastaða. Það var byggt úr auðn fyrir vel 40 árum, bygðin varaði um

eður undir 20 ár. Landskuld var lx álnir, en þær höfðu þá dagsláttu af heimatúni. Kúgildi atla menn að tvö væri. Heimabóndinn tók landskuld og leigur; fyrir meir en 20 árum er það aftur í auðn fallið, og er hjer örvænt aftur að byggja, því túnstæðið er af skriðum eyðilaggt. Þar var framdregin ein kýr naumlega, en hinu öllu á útigang vogað.“ (JÁM IX, bls. 151-2). Í uppkasti að örnefnaskrá Jóhanns Lárusar Jóhannessonar fyrir Silfrastaði segir: „Milli Kotaár og Garðsgils eru grasi grónar grundir upp frá **Norðuráreyrum, Ketilsstaðagrundir** (eða bara **Grundir**) og framarlega á þeim eyðibýlið **Ketilsstaðir**, sem áður nefnd örnefni draga nafn af. Sést óljóst fyrir rústum, enda löngu komið í eyði.“ (JLJ, bls. 8). Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Jón Hallsson árið 1999 segir: „Ketilsstaðir eru á sléttum grundum fáa metra frá árbakkanum (65°26'12/19°02'46). Þar er ein smárúst sjáanleg og önnur mun vera sunnar ef ég man rétt. Einhver sögn er um að skriða hafi farið á bæinn á Ketilsstöðum. (Skriðuföll og snjóflóð) Ég held að Borgargerði hafi stundum fengið að heyja á Ketilsstaðagrundum.“ Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands vegna lagningu hringvegs í norðurárdal segir Orri Vésteinsson: „Engar tóftir sjást nú á Ketilsstaðagrundum og eru einu mannvirkjaleifarnar 52m langur kantur, sem liggur austur-vestur um 40m sunnan við þjóðveginn, beint á móti gilinu vestan við Borgargerði. Vesturendi kantsins er greinilega horn og má greina óljóst framhald upp brekkuna til norðurs. Sennilega eru þetta leifar af túngarði og hefur bæjarrústin þá lent undir veginum, þar sem hann liggur neðst í fjallshlíðinni.“ (FSÍ, bls. 30) Samkvæmt Hjalta Pálssyni er það sem Orri skráir sem mögulega túngarð tjaldstæði vegavinnumanna sem unnu við veglagningu á 20. öld. (samtal við HP í júlí 2007) Á vinnublaði Hjalta fyrir Byggðasögu Skagafjarðar, dagsett 27. maí 2005 segir: „Fremsta tóft á Ketilsstaðagrundum er lítil og ferköntuð 4x6m (65°26'167/19°02'383). Önnur tóft er dálítið utar, hálf full orðin og virkar sem hola (65°26'153/19°02'440). Aðaltóftin og sú dýpsta er óreglulega löguð, komin alveg fram á bakkann sem Norðuráin hefur brotið upp í landið (65°26'133/19°02'485). Frá þessari tóft eru um 50m út að lækjarsprænu sem rennur hér niður grundirnar. Litlu ofar og utan við lækinn eru geilar sem að líkindum eru tóftir sem skriða hefur runnið ofan í og fyllt nema neðsta hlutann (65°26'140/19°02'558). Þetta gætu verið leifar af bænum sem fór undir skriðu á 17. öld.“

Heimildaskrá:

Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.


Hjalti Pálsson (2005). Vinnublað fyrir Byggðasögu Skagafjarðar.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn:

Hið íslenska fræðafél. 1930.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður Hjalti Pálsson



Mynd 27, horft til norðvesturs inni það sem eftir er af tóft (146332 - 228 - 60). Suðurhluta tóftarinnar hefur verið ýtt út með jarðýtu þegar jafnað var undir girðingu Vegagerðarinnar sem nú liggur eftir bakkanum. Ljós. BZ. Teikning 14

Silfrastaðir 146332 - 228 - 60

Sérheiti: Ketilsstaðagrundir

Hlutverk: Óþekkt/Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 498072 N 548569

Ástand: Hleðslur fallnar, skemmdar

Hættumat: Mikil hætta. Sunnan girðingarinnar er hár malarbakki niður að Norðurá og tóftin í hættu ef heldur áfram að grafa úr bakkanum eins og verið hefur undanfarin ár. Þá er búið að planta trjám á öllu svæðinu og stafar tóftunum hætta af því.

Staðhættir:


„Milli Kotaár og Garðsgils eru grasi grónar grundir upp frá **Norðuráreyrum**, **Ketilsstaðagrundir** (eða bara **Grundir**) og framarlega á þeim eyðibýlið **Ketilsstaðir**“ (JLJ, bls. 8). Umrædd tóft er niður við bakka Norðurár suðvestarlega á Ketilsstaðagrundum.

Lýsing:

Tóft 5x7m, liggur norðvestur-suðaustur. Suðurendi tóftarinnar hefur verið rutt í burtu þegar farið var með jarðýtu og jafnað undir girðingu Vegagerðarinnar fyrr í sumar. Það er því óvíst hve löng tóftin hefur upphaflega verið. Veggir eru rúmlega 2m breiðir og um 110sm þar sem þeir eru hæstir. Mögulega eru leifar garða í við norðausturgafli tóftarinnar 1m breiður og 45sm hár, þetta gætu einnig verið hrun eða þakleifar. Tóftin er algróin nema þar sem rutt hefur verið í gegnum hana.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 28, horft til norðvesturs yfir tóft (146332 - 228 - 61), sem sést móta fyrir í háu grasinu. Í baksýn er nýji hringvegurinn eftir Norðurárdal. Ljós. BZ. Teikning 15

Silfrastaðir 146332 - 228 - 61

Sérheiti: Ketilsstaðagrundir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 498154 N 548627

Ástand: Hleðslur fallnar, skemmdar

Hættumat: Mikil hætta. Tóftinni stafa hætta af skógrækt á svæðinu en meðan á þessari skráningu stóð voru Ketilsstaðagrundir plægðar upp vegna gróðursetningar og hefur minnstu munað að plægt yrði yfir sjálfa tóftina eins og sést á yfirlitsmyndinni.

Staðhættir:

„Milli Kotaár og Garðsgils eru grasi grónar grundir upp frá **Norðuráreyrum, Ketilsstaðagrundir** (eða bara **Grundir**) og framarlega á þeim eyðibýlið **Ketilsstaðir**“ (JLJ, bls. 8). Umrædd tóft er u.þ.b. á miðri Ketilsstaðagrund, á að giska 40m niður af nýja veginum og sú austasta af tóftunum sem sáust á vettvangi.

Lýsing:

Tóftin er um 5x7m að utanmáli, breidd veggja 100-110sm og hæð um 30-40sm. Dyr eru til suðurs. Tóftin er jarðsokkin, gömul að sjá, en mjög greinileg. Sina er í veggjum en grænt gras inni tóftinni.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 67

Sérheiti: Ketilsstaðagrundir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft/Heimild

Staðsetning: A 498113 N 548596

Hættumat: Mikil hætta. Tóftinni stafa hætta af skógrækt á svæðinu en meðan á þessari skráningu stóð voru Ketilsstaðagrundir plægðar upp vegna gróðursetningar og svo virðist sem plægt hafi verið yfir þetta svæði.

Staðhættir:

„Milli Kotaár og Garðsgils eru grasi grónar grundir upp frá **Norðuráreyrum, Ketilsstaðagrundir** (eða bara **Grundir**) og framarlega á þeim eyðibýlið **Ketilsstaðir**“ (JLJ, bls. 8).

Lýsing:

Þrátt fyrir að hnit staðarins væru þekkt fannst umrædd tóft ekki á vettvangi, en mikill gróður var á svæðinu.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 62

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 497692 N 548277

Ástand: Hleðslur fallnar, trjám plantað í vegg.

Hættumat: Meðan á gerð þessarar skýrslu stóð var plöntum holað niður allt í kringum tóftina og í vegg hennar og undirstrikar það hættuna sem minjum stafar af gróðursetningu á svæðinu.

Staðhættir:

Um 400m suðvestur af Ketilsstaðagrundum, neðan núverandi vegar, suður af Fremra-Gvendargili. Fast ofan við gamlan einbreiðan veg.

Lýsing:

Tóftin er niðurgrafin um 8,5x7m og opin til suðausturs, veggir mest um 40sm háir að utan en allt að 1m að innan. Hlaðið úr grjóti eða rutt upp, ekkert torf er sýnilegt en tóftin er þrátt þakin vallendisgróðri. Hugsanlega tengist þetta eldri vegaframkvæmdum í Norðurárdal.

Heimildaskrá:

Hjalti Pálsson (1999). Óútgefið viðtal við Jón Hallsson frá Silfrastöðum.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 68

Sérheiti: Neðri-Vörðustallur

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir að landamerkja varða sé á „[...] Ketilsstaðaheiðarbrún fram undir Kotagili [...]“ (FH, bls. 2).

Lýsing:

Varðan fannst ekki á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Örnefnið bendir til að þarna hafi staðið varða. Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar fyrir Silfrastaði segir: „**Neðri-Vörðustallur** í **Ketilsstaðaheiðarbrún** fram undir Kotagili. **Efri-Vörðustallur**, skammt framan við Garðsgil [...]” (FH, bls. 2).

Heimildaskrá:

Friðrik Hallgrímsson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (ritað upp af Gísla Magnússyni með athugasemdum). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 69

Sérheiti: Efri-Vörðustallur

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir að landamerkja varða sé staðsett „[...] skammt framan við Garðsgil [...]” (FH, bls. 2).

Lýsing:

Varðan fannst ekki á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Örnefnið bendir til að þarna hafi staðið varða. Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar fyrir Silfrastaði segir: „**Neðri-Vörðustallur** í **Ketilsstaðaheiðarbrún** fram undir Kotagili. **Efri-Vörðustallur**, skammt framan við Garðsgil [...]” (FH, bls. 2).

Heimildaskrá:

Friðrik Hallgrímsson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (ritað upp af Gísla Magnússyni með athugasemdum). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 70

Sérheiti: Selgrundir (Heiðarsel?)

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[...] Þegar kemur austur fyrir Giljareit á Öxnadalsheiði taka við grónar skriður og nokkurt sléttlendi og liggur gamli þjóðvegurinn um þessar grundir sem kallast Selgrundir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 418). Samkvæmt Hjalta Pálssyni eru líkur á því að sel frá Silfrastöðum hafi staðið þarna á grundunum, en að það sé nú horfið.

Lýsing:

Þessi staður var ekki skoðaður á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „**Heiðarsel?** Þegar kemur austur fyrir Giljareit á Öxnadalsheiði taka við grónar skriður og nokkurt sléttlendi og liggur gamli þjóðvegurinn um þessar grundir sem kallast Selgrundir. Fyrir ofan heitir Selfjall. Þessi örnefni eru örugg vísbending um sel en engar byggingaminjar eru finnanlegar. Annað tveggja hafa þær horfið undir skriðu en þó er líklegra að vegagerð hafi eytt þeim. Vegagerðarmann sem þar var ungur maður rámar í að þarna hafi tóftir farið undir veginn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 418).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 71

Sérheiti: Hornsporður (Hornsel?)

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir:

„Í norðurhluta Silfrastaðafjalls er langur dalur sem mætir Suðurárdal í Hólahreppi á vatnaskilum. Liggur dalurinn í norð-norðvestur. Heitir vesturhliðin Seljárdalur en austurhliðin Horn. [...] Sporður eða Hornsporður heitir tungan þar sem saman koma Horná og Miðdalsá. [...] Á að giska 400-500 metrum framan við ármótin [...].“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 418).

Lýsing:

Þessar minjar voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í norðurhluta Silfrastaðafjalls er langur dalur sem mætir Suðurárdal í Hólahreppi á vatnaskilum. Liggur dalurinn í norð-norðvestur. Heitir vesturhliðin Seljárdalur en austurhliðin Horn. Menn segja engar seltóftir á Seljárdal en óhugsandi má telja að dalurinn hafi verið kenndur við sel nema þar væru selstöður. Hinum megin árinna, í Horni, hefur byggðasöguritari [Hjalti Pálsson] fundið minjar um tvö sel [sem hann gefur nafnið Hornsel og Háasel] en ekkert er um þau vitað, hvorki nafn né hvaða bæjum tilheyrt hafa. Ekki er loka fyrir það skotið að þau hafi verið fleiri. Geti má sér til að dalurinn hefi til forna allur heitið Seljárdalur en austurvangi dalsins síðan breytt um heiti þar sem hann er jafnframt vesturhlið á fjallinu Horni. / **Hornsel?** Sporður eða Hornsporður heitir tungan þar sem saman koma Horná og Miðdalsá. Neðsti hluti Sporðsins er blásið land og mosagrónir melar. Á að giska 400-500 metrum framan við ármótin er dálítil graslaug eða drag í 370 m hæð, eiginlega ysta graslaut í Sporðinum eftir að hinum mosagrónu melum sleppir. Þar er ótvíræð lítil kofatóft, um það bil meter á breidd að innan og kannski 1,5-2 á lengd (65°29'588/18°52'640). Um það bil 15 metrum til hliðar er komið upp í aðra graslaut og stærri. Þar er sporöskjulagaður þúfnakragi með lægð í miðju, sýnist geta verið húsatóftir en verður ekki fullyrt (65°29'593/18°52'632). Á þriðja stað, 10-15 m framar, má hugsa sér að séu aflangar kvíar eins og grafin niður löng geil (65°29'602/18°52'640). Grjót er í götunni sem fer yfir þessa meintu tóft og gefur til kynna veggjarhleðslu. Vatn er hér að vísu hvergi að ráði en þó lítilfjörlegar vætlur rétt fyrir neðan sem hefur myndað smámýri. Þarna kann að hafa verið sel og mætti kalla það Hornsel.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 418).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 72

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir:

„Í norðurhluta Silfrastaðafjalls er langur dalur sem mætir Suðurárdal í Hólahreppi á vatnaskilum. Liggur dalurinn í norð-norðvestur. Heitir vesturhliðin Seljárdalur en

austurhliðin Horn. [...] Sporður eða Hornsporður heitir tungan þar sem saman koma Horná og Miðdalsá. [...] Í 430 m hæð, rúman kílómetra framan við ármót Hornár og Norðurár, rís upp hár og brattur hóll uppi í hlið Hornsins. Hann er vel gróinn að ofan en gróðurlítill, brattur melur að framan. Á honum eru greinilegar tóftir, fornar. Hefur ljóslega verið sel. [...]“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 418).

Lýsing:

Þessar minjar voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í norðurhluta Silfrastaðafjalls er langur dalur sem mætir Suðurárdal í Hólahreppi á vatnaskilum. Liggur dalurinn í norð-norðvestur. Heitir vesturhliðin Seljárdalur en austurhliðin Horn. Menn segja engar seltóftir á Seljárdal en óhugsandi má telja að dalurinn hafi verið kenndur við sel nema þar væru selstöður. Hinum megin árinna, í Horni, hefur byggðasöguritari [Hjalti Pálsson] fundið minjar um tvö sel [sem hann gefur nafnið Hornsel og Háasel] en ekkert er um þau vitað, hvorki nafn né hvaða bæjum tilheyrt hafa. Ekki er loka fyrir það skotið að þau hafi verið fleiri. Geta má sér til að dalurinn hefi til forna allur heitið Seljárdalur en austurvangi dalsins síðan breytt um heiti þar sem hann er jafnframt vesturhlið á fjallinu Horni. [...] **Háasel?** (65°29'928/18°52'930). Í 430 m hæð, rúman kílómetra framan við ármót Hornár og Norðurár, rís upp hár og brattur hóll uppi í hlið Hornsins. Hann er vel gróinn að ofan en gróðurlítill, brattur melur að framan. Á honum eru greinilegar tóftir, fornar. Hefur ljóslega verið sel. Markar fyrir a.m.k. þremur tóftum. Sú sem fremst stendur fram á hólinn er allt að 12 m löng. Samsíða henni er minni tóft, líklega 6-7 m löng. Kannski mjólkurbúr og íbúðarkofi. Þversum á bakvið er smádæld sem gæti líka hafa verið hús. Lækir falla niður beggja megin við þennan hól. Uppspretta lítil er í lautinni utan við en 60-70 metrum framan við er smálækur. Enginn veit nú nafn þessa sels eða frá hvaða bæ það var en byggðasöguritari leggur til að kalla það Háasel. Héðan sést vel inn eftir öllum Seljárdal og Horni og inn á Suðurárdalshnjúk sem gnæfir upp vinstra megin í botni dalsins.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 418).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Þjóðsagnastaðir



Mynd 29, Skeljungssteinn á Skeljungshöfða. Tvö göt eru í gegnum steininn og segir þjóðsagan að Grímur nokkur hafi borað þau með spjóti sínu og notað til að binda drauginn Skeljung við steininn. Efasemdarnir hefa þó aðra skýringu og telja götin för eftir trjábolli eða greinar sem glóandi hraun hefur umlykið og kolað.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 74

Sérheiti: Skeljungssteinn

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Steinn

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir:

„Nokkuð framan við Grímshól er allhár höfði við Norðurá, **Skeljungshöfði** (öðru nafni **Stekkur** ; þar var stekkur).“ (JLJ, bls. 6).

Lýsing:

Steinninn stendur suðaustarlega á höfðanum, talsvert sokkinn. Tvö göt eru í gegnum steininn

ofanverðan (sjá nánar lýsingu hér að neðan).

Aðrar upplýsingar:

Í Bárðar sögu Snæfellsáss er sagt frá glímukappanum Lágálfi Lítildróttarsyni frá Siglunesi og viðureign hans við sauðamann bóndans Hallbjarnar á Silfrastöðum: „[...] er Skeljungur hét. Hann var hamrammur. Skeljungur féll, og brotnaði fótur hans. Bar Lágálfur hann til bæjar og fór síðan veg sinn [...]“ og Skeljungur þar með úr sögunni. (Íslenzkar fornsögur, bls. 358).

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er saga sem ber nafnið „Saga af Grími Skeljungs bana“ þar segir af bóndasyni á Kotum í Norðurárdal sem Grímur hét. Grímur varð snemma mikill kappi, en ódæll og illa þokkaður af nágrönnum sínum. Hann vinnur að lokum hug nágranna sinna og virðingu þegar hann drepur drauginn Skeljung. Skeljungur hafði í lifanda lífi verið fjármaður á Silfrastöðum, en látist á dularfullan hátt við fjárgæslu um jólaleitið eins og fleiri fjármenn á bænum, hann gekk nú aftur og hrellti heimafólk. Um viðureign þeirra segir: „Um nóttina kom draugurinn inn í skálann [á Silfrastöðum] og þreif til Gríms þar hann lá, hann spratt upp í móti og tókust þeir á, færðu síðan leikinn út og fram með hlíðinni nokkuð frá bænum. Þar á hól einum fékk Grímur yfirunnið drauginn og drap hann, renndi síðan þrjár borur með spjóti því er hafði á stein þann er þar stóð á hólnum og batt þar við skeljung dauðann. (Næsta er hvert hann ekki risti það úr húðarslitri því er þeir höfðu togast á um til að binda hann með.) Að því gjörðu gekk hann heim aftur til bæjarins, tók eld og eldsneyti, sneri so aftur til Skeljungs og brenndi hann þar upp til ösku, þar síðan öskuna fram í Norðurá [...] og mælti svo um að þar í þeim hyl skyldi eigi fiskveiði bregðast sem lengi síðan viðhélzt í hylnum.“ (Ísl. þjóðsögur og ævintýri I, bls. 237). Eftirsagan er að „Grímur sigldi síðan og komst í þrautir miklar utanlands, frelsaði þar eina eða tvær konur úr tröllahöndum og varð frægur af því og öðru.“ (Ísl. þjóðsögur og ævintýri I, bls. 238). Um steinninn sjálfan segir: „Steinninn sá er Skeljungur var við bundinn stendur enn í dag og er með sýnilegum þrem borum, næsta stór jarðfastur blágrýtissteinn, upphár, en eigi mjög þykkur [...]“ (Ísl. þjóðsögur og ævintýri I, bls. 237-238).

Í sömu ritröð er að finna söguna „Silfrastaða-Grímur“, þar segir frá Grími Grímssyni á Silfrastöðum sem ratar í ýmis ævintýri á óþekktu eyju með félaga sínum og alnafna Grími Grímssyni. Í sameiningu fella þeir tröllafjölskyldu á eynni og finna fjársjóð í fylgsni þeirra og verða ríkir af. Silfrastaða-Grímur snýr að lokum aftur heim til Silfrastaða til að hjálpa fjölskyldu sinni. Í þessari sögu er Skeljungur sem áður sagður fjármaður (sauðamaður) á Silfrastöðum, en dauði hans er óútskýrður, en hann gengur nú aftur og drepur féð á bænum. Grímur vakir yfir ánum á kvíunum á Silfrastöðum og hefur yfir sér húð og á sér bönd, sem faðir alnafna hans lét honum í té með áhrínisorðum um að með þeim skildi hann vinna drauginn. „Kemur þá Skeljungur og þrífur til húðarinnar og verða þar sviptingar nokkrar. Stendur þá Grímur upp og færa þeir leikinn að stórum steini sem þar var á kvíabólinu, og fellir Grímur Skeljung um steinninn, tekur síðan böndin og bindur hann við steinninn, fer svo heim og sækir eld til að brenna Skeljung. En á meðan hafði Skeljungur dregið steinninn suður á stekk. Brennir Grímur hann þar og fleygir öskunni í ána. Urðu úr henni þrír svartir silungar. Veiddist einn þeirra löngu seinna og var skorinn í marga smáparta, en partarnir skriðu saman aftur. (Ísl. þjóðsögur og ævintýri III, bls. 23) (Sjá einnig, Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 404).

Í náttúrfræðingnum segir Sigurður Þórarinsson m.a. þetta um Skeljungssteininn: „Þetta er blágrýtissteinn, nokkuð veðraður, líkur pýramída í lögun frá þjóðveginum að sjá og um 1m á hæð. Sé steinninn athugaður nánar sést, að í gegnum hann ofanverðan liggja tvær beinar pípulaga rásir samhliða og með um 25 cm millibili. Er neðri rásin 78 cm löng, 8 cm í þvermál í nyrðri endann en 5 í þann syðri. Efri rásin er næstum 1 m á lengd, og þvermál hennar til endanna 10 og 7 cm. [...] En hvernig eru þá rásirnar gegnum steinninn til orðnar? Þær hafa sína sögu að segja, ekki ómerkari en þjóðsöguna, þótt góð sé. Þessar rásir eru för eftir granna trjáboli eða greinar, sem glóandi þunnfljótandi hraun hefur storknað utan um. Þess var getið af undirrituðum í greinarkorni í Náttúrufræðingnum 1966, að för eftir trjáboli væri að finna í gljúfri Kotár [...] skammt inn af brúnni og beggja megin árinna. Er þessi

trjáför öll í sama hraunlaginu, þétu blágrýtislagi, sem liggur á allþykku setlagi. Er þarna um stóreflistré að ræða, þau stærstu a.m.k. hálfan metra í þvermál, og virðist auðsætt, að um barrtré sé að ræða, sakir þess hve beinstofna þau eru. [...] Um aldur [hraunlagsins] verður að svo stöddu ekki annað sagt, en að það er vart yngra en 5 milljón ára. [...] Við mjög lauslega athugun í ágústlok 1973 sýndist mér sem líklegt væri, að skeljungssteinn væri úr þessu sama blágrýtislagi. Frá Kotagili, sem er um 5 km austar en Skeljungssteinn, hallar blágrýtislögunum upp á við til vesturáttar og í 80-100 m hæð eða svo upp af Skeljungssteini er svipað lag í gilinu, og sýndist mér, af þjóðveginum að sjá, sem þar væru líka trjáför, en þetta þyrfti að kanna nánar. [...] Skeljungssteinn er merkur fyrir fleira en þjóðsögu þá, sem honum er tengd, og vænti ég þess, að hann verði brátt friðlýstur sem náttúruvætti og sömuleiðis Kotagilið.“ (Sigurður Þórarinnsson 1974, bls. 183-185).

Heimildaskrá:

„Bárðarsaga Snæfellsáss“ *Íslenzkar Fornsögur*.

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Jón Árnason (1930). *Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri I*. Leipzig: J. C. Hinrichs.

Jón Árnason (1930). *Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri III*. Leipzig: J. C. Hinrichs.

Sigurður Þórarinnsson (1974). „Skeljungssteinn“, *Náttúrufræðingurinn*. 43. árg. Reykjavík: Hið íslenska náttúrufræðifélag.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 76

Sérheiti: Grímshóll

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir:

Grímshóll heitir hæðin til suðurs frá bænum upp undan Sumarhúsum, og lá gamli þjóðvegurinn um háhólinn, en er nú aðeins neðar. Tvö regluleg klettabönd eru utan og ofan við Grímshólinn, Efri- og Neðri-Vegghamrar.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt þjóðsögunni á Grímur bóndasonur á Silfrastöðum að hafa bundið drauginn Skeljungs við Skeljungsstein á þessum hól, en draugurinn svo dregið steinin suður á höfðann. Eftir það hefur hóllinn gengið undir nafninu Grímshóll og höfðinn kallaður Skeljungshöfði.

Heimildaskrá:

Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 77

Sérheiti: Skessuhellir/Skeljungshellir

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Hellir

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir:

Hellirinn er í hlíðinni framan við Hellisgil og á dysin að vera framan við hellinn.

Lýsing:

Hellirinn var ekki skoðaður á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í ornefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar fyrir Silfrastaði segir: „**Skessuhellir**, líklega sá sami, sem nú er kallaður Skeljungshellir. (Sigurður) sauðamaður á Silfrastöðum [í] Þjóðsögum Jóns Árnasonar, 1. bd., bls. 200-203.” (FH, bls. 2).

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er saga sem ber nafnið „Saga af Grími Skeljungsbana“ segir af bóndasyni á Kotum í Norðurárdal sem Grímur hét. Grímur varð snemma mikill kappi, en ódæll og illa þokkaður af nágrönnum sínum. Hann vinnur að lokum hug nágranna sinna og virðingu þegar hann drepur drauginn Skeljung. Þar segir um Skeljungshellir: „er þar fram frá í fjallshlíðinni hátt uppi undir klettunum einn hellirsskúti hvar Skeljungur hafði sín híbýli og kallast enn í dag Skeljungsskáli.“ (Ísl. þjóðsögur og ævintýri I, bls. 238).

Í sögunni Smalinn á Silfrúnarstöðum sem Einar Ól. Sveinsson tók saman, segir frá smalanum Sigurði sem réðst til Guðmundar bónda á Silfrastöðum, eftir að hann hafði misst fjölda smala á dularfullan hátt um jólaleitið. Sigurður sat yfir ánum á beitarhúsunum. „Beitarhúsin voru inn með fjallinu, á sama stað sem þau enn þá standa [...]“ ((Einar Ól. Sveinsson, 1944, bls. 91.) Um jólin sér Sigurður „flagðkonu koma, heldur ógurlega og ófrýnilega.“ (bls. 92) Skessan vill fá Sigurð með sér, en hann semur við hana og lætur fé í staðinn. Svona gengur þetta þar til þriðju jólin að skessan þrífur Sigurð með „tók hún síðan á rás upp í fjallið og að helli einum uppi í eggjunum [...]“ (bls. 94). En í stað þess að éta smalann gefur hún honum góð ráð og heillagripi til að fanga hylli besta kvonfangs í Skagafirði. Skilyrðin sem skessan setur eru þessi: „[...] þegar þig dreymir mig, skaltu vitja hingað aftur í helli minn, og mun ég þá látin; skaltu þá verpa haug að mér að fornum sið og taka það, sem fémaett er í helli mínum.“ (bls. 94). Sigurður fer að ráðum hennar og fær konunnar „Litlu síðar dreymdi Sigurð flagðkonuna, og þáttist hann þá vita að hún myndir vera dauð.“ (bls. 95) Hann fer að Silfrastöðum ásamt tengdaföður sínum og Guðmundi bónda „[...] upp í fjallið; kemur hann þá að hellismunna einum upp undir fjallseggjum og kvað þeir skyldu óhræddir inn ganga. Sáu þeir þar þá flagðkonuna liggja dauða á gólfinu og var fremur ófrýnileg. Sagði Sigurður þeim þá upp alla söguna og bað þá hjálpa sér að koma flagðinu fyrir. Urðuðu þeir hana í grjótinu fyrir framan hellismunnann og gengu síðan innar í hellinn og fundu þar alls konar muni, fullklyfja tíu hesta, sem Sigurður flutti heima að Silfrúnarstöðum. [...] Á veginum upp með Norðurá er mælt, að bæði megi sjá hellismunnann og grjótdysið fyrir neðan.“ (Einar Ól. Sveinsson, 1944, bls. 96).

Heimildaskrá:

Friðrik Hallgrímsson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (ritað upp af Gísli Magnússyni með athugasemdum). Örnefnastofnun Íslands.

Jón Árnason (1930). *Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri I*. Leipzig: J. C. Hinrichs.

Einar Ól. Sveinsson (1944). *Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri*. Reykjavík: Leiftur.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 78

Hlutverk: Þjóðsagnastaður (dys)

Tegund: Heimild/Þjóðsaga

Staðhættir:

Hellirinn er í hlíðinni framan við Hellisgil og á dysin að vera framan við hellinn.

Lýsing:

Meint dys var ekki skoðuð á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í sögunni Smalinn á Silfrúnarstöðum sem Einar Ól. Sveinsson tók saman, segir frá smalanum Sigurði sem réðst til Guðmundar bónda á Silfrastöðum, eftir að hann hafði misst fjölda smala á dularfullan hátt um jólaleitið. Sigurður sat yfir ánum á beitarhúsinum. „Beitarhúsin voru inn með fjallinu, á sama stað sem þau enn þá standa [...]“ (Einar Ól. Sveinsson, 1944, bls. 91). Um jólna sér Sigurður „flagðkonu koma, heldur ógurlega og ófrýnilega.“ (bls. 92) Skessan vill fá Sigurð með sér, en hann semur við hana og lætur fé í staðinn. Svona gengur þetta þar til þriðju jólin að skessan þrífur Sigurð með „tók hún síðan á rás upp í fjallið og að helli einum uppi í eggjunum [...]“ (bls. 94). En í stað þess að éta smalann gefur hún honum góð ráð og heillagripi til að fanga hylli besta kvonfangs í Skagafirði. Skilyrðin sem skessan setur eru þessi: „[...] þegar þig dreymir mig, skaltu vitja hingað aftur í helli minn, og mun ég þá látin; skaltu þá verpa haug að mér að fornum sið og taka það, sem fémætt er í helli mínum.“ (bls. 94). Sigurður fer að ráðum hennar og fær konunnar „Litlu síðar dreymdi Sigurð flagðkonuna, og þáttist hann þá vita að hún myndir vera dauð.“ (bls. 95) Hann fer að Silfrastöðum ásamt tengdaföður sínum og Guðmundi bónda „[...] upp í fjallið; kemur hann þá að hellismunna einum upp undir fjallseggjum og kvað þeir skyldu óhræddir inn ganga. Sáu þeir þar þá flagðkonuna liggja dauða á gólfinu og var fremur ófrýnileg. Sagði Sigurður þeim þá upp alla söguna og bað þá hjálpa sér að koma flagðinu fyrir. Urðuðu þeir hana í grjótinu fyrir framan hellismunnann og gengu síðan innar í hellinn og fundu þar alls konar muni, fullklyfja tíu hesta, sem Sigurður flutti heima að Silfrúnarstöðum. [...] Á veginum upp með Norðurá er mælt, að bæði megi sjá hellismunnann og grjótdysið fyrir neðan.“ (Einar Ól. Sveinsson, 1944, bls. 96).

Heimildaskrá:

Friðrik Hallgrímsson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (ritað upp af Gísla Magnússyni með athugasemdum). Örnefnastofnun Íslands.

Einar Ól. Sveinsson (1944). *Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri*. Reykjavík: Leiftur.

Silfrastaðir 146332 - 228 – 79

Hlutverk: Þjóðsagnastaður (dys)

Tegund: Heimild/Þjóðsaga

Staðhættir:

Staðhættir eru óljósir en sagt fram í hlíðum Silfrastaðafjalls.

Lýsing:

Meintrar dysjar var ekki sérstaklega leitað á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er saga sem ber nafnið „Saga af Grími Skeljungsþana“ þar segir af bóndasyni á Kotum í Norðurárdal sem Grímur hét. Grímur varð snemma mikill kappi, en ódæll og illa þokkaður af nágrönnum sínum. Hann vinnur að lokum hug nágranna sinna og virðingu þegar hann drepur drauginn Skeljung. Skeljungur hafði í lifanda lífi verið fjármaður á Silfrastöðum, en látist á dularfullan hátt við fjárgæslu um jólaleitið eins og fleiri fjármenn á bænum, hann gekk nú aftur og hrellti heimafolk. Um dauða Skeljungs segir: „Aðfangadagskveldið gekk Skeljungur heiman með illu geði til fjár og kom eigi heim aftur, var hans leitað og fannst hann dauður fram í hlíðinni og var þar dysjaður.“ (Ísl. þjóðsögur og ævintýri I, bls. 237).

Heimildaskrá:

Jón Árnason (1930). *Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri I*. Leipzig: J. C. Hinrichs.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 80

Sérheiti: Bólugil

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Gil

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir:

Milli Bólu og Silfrastaða, stórt og mikilfenglegt gil upp af Hvíteyrum þar sem skilarétt Akrahrepps stendur.

Aðrar upplýsingar:

Sagan af ambáttinni Bólu tengist sögunni af Grími bóndasyni á Silfrastöðum og Skeljungi og virðist hafa spunnist út frá einkennilegri nafngift næsta bæjar utan við Silfrastaði Bólu og gílinu sem skilur bæina Bólugili. „Ambátt var á Silfrastöðum er Bóla hét, flæmsk að ætt og ill í skapi. Féll svo stirt með þeim Skeljungi að hún stökk burtu, lagðist út í gílinu norðan við bæinn og hafði bækistöð undir einum fossinum þar. Rændi hún sauðum úr gæslu Skeljungs og fór svo að lokum að hann gerði henni heimsókn í gilið og gekk af henni dauðri. Heitir gilið síðan Bólugil.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 404).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 81

Sérheiti: Málinn

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Klettur

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Ef fylgt er brúninni frá Bólugili til suðausturs, heitir fyrst Tagl, og neðanvert í því sunnan til eru Taglgeirar. Sunnanvert við Taglið er allhár og langur klettur, sem ber við loft út o gupp undan bænum, sem ber nafnið Máli, og neðan við hann er Málaskið og neðan við hana smáklettabönd.“ (JLJ, bls. 6).

Aðrar upplýsingar:

Í Grímu hinni nýju segir: Silfrúnarstaða- „Málinn“: Bæinn Silfrastaði í Norðurádal í Skagafirði kalla sumir Silfrúnarstaði. Uppi á fjallinu, beint fyrir ofan bæinn, er hnjúkur, sem kallaður er „málinn“. Svo er sagt, að Silfrún sú, sem bærinn er kenndur við, hafi gengið í „málann“ og mælt svo um, að þegar tveir bræður, er báðir hétu Páll, ættu Silfrúnarstaði og byggju þar, en allt fólkið væri í kirkju á hvítasunnudag, skyldi „málinn“ hrynja yfir bæinn og kirkjuna. [Handrit Stefáns Jónssonar á Höskuldsstöðum í Blönduhlíð. Sögn Stefán Eiríkssonar s.st. 1908.] (Gríma I, bls. 22-23)

Heimildaskrá:

Gríma hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenzkra. I. Bindi. Reykjavík: Þjóðsaga, 1964-1965. Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Silfrastaðir 146332 - 228 - 82

Sérheiti: Hvíteyri

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Eyri

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Bóluáreyrar, bæði í Silfrastaða- og Bólulandi. Syðst á þeim stendur Silfrastaðarétt, aðalskilarétt Akrahrepps, nú byggð úr steinsteypu, [...]. Til Suðurs frá réttinni er Hvíteyrin.“ (JLJ, bls. 5).

Aðrar upplýsingar:

Grímu hinni nýju, undir kaflanum náttúrusögur segir frá tilurð örnefnisins Hvíteyri í landi Silfrastaða. En þar segir af Jóni bónda á Silfrastöðum, sem varð fyrir miklum ágangi hvítabjarna einn frostaveturinn. Jón lagði 19 dýr af velli sama veturinn þar til aðeins eitt var eftir, þeirra stærst og illvígast. Jón átti mikinn og fagran graðhest er Brúnn hét sem var bæði skapharður og hrekkjóttur. Jón fer út einn morguninn og sér þá bjarndýrið sem tekur óðara stefnu á hann, „Bóndi hleypur þá til hesthússins, þar sem Brúnn er inni, og opnar hurðina, brýzt þá hesturinn út í skyndingu og er fasmikill; er það jafnsnemma að björninn kemur að húsinu og bóndi skýzt inn í húsið. Brúnn réðst þegar á björninn af mikilli grimmd, og var aðgangur þeirra bæði langur og harður. Færðist leikurinn hægt og hægt út frá bænum og allt út á eyri eina við Bóluá; þar gengust þeir enn á langa stund, mátti lengi vel ekki á milli sjá, hvor sigra mundi, en svo lauk þeirra viðskiptum, að hvítabjörninn féll dauður niður. [...] Komst Brúnn með herkjum heið að húsinu, en þar féll hann dauður niður. [...] Eyrin, þar sem hvítabjörnin lét líf sitt, var kennd við hann og kölluð Hvíteyri; heldur hún því nafni enn í dag, en nú er hún orðin mjög grasi vaxin. (Gríma III, bls. 193)

Heimildaskrá:

Gríma hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenzkra. III. Bindi. Reykjavík: Þjóðsaga, 1964-1965. Jóhann Lárus Jóhannesson. Örnefnaskrá: *Silfrastaðir* (uppkast). Örnefnastofnun Íslands.

Samantekt

Minjar og varðveislugildi

Fornleifar eru metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. Það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár og er þá átt við samspil manngerðra minja og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Ef varðveist hefur heild slíkra minja eykur það varðveislugildi þeirra og segir fyllri sögu um búsetu og lífshætti manna í fortíðinni. Þekking á menningarlandslaginu er því grundvöllur góðrar minjaverndar og skipulags.

Undan farin ár hefur ferðaþjónustugeirinn aukin heldur gert sér grein fyrir þeim verðmætum og tækifærum sem þarna eru falin og leitað leiða til að nýta þau til kynningar á landi og þjóð undir formerkjum menningartengdrar ferðaþjónustu. Hér er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, bygginga- og búshætti. Þessháttar kynning er auk þess að vera áhugaverð erlendum gestum mikilvæg Íslendingum sjálfum, hún styrkir tengsl okkar við fortíð sem eru óðum að rofna og eykur skilning á umhverfi, sögu okkar og menningu.

Fjöldi fornleifa

Heildarfjöldi fornleifa á Silfrastöðum voru 83, þar af voru 21 horfnar eða fundust ekki á vettvangi eða 25 % af skráðum minjum. Átta minjar sem koma fram í heimildum voru ekki kannaðar að þessu sinni, einkum vörður og þjóðsagnastaðir.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Horfnar/Ófundnar	Óskráð á vettvangi	Horfnar % (af skráðum tóftum)
Silfrastaðir	83	21	8	25%

Fornleifar í landi Silfrastaða

Minjarnar heima á Silfrastöðum eru að mestu hefðbundnar búsetuminjar frá 19. og 20. öld. Óvenju mikið er af óhreyfðum torfbyggingum í nágrenni við bæinn. Um helmingur gömlu útihúsanna er uppistandandi og ýmis merki um gamla búskaparhætti enn sýnileg, s.s. eftir mó og torftekju. Þó vantar nokkuð upp á heildarmyndina og munar þar mest um að gamli bærinn og torfkirkjan eru farin og túngarðurinn horfinn undir tún og vegi.

Utan heimatúnsins er að finna fjölda áhugaverðra minja frá ýmsum tímum, s.s.: Ausugerði, 18. aldar kotbýli norður við Bólugil; leifar gamallar skilaréttar ofan við núverandi rétt á Hvíteyri; fornar byggingaleifar á Skeljungshöfða, hugsanlega frá 13. öld eða eldri; leifar enn eldri grjóthlaðinnar skilaréttar í Norðurárdal; Bessakot, mögulegt fornbýli í Norðurárdal; Ketilsstaðir, leifar býlis í Norðurárdal frá 17. öld.

Þessar minjar eru að vísu í ýmsu ástandi og flestar í nokkurri eða mikilli hættu. Öfugt við það sem á við á bæjum þar sem almennur búskapur og skepnuhald er stundað, eru minjar utan túns á Silfrastöðum e.t.v. í meiri hættu en þær sem næst eru bænum. Búið að skipuleggja um 400-500 ha svæði undir skógrækt í hlíðum Silfrastaðafjalls, frá Bólugili fram að Kotagili. Þegar hafa verið settar niður um milljón plöntur á þessu svæði og er fyrirhugað að planta um

þrjúhundruð þúsund til viðbótar. Þar með eru nær allar minjar utan túns á Silfrastöðum í hættu og raunar einnig hluti minjanna ofan (austan) og sunnan við bæinn.

Minjum í landi Silfrastaða stafar fyrst og fremst hættu af skógrækt á jörðinni. Alls eru 28 minjar innan áætlaðra skógræktarsvæða og því í „mikilli hættu“ og auk þess fjórar sem teljast í „nokkurri hættu“ við það slíkra svæða.

Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða henta vel til kynningar

Töluvert er af stöðum tengdum þjóðsögum í landi Silfrastaða, s.s. Grímshóll, sunnan við bæinn; Skeljungssteinninn niður á Skeljungshöfða og Skeljungshellir í fjallinu fyrir ofan; Bólugil; Hvíteyri o.fl. Þetta eru allt staðir sem henta vel til kynningar og hægt er að nota í tengslum við ferðamennsku. Hægt væri að merkja gönguleiðir um slóðir þjóðsögunnar um Grím skeljungsbana og setja upp skilti við Skeljungshöfða með þjóðsögunni og korti af svæðinu. Sömuleiðis væri hægt að setja upp skilti við réttina á Hvíteyri með þjóðsögunni um hvítabjörninn sem þar var felldur og sögunni af ambáttinni Bólu. Merkja gönguleiðir þaðan upp í gilið og að minnisvarðanum í Bólu svo dæmi sé tekið.

Eiginlegar minjar sem hægt væri að kynna almenningi eru e.t.v. ekki margar þótt þær kunni að vera áhugaverðar til rannsókna.

Áhugavert til frekari rannsókna

Ausugerði

Norður við Bólugil eru áhugaverðar leifar kotbýlis. Fróðlegt væri að grafa könnunarskurð í túngarðinn sem umlykur tóftirnar og aldursgreina hann. Upphaf búsetu á staðnum er óþekkt en hann farinn í eyði um 1670. Hugsanlega er hér um mun eldra býli að ræða. Þessar minjar eru í hættu vegna skógræktar.

Skeljungshöfði

Í Sturlungu er talað um Skeljungsskála sem gæti bent til býlis og er líklegast að það sé þar sem nú heitir Skeljungshöfði og gætu einhverjar þeirra tófta sem þar eru sem best verið leifar þess. Könnunarskurður í tóftirnar á höfðanum gætu veitt mikilvægar upplýsingar um hverslags byggingar þar hafa staðið og aldur þeirra.

Bessakot

Byggðamerki eru á Bessakoti (einnig nefnt Sel) tveir fornir túngarðar og fjöldi gamallegra tófta, engar heimildir eru þó um býli né selstöðu á staðnum. Túngarðar hafa alla jafna ekki hafa verið hlaðnir umhverfis bústaði nema þar væri föst búseta. Flest bendir því til að hér sé um fornþýli að ræða. Könnunarskurðir í túngarðana gætu veitt upplýsingar um aldur byggðar á staðnum. Þessar minjar eru í hættu vegna skógræktar.

Ketilsstaðir

Ketilsstaðir hafa því miður orðið fyrir töluverðum skemmdum og er búið að ýta megintóftinni að mestu út vegna lagningu girðingar á vegum verktaka Vegagerðarinnar og þá hefur ábúandi Silfrastaða látið plægja svæðið upp, sumstaðar alveg upp að þeim tóftaleifum sem eftir eru. Heimildir eru um býli á staðnum sem fór í eyði í kringum 1690. Könnun á þeim tóftum sem eftir eru er í raun nauðsynleg áður en þær verða fyrir frekari skemmdum. Þessar minjar eru í mikilli hættu vegna skógræktar og vegagerðar.

Ketilsstaðaheiði

Mögulegar kolagrafir á Ketilsstaðaheiði. Mjög fróðlegt væri að gera könnunarholu á þessum stað og fá úr því skorið hvort um kolagrafir er að ræða. Kolagrafir eru yfirleitt við jaðar skóga og gæti þetta því varpað nýju ljósi á gróðurfar og þróun þess á svæðinu. Ef rétt reynist þá hefur skógarlínan verið með því allra hæsta sem þekkist, nálega 600m hæð yfir sjávarmáli. Aðeins á einum stað á Íslandi kemst birki nálægt því að vaxa í viðlíka hæð og er það einnig í Skagafirði, í Stórahvammi í Austurdal í um 550m hæð, annars vex birki almennt ekki í meira en 400-450m hæð hér á landi.

Niðurlag

Skráning fornleifa er mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar. Það sem helst kann að hafa áhrif á varðveislu þeirra minja sem skráðar voru eru skógrækt. Hyggja þarf að því að gróðursetja ekki í eða við tóftir. Skógrækt og varðveisla fornleifa geta vel farið saman ef lega minja og minjaumhverfið er tekið inn í skipulag skógræktarjarða. *Skráning fornleifa er því mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar.*

Þess ber einnig að geta að minjar geta leynst neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800 - Annales Islandici posteriorum sæculorum. III. Reykjavík : Hið íslenska bókmenntafélag, 1922-1987.

Brynjúlfur Jónsson (1906). „Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905“ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1906. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1907.

Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

DI II - Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. II 1253-1350. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möllers. 1893.

DI III - Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. III 1269-1415. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möllers. 1896.

DI IV - Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. IV 1265-1449. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möllers. 1897.

DI VII - Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. VII 1170-1505. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík: Félagsprentsmiðja. 1903-1907.

Einar Ól. Sveinsson (1944) Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri. Reykjavík : Leiftur.

Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. Lögum nr. 41. 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1932.

Fasteignabók – Löggilt af Stjórnarráði Íslands samkv. Lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík: Prentsmiðjan Acta. 1921.

Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3. 6. jan. 1938. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1942-1944.

Gríma hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenzkra. I. Bindi. Reykjavík: Þjóðsaga, 1964-1965.

Gríma hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenzkra. III. Bindi. Reykjavík: Þjóðsaga, 1964-1965.

Göngur og réttir II. Húna-, Hegranes- og Vaðlaþing. Bókaútgáfan Norðri. Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar hf. 1949.

Íslensk Fornrit I - Íslendingabók Landnámabók. Hið Íslenska Fornritafélag. Reykjavík: Prentstofa G. Benediktssonar. 1986.

Björn M. Ólsen. Íslenskar Fornsögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi. „Bárðarsaga Snæfellsáss“

J.Johnsen (1847) Jarðatal á Íslandi – Með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðarfötum 1835-1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn: S. Trier. Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958. Ásamt skrá yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. III bindi. [Án útgáfust.]: Skagfirsk fræði XI. 1949-1959.

JÁM IX - Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Jón Árnason (1930). Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri III. Leipzig: J. C. Hinrichs.

Jón Árnason (1930). Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri I. Leipzig: J. C. Hinrichs.

Bárðarsaga Snæfellsáss. Skólaútg. Reykjavík: Iðnú, 1999.

Jónas Jónasson (1979). Hofdala-Jónas: sjálfsævisaga, frásöguþættir, bundið mál. Bókaforlag Odds Björnssonar. Akureyri: [prentsmiðja]

Lárus Ág. Gíslason (1982). Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi. Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur hf.

Margeir Jónsson (1921). Torskilin Bæjanöfn í Skagafjarðarsýslu. [útgáfustaður]: Prentsmiðja Odds Björnssonar.

Morgunblaðið fimmtudaginn 12. Janúar 1950, bls. 5.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samín eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1 aprílmánaðar 1861. Gefin út af Jarðabókaútgáfunni. Kaupmannahöfn: J.H. Schulz's prentsmiðja. 1861.

Orri Vésteinsson (2000). Fornleifakönnun - Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Sigurður Þórarinnsson (1974). „Skeljungssteinn“, Náttúrufræðingurinn. 43. árg. Hið íslenska náttúrufræðifélag. Reykjavík: [prentsmiðja].

Stefán Jónsson (1984). Djúpdæla Saga. Sögufélag Skagfirðinga.

Stefán Jónsson. [án titils]. Óbirt handrit: HSk. 386, 4to. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Stefán Jónsson. Silfrastaðir í Blönduhlíð. Óbirt handrit: HSk 387, 4to. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Sturlunga Saga I-IV. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan. 1908-15.

Túnakort: *Silfrastaðir*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vinnublað fyrir skoðun jarða vegna fasteignamats frá 12.5.1966. Akrahreppur II – No. 5706.

Örnefnaskrá Jóhanns L. Jóhannessonar. Silfrastaðir. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar (ritað upp af Gísla Magnússyni með athugasemdum). Örnefnastofnun Íslands.

Netheimildir

Gísli Gunnarsson. „Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?“. Vísindavefurinn 2.4.2002. <http://visindavefur.is/?id=2256> (Skoðað 28.10.2007).

Heimasíða Minjasafns Reykjavíkur <http://www.arbajarsafn.is/desktopdefault.aspx/tabid-1789/> (skoðað 12. Október 2007).

Heimasíða Minjasafns Reykjavíkur, Árbæjarsafn <http://www.arbajarsafn.is/desktopdefault.aspx/tabid-1789/> (skoðað 12. Október 2007).

Hörður Kristinsson. Flóra Íslands. Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands. <http://www.floraislands.is/betupub.htm/> (skoðað 7.okt. 2007).

Vefur Fasteignamats Ríkisins www.fmr.is (skoðað 24.október 2007).

Óútgefnar heimildir

Hjalti Pálsson óútgefin vinnugögn fyrir Byggðasögu Skagafjarðar.

Hjalti Pálsson (2006). *Jón Hallsson í nóvember 2006, 98 ára*. Óútgefið: Viðtal.

Hjalti Pálsson. (1999). *Jón Hallsson frá Silfrastöðum sumarið 1999.*? Óútgefið: Viðtal.

Heimildamenn

Jón Hallsson fæddur 1908, fyrrverandi ábúandi á Silfrastöðum.

Jóhannes Jóhannsson, núverandi ábúandi á Silfrastöðum.

Skrá yfir myndir

Mynd 1, gamli bærinn og kirkjan á Silfrastöðum, á fyrri hluta 20. aldar.	17
Mynd 2, í kirkjugarðinum á Silfrastöðum.....	19
Mynd 3, kirkjugarðshliðið og kirkjan á Silfrastöðum.	22
Mynd 4, Grundarhús	26
Mynd 5, rústir Kálfakofa.....	28
Mynd 6, rústir Hólhúsa.....	29
Mynd 7, Hólhús.....	29
Mynd 8, Hólhús.....	30
Mynd 9, hesthús	32
Mynd 10, Járhryggshús	33
Mynd 11, Gerðishús	34
Mynd 12, mókofi norður af Torfnefi.....	38
Mynd 13, réttarkofinn á Hvíteyri	42
Mynd 14, eldri rétt á Hvíteyri.....	42
Mynd 15, bæjarstæði Ausugerðis.....	45
Mynd 16, túngarðurinn á Ausugerði	46
Mynd 17, óþekkt tóft 30m suðaustur af Ausugerði.....	47
Mynd 18, tóftir á Skeljungshöfða.....	48
Mynd 19, beitarhús á Bessakoti	58
Mynd 20, mannvirkjaleifar innan garðs á Bessakoti.....	62
Mynd 21, rústir beitarhúsanna á Bessakoti	63
Mynd 22, tóftir á Bessakoti.	64
Mynd 23, beitarhús á Gvendarnesi.....	67
Mynd 24, heytóftar upp af Syðra Gvendargili í Norðurárdal.....	69
Mynd 25, óþekktir niðurgreftir á Ketilsstaðaheiði, hugsanlega leifar kolagrafa	70
Mynd 26, Ketilsstaðagrundir	71
Mynd 27, Ketilsstaðagrundir.....	73
Mynd 28, tóft í Norðurárdal	74
Mynd 29, Skeljungssteinn á Skeljungshöfða	78

Skrá yfir loftmyndir

Loftmynd 1, heimatúnið á Silfrastöðum	31
Loftmynd 2, Gerðishús, Broddahús, Mógrafir, Torfnef, torf- og móburrkunarstaður.....	37
Loftmynd 3, Silfrastaðarétt eldri á Hvíteyri	44
Loftmynd 4, Silfrastaðarétt „Gamlarétt” í Norðurárdal	53
Loftmynd 6, Gvendarnes.....	66

Fylgiskjöl

Silfrastaðir 146332 - 228

Nr.	fornleifa		Hlutverk	Tegund	Sérheiti	Hættumat	Hættuorsök	Tímabil	Austun	Norðun	bls.
146332	228	1	Bær	Bæjarhóll	Silfrastaðir	Nokkur hætta	Ábúð*	(9.)-20.öld**	491669	549166	18
146332	228	2	Kirkja	Heimild***	Silfrastaðakirkja	Mikil hætta	Greftrun	12.-19. öld	491644	549189	20
146332	228	3	kirkjugarður	kirkjugarður		Mikil hætta	Greftrun	(12.)-21. öld	491649	549182	22
146332	228	4	Kirkja	Timburhús	Silfrastaðakirkja	Engin hætta		19.-21.öld	491676	549150	22
146332	228	5	Smiðja/hænsnahús	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	491686	549148	23
146332	228	6	Fjós/hlaða	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld			24
146332	228	7	Kofi/Brunnur	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld			25
146332	228	8	Brunnur	Heimild		Mikil hætta	Skógrækt****	19.-20. öld	491733	549173	25
146332	228	9	Fjánhús	Heimild	Grundarhús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	491715	549266	26
146332	228	10	Fjánhús/hlaða	Heimild	Grundarhús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	491715	549266	26
146332	228	11	Kvíar	Heimild		Mikil hætta	Skógrækt	19.-20. öld	491832	549187	27
146332	228	12	Kálfahús/hesthús	Tóft	Kálfakofi	Mikil hætta	Skógrækt	19.-20. öld	491764	549259	28
146332	228	13	fjánhús	Tóft	Hólhús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	491615	549273	29
146332	228	14	Hrútakofi	Tóft	Hólhús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	491604	549282	30
146332	228	15	Hesthús	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	491572	549148	32
146332	228	16	Óþekkt	Heimild	Skollatóft	Lítill hætta	Ábúð	?	491533	548965	33
146332	228	17	fjánhús	Heimild	Járnhyggshús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	491400	549037	33
146332	228	18	fjánhús/hlaða	Tóftir	Gerðishús	Mikil hætta	Skógrækt	19.-20. öld	491943	548876	34
146332	228	19	Rétt	Heimild		Mikil hætta	Skógrækt	19.-20. öld			35
146332	228	20	Túngarður	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	?			35
146332	228	21	Matjurtagarður	Torfhleðsla		Mikil hætta	Skógrækt	19.-20. öld	491744	548954	41
146332	228	22	Sundlaug	Heimild							42
146332	228	23	Vatnsból	Lækur	Bæjarlækur	Engin hætta		?-20. öld	491586	549180	32
146332	228	24	Torfburkrun	Heimild	Torfnef	Engin hætta		19.-20. öld	492093	548597	37
146332	228	25	Torfrista	Niðurgröftur		Engin hætta		19.-20. öld	492052	548661	38
146332	228	26	Torfburkrun	Heimild	Brunnmelur	Engin hætta		19.-20. öld	491367	549368	39
146332	228	27	Torfrista	Heimild		Engin hætta		19.-20. öld			40
146332	228	28	Vatnsból	Uppspretta	Brunnmelur	Engin hætta		19.-20. öld	491368	549369	40
146332	228	29	Heimreið	Heimild		Engin hætta		19.-20. öld	491628	549179	40
146332	228	30	Leið	Heimild				19.-20. öld			41
146332	228	31	Rétt	Torfhleðsla		Mikil hætta	v. núv. réttar	20. öld	490653	549763	42
146332	228	32	Bær	Tóftir	Ausugerði	Mikil hætta	Skógrækt	?-17. öld	491173	549965	45
146332	228	33	Túngarður	Torfhleðsla	Ausugerði	Mikil hætta	Skógrækt	?-17. öld	491204	549937	46
146332	228	34	Óþekkt	Tóft	Ausugerði	Mikil hætta	Skógrækt	?-17. öld	491165	549933	46
146332	228	35	Óþekkt	Tóft	Ausugerði	Mikil hætta	Skógrækt	?-17. öld	491221	549965	47

Silfrastaðir 146332 - 228

146332	228	36	Stekkur/beitarhús	Tóft	Skeljungshöfði/stekkur	Engin hætta		19.-20. öld	492749	548310	49
146332	228	37	Óþekkt	Tóft	Skeljungshöfði	Engin hætta		?(14.-17. öld)	492761	548312	50
146332	228	38	Óþekkt/Bær	Heimild	Skeljungsskáli	Engin hætta		12. öld			48
146332	228	39	Óþekkt	Tóft	Skeljungshöfði	Engin hætta		? (12. öld)	492768	548314	50
146332	228	40	Óþekkt	Hleðsla	Skeljungshöfði	Engin hætta		? (12. öld)	492773	548318	51
146332	228	41	Óþekkt	Tóft	Skeljungshöfði	Engin hætta		? (12. öld)	492747	548325	51
146332	228	42	Óþekkt	Niðurgröftur/Tóft	Skeljungshöfði	Engin hætta		19.-20. öld	492729	548357	52
146332	228	43	Óþekkt	Niðurgreftir	Skeljungshöfði	Engin hætta		19.-20. öld	492735	548349	53
146332	228	44	Beitarhús	Tóftir	Bessakot/Sel	Mikil hætta	Skógrækt	18.-20. öld	495123	547786	58
146332	228	45	Túngarður	Torfhleðsla	Bessakot	Mikil hætta	Skógrækt	?-16.öld	495078	547757	60
146332	228	46	Túngarður	Torfhleðsla	Bessakot	Mikil hætta	Skógrækt	?-16.öld	495065	547757	60
146332	228	47	Túngarður	Torfhleðsla	Bessakot	Mikil hætta	Skógrækt	?-16.öld	495187	547751	61
146332	228	48	Óþekkt	Torfhleðsla	Bessakot/Sel	Mikil hætta	Skógrækt	?-20.öld	495173	547750	62
146332	228	49	Óþekkt	Tóft	Bessakot/Sel	Mikil hætta	Skógrækt	?-20.öld	495140	547778	63
146332	228	50	Óþekkt	Tóft	Bessakot/Sel	Mikil hætta	Skógrækt	?-20.öld	495166	547780	64
146332	228	51	Óþekkt	Tóft	Bessakot/Sel	Mikil hætta	Skógrækt	?-20.öld	495105	547782	65
146332	228	52	Óþekkt	Niðurgröftur	Bessakot/Sel	Mikil hætta	Skógrækt	20.öld	495132	547753	65
146332	228	53	Rétt	Grjóthleðsla	Gamlarétt	Nokkur hætta	Skógrækt	19.-20. öld	494757	547805	54
146332	228	54	Beitarhús	Tóft	Gvendarnes	Mikil hætta	Skógrækt	19.öld	497051	547762	67
146332	228	55	Óþekkt	Tóft	Gvendarnes	Mikil hætta	Skógrækt	19.öld	497055	547766	68
146332	228	56	Óþekkt	Niðurgröftur	Gvendarnes	Mikil hætta	Skógrækt	20.öld	497076	547737	68
146332	228	57	Heytóft	Garðlag		Mikil hætta	Skógrækt	19.-20. öld	497268	548926	69
146332	228	58	Óþekkt/kolagröf	Niðurgröftur		Nokkur hætta	Skógrækt	?	496768	548946	70
146332	228	59	Óþekkt/bær	Tóft/Tóftalægð	Ketilsstaðir	Mikil hætta	Skógrækt/vegagerð	?-17. öld	498019	548575	71
146332	228	60	Óþekkt/fjárhús	Tóft	Ketilsstaðir	Mikil hætta	Skógrækt/vegagerð	?-17. öld	498072	548569	73
146332	228	61	Óþekkt	Tóft	Ketilsstaðir	Mikil hætta	Skógrækt/vegagerð	?-17. öld	498154	548627	74
146332	228	62	Óþekkt	Tóft	Ketilsstaðir	Mikil hætta	Skógrækt/vegagerð	?-17. öld	497692	548277	75
146332	228	63	Sumarhús	Heimild	Broddahús	Engin hætta		20. öld	492101	548799	35
146332	228	64	Óþekkt	Tóft		Nokkur hætta	Skógrækt	19.-20. öld	492032	548660	39
146332	228	65	Óþekkt	Heimild		Lítill hætta	Ábúð		491688	549190	24
146332	228	66	Óþekkt/hestarétt	Grjóthleðsla		Mikil hætta	Greftrun		491654	549174	23
146332	228	67	Óþekkt	Heimild					498113	548596	74
146332	228	68	Varða	Heimild	Neðri-Vörðustallur						75
146332	228	69	Varða	Heimild	Efri-Vörðustallur						76
146332	228	70	Sel	Heimild	Selgrundir (Heiðarsel?)						76
146332	228	71	Sel	Heimild	Hornsporður (Hornsel?)						77

Silfrastaðir 146332 - 228

146332	228	72	Sel	Heimild							77
146332	228	73	Bær	Heimild	Bessakot	Mikil hætta	Skógrækt	?-16.öld			57
146332	228	74	Þjóðsagnastaður	Steinn	Skeljungssteinn	Engin hætta					78
146332	228	75	Sel	Heimild	Bessakot/Sel	Mikil hætta	Skógrækt	?-16.öld			59
146332	228	76	Þjóðsagnastaður	Hóll	Grímshóll	Engin hætta					80
146332	228	77	Þjóðsagnastaður	Hellir	Skessuhellir/Skeljungshellir	Engin hætta					80
146332	228	78	Þjóðsagnastaður	Heimild (dys)							81
146332	228	79	Þjóðsagnastaður	Heimild (dys)							82
146332	228	80	Þjóðsagnastaður	Gil	Bólugil	Engin hætta					83
146332	228	81	Þjóðsagnastaður	Klettur	Málinn	Engin hætta					83
146332	228	82	Þjóðsagnastaður	Eyri	Hvíteyri	Engin hætta					83

* Ábúð sem skilgreining á hættuorsök nær yfir allar mögulegar framkvæmdir tengdri ábúð á jörðinni, s.s. byggingaframkvæmdir, jarðvinnslu og almenna landnýtingu.

** Þar sem svigi er utan um ártöl er um að ræða áætlaðan aldur án öruggra heimilda. Þá eru skyggðir reytirnir utan um minjar sem eru eldri en frá 19. öld og ljósskyggðir reitir utan um minjar sem grunur leikur á að séu eldri en frá 19. öld án þess að öryggar heimildir séu fyrir því.

*** Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi. Þar með verður að setja ákveðinn fyrirvara á nákvæmni staðsetningarhnita í þeim tilfellum.

**** Allar minjar sem lenda inná merktu skógræktarsvæði eru sjálfkrafa í mikilli hættu. Í þeim tilfellum sem ekki er ljóst hvort minjarnar séu á skógræktarsvæði en þær eru í grennd við það, er gengið út frá því að þær séu í nokkurri hættu. Augljóslega verða breytingar á þessu hættumati ef breytingar verða á skipulögðu svæði til skógræktar á landareigninni.

Engin hætta: Engar þekktar minjar geta orðið fyrir skemmdum

Lítill hætta: Engin fyrirsjánleg hætta steðjar að þekktum minjum á staðnum.

Nokkur hætta: Líkur eru á að þekktar minjar verði fyrir skemmdum.

Mikil hætta: Fyrirsjáanlegt að minjar verði fyrir skemmdum eða eyðileggingu ef ekkert er aðhafst.

Þar sem hættumatsreiturinn er auður er staðsetning minjanna óljós eða of ónákvæm til að hægt sé að meta hættuna.

Skilgreiningin "þekktar minjar" nær jafnt yfir minjar sem sýnilegar eru á yfirborði og minjar sem leynst geta undir sverði en heimildir eru um á staðnum.

Þar sem hættumatsreiturinn er auður er staðsetning minjanna óljós eða of ónákvæm til að hægt sé að meta hættuna.



Byggðasafn Skagfirðinga
2008